

**SKOÐUN** Jakob Frímann skrifar um hvítþvott skóskúrka og höfundarrétt. 24



**MENNING** Evrópskar kvikmyndir á Stockfish-hátíðinni sem hefst í dag. 32



**LÍFIÐ** Kaleo er á leið í tónleikaferð um Bandaríkin með Vance Joy. 50



**SPORT** Blikar hjálpa fyrrverandi liðsmanni að borga háan tannlæknareikning. 46




Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

með Android

PHILIPS

Heimilistæki ht.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

19. febrúar 2015

42. tölublað 15. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



### Mesti sandstormurinn

Eftir Eyjafjallajökulsgosið mældu vísindamenn mestu efnisflutninga sem sögur fara af. Landrof var gríðarlegt og milljónir tonna af jarðvegi hurfu á haf út. 4

**Rýmri reglur** Rýmri reglur eru um staðgöngumæðrun í nýju frumvarpi sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni en um ættleiðingar. 2

**Milljón í yfirdrátt** Landsmenn skulda 86 milljarða í yfirdráttarlán. Umboðsmaður skuldara segir dýrt að vera með yfirdráttarheimild. 6

**Táningar reyna á foreldrana** Táningsaldurinn er erfiðari fyrir foreldrana en börnin, segir sérfræðingur. 16




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -4° | NA | 17 |
| Akureyri | -1° | NA | 11 |
| Egilsstaðir | 0° | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | N | 5 |
| Reykjavík | 1° | NA | 14 |

**KÓLNAR** Í dag verða norðaustan 10-18 m/s hvassast NV-til í fyrstu en A-til síðdegis. Snjókoma eða él N-lands og syðra. Kólnandi veður. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Höfuðsafn á leið á götuna

Leigusamningi Náttúruminjasafnsins hefur verið sagt upp. Algjör óvissa er um öll húsnæðismál þess, en sýningarrými hefur ekkert verið um árabil. Grunnsýning í Perlunni stendur og fellur með ákvörðun ráðherra.

**MENNING** „Með þessu get ég ekki betur séð en staða Náttúruminjasafns Íslands sé verri í dag en hún hefur nokkru sinni verið,“ segir Hilmar J. Malmquist forstöðumaður um húsnæðismál safnsins en húsaleigusamningi við safnið í Loftskeytastöðinni var sagt upp frá og með 1. febrúar síðastliðnum.

Forsætisráðuneytið sendi frá sér fréttatilkynningu í gær um að forsætisráðherra, rektor HÍ, og þjóðminjavörður hefðu undirritað á þriðjudag samning um að Þjóðminjasafn Íslands afhenti Háskóla Íslands gömlu Loftskeytastöðina við Brynjólfsgötu 5 til afnota, þar sem Náttúruminjasafnið hefur skrifstofuaðstöðu, en stofnunin sinnir ekki sýningarhaldi á eigin vegum þrátt fyrir að vera eitt þriggja höfuðsafna Íslands.

Þar segir að við undirritun samningsins taki HÍ við ábyrgð hússins, viðhaldi og viðgerðum „auk þess að velja húsinu viðeigandi hlutverk sem hæfir sögu þess og byggingarsögulegu gildi, s.s. á sviði skipulags-, umhverfis- og menningarfræða og tæknigreina“. Taki Háskólinn strax yfir allt húsið verður Náttúruminjasafnið að vera komið úr Loftskeytastöðinni með allt sitt hafurtask fyrir lok júlí.

Hilmar kom að máli við forsvarsmenn háskólans þar sem fram kom að safninu yrði ekki ýtt út fyrr en búið væri að finna lausn á húsnæðisvanda þess, en Hilmar segir að eftir sem áður séu öll mál er varða safnið í fullkominni óvissu.

Þessar ákvarðanir koma sér illa fyrir safnið og setja starfsemina og það uppbyggingarstarf sem átt hefur sér stað á undanförnu rúmu ári í uppnám. Í húfi er m.a. rannsóknarsamstarf við háskólastofnanir, segir Hilmar og bætir við að ekkert samráð hafi verið haft við hann þótt áhugi á áframhaldandi veru í húsinu hafi verið ráðamönnum kunnur.

Spurður um framtíð safnsins segir Hilmar að mikill áhugi sé fyrir sýningarhaldi í Perlunni, en Reykjavíkurborg hefur lýst yfir vilja sínum til þess og fjárfestir er tilbúinn að koma að uppbyggingu.

„Málið er til skoðunar í menntamálaráðuneytinu en við væntum þess að staðan þar skýrist fljótlega. Það hefur ekki horft vel með sýningarhald fyrir þessa stofnun, og meira að segja óvissa núna um skrifstofuhaldið. Þjóðin á miklu betra skilið en þessa bágbornu stöðu. Við erum að tala um höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum,“ segir Hilmar en hrakningasaga Náttúruminjasafnsins í húsnæðismálum teygir sig nú 126 ár aftur í tímann. - shá

### GRUNNSÝNINGU NÍ ÁTTI AÐ OPNA Í FYRRA

**Grunnsýningu Náttúruminjasafnsins átti að opna í Perlunni haustið 2014, samkvæmt samningi sem var undirritaður 13. mars 2013 af ríki og borg.**

- Uppbygging sýningarinnar var liður í fjárfestingaráætlun ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur; 500 milljónum átti að verja til hönnunar og uppsetningar í Perlunni.
- Þessum áformum var ætlað að auka vitund landsmanna um náttúru Íslands, efla náttúrufræðikennslu á öllum skólastigum og veita aðgang að fræðsluefni fjölda stofnana. Eins var vægi slíkrar sýningar talið mikið í ferðaþjónustu.



**SPRETTUR** Áhugamannamót í fimmgangi fór fram í gær í Sprettshöllinni á vegum hestamannafélagsins Spretts. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bæjarfulltrúar ekki sáttir:

## Skoðaði gögn um símtölin

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjóri Hafnarfjarðar viðurkenndi í tölvupósti að hafa skoðað símtalagögn bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúar minnihlutans í Hafnarfirði segja skýringar bæjaryfirvalda ekki duga til þess að þeir kalli aftur kvörtun til Persónuverndar vegna skoðunar á símanotkun þeirra. Í tölvupósti sem Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri sendi þremur bæjarfulltrúum í gær og las upp á bæjarstjórnarfundi í gær, kemur fram að í tvígang hafi verið reynt að finna út hver rætt hefði við tiltekinn bæjarstarfsmann í síma.

Þá hafi Vodafone verið beðið að skoða hvort hringt hefði verið í ákveðið númer milli klukkan 10 og 16 þann 14. nóvember 2014 úr einhverjum síma sem Hafnarfjarðarbær greiddi fyrir.

- gar / sjá síðu 8






Að gata á sér geirvörturnar er í tísku meðal unglingsstúlkna og ungra kvenna:

## Stúlkubörn láta gata geirvörtur

**SAMFÉLAG** Mikil aukning hefur orðið á því að stúlkur og ungar konur láti gata á sér geirvörturnar. Eigendur stofa sem bjóða upp á slíka götun segjast finna fyrir mikilli aukningu. Hin 28 ára Snædís Snorradóttir lét gata á sér geirvörturnar fyrir þrettán árum og segist sjá eftir því. Hún varar ungar stúlkur við því að fara í slíka aðgerð. „Ég hugsaði þetta ekki til enda og var ómeðvituð um mögulegar afleiðingar á brjóstagjöf.“

Seselia Guðrún Sigurðardóttir, eigandi Tattoo og skart á Hverfisgötu, segir vinsælt að vinkonuhópar komi og láti gata á sér geirvörturnar. „Við þekkjum dæmi þess að heilu vinkvennahóparnir eru gataðir og partur af innvígsluferlinu er einmitt að láta gata geirvörtu,“ útskýrir hún. Hún segir að stúlkur niður í fjórtán ára komi á stofuna til þess að láta gata á sér geirvörturnar, en krafist er fylgdar foreldra ef stúlkurnar eru undir lögaldri.

„Undanfarið ár hefur aðsóknin aukist um 100% og aldur þeirra sem óska eftir þjónustunni verður sífellt lægri.“ Hún segir jafnframt að konur sem taki þátt í fitness-keppnum séu stór hópur viðskiptavina sinna og telur vinsældir götunar á geirvörtum tengjast auknum vinsældum fitness-keppna hér á landi. Brjóstagjafarráðgjafi og ljósmóðir sem Fréttablaðið ræddi við segist ekki mæla með því að ungar stúlkur láti gata á sér geirvörturnar.

- ga / sjá síðu 50



> **Undanfarið ár hefur aðsóknin aukist um 100% og aldur þeirra sem óska eftir þjónustunni verður sífellt lægri.**
>
> *Seselia Guðrún Sigurðardóttir, eigandi Tattoo og skart á Hverfisgötu*


OPIÐ TIL 22

NÝTT KORTATÍMABIL

KÓSÍ KVÖLD

KYNNTU ÞÉR FRÁBÆR TILBOÐ Á OPNU INNI Í BLAÐINU

Kringlan

## SPURNING DAGSINS



Ármann, ætlar þú á goslokahátíð?

**Það klikkar ekki, ég er alltaf í Eyjum á réttum tíma.**

Of algengt að fólk leiti á Barnaspítalann með minniháttar vandamál:

# Annríki á Barnaspítalanum

**HEILBRIGÐISMÁL** Mikið annríki hefur verið á bráðamóttöku Barnaspítala Hringsins að undanförnu vegna umgangspesta og annarra veikinda barna. „Inflúensan er á fullu í samfélaginu. RS-veiran og önnur veikindi hrjá einnig börnin,“ segir Ragnar Bjarnason, yfirlæknir barnalækninga á Barnaspítalanum.



RAGNAR BJARNASON

Að meðaltali eru komur á barnaspítalann um 50 á dag að vetrarlagi en á mánudaginn voru komurnar 67, að því er Ragnar greinir frá. „Þetta var mjög annasamur dagur og biðtíminn verður óhjákvæmilega langur þegar við erum að forgangsraða veikum börnum. En börnin sem komið er með eru ekki öll mikið veik. Það væri gott að fólk leitaði annað með minniháttar vandamál, eins og til dæmis eyrnabólgu. Það er hægt að leita á heilsugæsluna, læknavaktina og barnalæknaþjónustuna. Bráðamóttakan hér er í raun tilvísunarmóttaka en það er langt frá því að allir komi með tilvísun. Það er of algengt að fólk komi hingað með minniháttar vandamál án þess að hafa leitað annarra úrræða áður.“

Ragnar segir deildina stútfulla auk þess sem börn séu á gjörgæslu. Álagið sé þess vegna mjög mikið. - ibs

Rangar ákvarðanir teknar:

# Segir tilefni til rannsóknar

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ítrekaði að rannsaka þyrfti endurreisn bankakerfisins á Alþingi í gær. Tilefnið var skýrsla Brynjars Níelssonar um ásakanir Víglundar Þorsteinssonar um að ekki hafi verið farið að lögum við endurreisn bankakerfisins 2008. „Ég er sammála því [...] að tilefni sé til að kanna þessi mál áfram. Tilefni sé til að rannsaka þau. Á nákvæmlega sama hátt og ég hef áður lýst því að tilefni væri til slíks,“ sagði Sigmundur. - srs



**FJÖR** Íbúar á Hrafnistu skemmtu sér vel á öskudeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

DAS-hljómsveitin hélt uppi fjörinu á Hrafnistu í Reykjavík:

# Dansinn stiginn á öskudagsballi

**FÓLK Það var heldur betur fjör á Hrafnistu í Reykjavík í gær þar sem DAS-hljómsveitin lék fyrir dansi á öskudagsballi. Um margra ára hefð er að ræða og mæta margir íbúar Hrafnistu með höfuðföt á ballið en færst hefur í vöxt að starfsfólkið klæði sig í búninga.**

**DAS-bandið fagnar fimmtán ára starfsafmæli í ár en forsprakki þess er Böðvar Guðmundsson. Hann skipaði bandið ásamt Kristjáni Þorkelssyni í upphafi þar sem Böðvar lék á harmonikku og Kristján sló taktinn á trommusett. Síðan hafa bæst við bandið bæði heimilismenn og gamlir kunningjar Böðvars sem áður voru í hljómsveitum. Heimilismenn skemmtu sér vel og stigu dans við dillandi tóna DAS-bandsins.** - bo/vh

# Rýmri reglur um staðgöngumæðrun

Rýmri reglur eru um staðgöngumæðrun í nýju frumvarpi sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni en um ættleiðingar. Fólk sem vill ættleiða þarf að hafa verið í sambúð í fimm ár, en þrjú ár ef um staðgöngumæðrun er að ræða.

**STJÓRNMÁL** Reglur um yfirfærslu foreldraréttar hvað varðar staðgöngumæðrun eru mun rýmri en reglur um ættleiðingu í nýju frumvarpi um staðgöngumæðrun. Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu, veltir því fyrir sér hvers vegna svo sé og segir suma hafa velt því upp hvort ekki ætti frekar að gera ættleiðingu auðveldari fremur en að heimila staðgöngumæðrun. Enda sé sú leið umdeild og flókin í framkvæmd.

„Samkvæmt lögum um ættleiðingar eru gerðar kröfur um að fólk sem vill ættleiða séu hjón eða hafi verði í skráðri sambúð í a.m.k. fimm ár. Einhleypum er heimilað að ættleiða ef sérstaklega stendur á og það er ótvírætt barninu til hagsbóta.

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir að hjón eða einstaklingar í sambúð sem hafi varað a.m.k. þrjú ár geti nýtt þennan möguleika, að freista þess að eignast barn fyrir milligöngu staðgöngumóður. Einhleypir geta farið þessa leið, standi sérstaklega á og „ótvírætt þykir að hagsmunir barns verði tryggðir og að uppfylltum öðrum skilyrðum laga þessara“, eins og segir í 9. gr. frumvarpsdraganna.

Ingibjörg tekur fram að hún hafi aðeins skoðað drög að frumvarpi til laga sem heimilar staðgöngumæðrun og ekki kynnt sér þá greinargerð sem mun fylgja með frumvarpinu þegar það verður lagt fram.

„Ferlið er auðvitað ekki það sama. Þegar um staðgöngumæðrun er að ræða fylgja væntanlegir foreldrar meðgöngunni frá byrjun og mynda hugsanlega/líklega strax sterk tengsl en oftast þegar um ættleiðingu er að ræða þá er barnið fætt þegar ættleiðingarferlið byrjar og kannski getur verið flóknara og erfiðara að mynda tengslin og því hugsanlega þess vegna sem krafa er gerð um lengri sambúð ættleiðingarforeldranna. Hvort þetta er einhver skýring get ég auðvitað ekki fullyrt. Sumir hafa velt því upp hvort jafnvel ætti ekki frekar að gera ættleiðingu auðveldari, væntanlega þá rýmka skilyrðin, fremur en að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni því sú leið sé enn umdeild og flókin í framkvæmd. Erfitt sé að setja reglur um öll þau álitamál sem staðgöngumæðrun varða.“

Jafnréttisstofa hefur samið umsögn um frumvarpsdrögin. Þar segir að Jafnréttisstofa sé ekki að svo stöddu viss um að almenn samfélagsleg sátt sé um að lögfesta þetta úrræði við barnleysi. Gerðar eru athugasemdir við fjölda atriða, um fjárhagsstöðu staðgöngumæðra, ráðgjöf og réttaráhrif samþykkis og viljayfirlýsingu, börn sem fæðast erlendis og hvernig mögulegt sé að banna að hafa milligöngu um staðgöngumæðrun.



**MARGT ÓLJÓST** Jafnréttisstofa gerir athugasemdir við drög að nýju frumvarpi um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni og er ekki viss um að almenn samfélagsleg sátt sé um að lögfesta þetta úrræði við barnleysi. MYND/EPA

> **Sumir hafa velt því upp hvort jafnvel ætti ekki frekar að gera ættleiðingu auðveldari fremur en að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.**
>
> *Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu.*

kristjanabjorg@frettabladid.is

Vilja að ráðherra synji:

# Meirihlutinn fordæmdur

**SKIPULAGSMÁL** Stjórn Varðar – fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík sendi frá sér ályktun í gær þar sem ákvörðun meirihlutans um að staðfesta uppbyggingu íbúðarlóða á Hlíðarendasvæðinu er fordæmd.

Stjórn Varðar bendir á að með samþykktinni hafi meirihlutinn rofið þá sátt sem felst í starfsemi Rögnunefndarinnar svokölluðu sem ætlað er að finna lausn á staðsetningu Reykjavíkurflugvallar.

Stjórn Varðar skorar því á innanríkisráðherra að hafna deiliskipulaginu þar sem það bíður enn samþykktar í ráðuneytinu. - srs

Samkomulag næst ekki:

# Ekkert fiskveiðifrumvarp

**STJÓRNMÁL** Sjávarútvegsráðherra mun ekki leggja fram frumvarp um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu á þessu þingi. Í samtali við fréttastofu RÚV sem greindi frá málinu í gær segir Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra það miður.

Ekki hefur enn náðst samkomulag milli stjórnarflokkanna um málið en Sigurður Ingi segir alla sammála um að þjóðin eigi auðlindina, ágreiningurinn snúist um hver fari með forræði á kvótanum. Sigurður segir frumvarp um veiðigjöld verða tekin fyrir á vorþingi. - fbj






Frumhönnun meðferðarkjarna nýs Landspítala og sjúkrahótels boðin út:

# Framkvæmdir hefjast í sumar

**HEILBRIGÐISMÁL** „Okkur er ekkert að vanbúnaði. Það er öllum ljóst að Landspítalinn getur ekki búið mikið lengur við núverandi aðstæður, hvorki sjúklinganna né starfsfólksins vegna. Lélegur húsakostur er farinn að standa starfseminni fyrir þrifum en nú er tækifæri til að snúa vörn í sókn,“ segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.

Hann hefur falið nýjum Landspítala ohf. að hefja undirbúning útboðs á fullnaðarhönnun meðferðarkjarna á lóð Landspítalans við Hringbraut. Einnig á að ljúka fullnaðarhönnun sjúkrahótels, sem er langt á veg komin, og bjóða út verkframkvæmdir við gatna- og lóðagerð sjúkrahótels ásamt byggingu þess. Þær framkvæmdir munu hefjast í sumar.

„Sjúkrahótelið er okkur afar dýrmætt enda hefur þróun í meðferð sjúklinga á síðustu árum verið með þeim hætti að legutími er sífellt styttri, en þörf fyrir sjúkrahústengda þjónustu eykst. Mikilvægi meðferðakjarnans verður seint ofmetið enda mun hann efla öryggi til muna þegar við getum sinnt þörfum okkar veikustu sjúklinga undir sama þaki. Við erum afskaplega ánægð með þessa framvindu mála og hlökkum til að taka þátt í þessu uppbyggingarstarfi,“ segir Páll Matthíasson forstjóri Landspítalans. - hkh



**KYNNIR SÉR AÐSTÆÐUR** Kristján Þór Júlísson heilbrigðisráðherra telur brýnt að bæta úr lélegum húsakosti spítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Margverðlaunuð SKYACTIV spartæknin hefur veitt Mazda sérstöðu á markaðnum. Með þessari byltingarkenndu tækni hefur Mazda náð fádæma árangri til lækkunar eyðslu án þess að fórna afli né viðbragði – enda er akstursánægja eitt aðalsmerki Mazda. Að auki er bíllinn smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem gælir svo sannarlega við augað.

**MAZDA. DEFY CONVENTION.**

**KOMDU Í REYNSLUAKSTUR**

10 ÁRA AFMÆLI MAZDA

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

**SVONA ERUM VIÐ**



**12** **tonn af matsveppum eru ræktuð hér á landi vikulega.**

Talin hætta á að maður sem dæmdur var fyrir kynferðisbrot gegn kvenmanni yfirgefi landið:

# Hæstiréttur staðfesti farbann yfir níðingi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest framlengingu á farbannsúrskurði yfir manni sem dæmdur var í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi í desember síðastliðnum fyrir kynferðisbrot. Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa sært blygðunarsemi konu með því að áreita hana kynferðislega. Sex mánuðir af níu eru skilorðsbundnir. Maðurinn áfrýjaði dómnum.

Manninum er gert að sök að hafa farið inn í herbergi konunnar, fróað sér fyrir framan andlit hennar og fengið sáðfall yfir hana.

Hann var einnig sakaður um að hafa káfað á konunni þar sem hún lá á fjórum fótum á svefnherbergisgólfinu að kasta upp.

Maðurinn neitaði sök en DNA-rannsókn á sýnum úr hári konunnar og brjóstahaldara reyndust vera hans. Hann er ekki íslenskur ríkisborgari og með takmörkuð tengsl við landið, að því er segir í greinargerð ríkissaksóknara. Með hliðsjón af því að hann hafi lítil tengsl við landið þá sé það mat ríkissaksóknara að hætta sé á að hann reyni að komast úr landi til að forðast fullnustu dómsins.

Verður maðurinn í farbanni á meðan áfrýjunarfrestur varir eða fram að afplánun dóms. **- ktd/vh**



**FARBANN STAÐFEST** Hæstiréttur staðfesti framlengingu farbannsúrskurðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á LESTARSTÖÐINNI** Kínverskir farþegar komnir til Peking fyrir nýárið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stærsta ferðavika ársins:

## Kínverjar flestir á faraldsfæti

**KÍNA** Í Kína eru hundruð milljóna manna á ferðalagi þessa dagana vegna áramótanna, sem haldin eru hátíðleg víða í Asíu um þessar mundir. Ár sauðkindarinnar hefst í dag, en er sums staðar kallað ár geithafursins.

Kínversk stjórnvöld segjast reikna með því að nærri þrír milljarðar ferða verði farnir með bílum, flugvélum eða járnbrautarlestum þessar vikurnar þegar landsmenn ferðast til æskustöðva sinna til að halda upp á áramótin með ættingjunum. Svipaða sögu er að segja frá mörgum öðrum Asíulöndum þar sem fólk notar hátíðisdagana til að ferðast og heimsækja ættingja sína. **- gb**

Samkeppniseftirlitið segir já:

## Reka dreifikerfi sameiginlega

**VIÐSKIPTI** Vodafone og Nova er heimilt að stofna samrekstrarfélag um rekstur á dreifikerfi félaganna. Samkeppniseftirlitið samþykkti í gær beiðni Vodafone og Nova um veitingu undanþágu frá samkeppnislögum vegna þessa.

Engin breyting yrði á samkeppni félaganna á fjarskiptamarkaði, þar sem samreksturinn myndi einungis varða sameiginlegt eignarhald dreifikerfisins.

Póst- og fjarskiptastofnun hafði áður veitt Vodafone og Nova heimild til að samnýta tíðniheimildir félaganna fyrir veitingu 2G-, 3G- og 4G-þjónustu. **- jhh**

# Mældu stærsta sandstorm á jörðinni uppi á Skógaheiði

Eftir Eyjafjallajökulsgosið mældu vísindamenn Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslunnar mestu efnisflutninga sem sögur fara af í aftakaveðri árið 2010. Landrof var gríðarlegt og milljónir tonna hurfu á haf út.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

**NÁTTÚRA** Aftakaveður á heiðum í nágrenni Eyjafjallajökuls dagana 14. og 15. september 2010 er talið hafa valdið mestu efnisflutningum og landrofi sem mælst hefur á jörðinni nokkru sinni. Sandfok í kjölfar eldgosa getur haft jafn mikil eða jafnvel meiri umhverfisáhrif en verða við öskufall í sjálfum eldsumbrotunum.

Niðurstöður þessara mælinga Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands á gjóskufoki í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli 2010 voru birtar í ritinu Scientific Reports sem gefið er út af Nature.

Jóhann Þórsson, sérfræðingur hjá Landgræðslu Íslands og einn rannsakenda, segir að vorið 2010 haf verið sett upp mælitæki á Skógaheiði til að fylgjast með áhrifum gjósku frá eldgosinu í Eyjafjallajökli á gróður og land. Magn gosefna var enn í hámarki á svæðinu, og svara átti spurningum um hversu hratt gosefnin fara, hvert og hvernig. Slíkar mælingar höfðu aldrei verið gerðar hér á landi áður.

Jóhann segir tilviljun hafa ráðið að mælitækin voru komin upp þegar norðaustan illviðri gekk yfir landið, og rannsóknin sérstök að því leyti að í eyðimörkum og víðar þar sem sandfok er mælt hafa ekki mælst meiri efnisflutningar.

Þegar spurt er um magn efnis sem var á ferðinni á Skógaheiði segir Jóhann ómögulegt að gefa sér heildartöluna, en það hljóði að vera mælt í milljónum og aftur milljónum tonna. Ein mælieining liggur þó fyrir. Massi efnis sem fýkur yfir eins metra breitt snið var mældur. Mælingarnar sýndu að allt að 12 tonn af efni fuku yfir eins metra breitt svæði – á aðeins einum klukkutíma.

„Svo verður að hugsa um þetta í stærra samhengi; öll Skógaheiðin er undir og stór landsvæði þar í kring. En sem betur fór stóð vindáttin þannig að efnið fauk allt til hafs og það kom á óvart að innan árs var allt gosefni á þessu svæði farið,“ segir Jóhann og bætir við að þegar komið var upp á Skógaheiði eftir að veðrinu slotaði gljáði á steina sem höfðu í orðsins fyllstu merkingu verið sandblásnir, en gróður var jafnframt mjög illa farinn.

„Það voru dæmi um að 75 prósent af gróðurþekjunni á svæðinu rifna upp og fjúka burt með sandinum. Það er líka öruggt að þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist á Íslandi, og stórir atburðir þegar rof var mikið, ekki síst á 18. og 19. öld í Rangárvallasýslu og víðar, eiga sér svipaða undirrót. Þá var það Hekla sem átti upptökin,“ segir Jóhann.



**EFTIR GOSIÐ** Gróskumikil vistkerfi með hávöxnum skógi þola betur áföll og draga úr neikvæðum áhrifum gjóskufalls. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **En sem betur fór stóð vindáttin þannig að efnið fauk allt til hafs og það kom á óvart að innan árs var allt gosefni á þessu svæði farið.**
>
> *Jóhann Þórsson, sérfræðingur hjá Landgræðslunni:*

### → Græða þarf land við helstu eldstöðvar

- Niðurstöður mælinganna á Skógaheiði draga athyglina að því hvernig draga má úr skaðsemi eldgosa með markvissri uppbyggingu vistkerfa á eldvirkum svæðum. Gjóskustormar geta valdið skaða löngu eftir að eldgosi lýkur og mikilvægt er að öflug vistkerfi séu til staðar til að draga úr langvinnum áhrifum öskustorma.
- Niðurstöður mælinganna voru birtar í greininni: Ólafur Arnalds, Elín Fjóla Þórarinsdóttir, Jóhann Þórsson, Pavla Dagsson Waldhauserova og Anna María Ágústsdóttir: An extreme wind erosion event of the fresh Eyjafjallajökull 2010 volcanic ash. Scientific Reports; Nature.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Friedrichshafen | 8° | New York | -5° |
| Aþena | 8° | Gautaborg | 5° | Orlando | 10° |
| Basel | 10° | Kaupmannahöfn | 5° | Ósló | 7° |
| Berlín | 7° | Las Palmas | 19° | París | 9° |
| Billund | 6° | London | 9° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 6° | Mallorca | 16° | Stokkhólmur | 8° |



**Á MORGUN** 5-10 m/s.



**LAUGARDAGUR** Vaxandi SA-átt síðdegis.

**NORÐANÁTTIR** Það fer heldur kólnandi á landinu í dag og má búast við talsverðu frosti á morgun og laugardag. Dregur smám saman úr ofankomu fyrir norðan og léttir til sunnanlands á morgun. Lítur út fyrir vaxandi suðaustanátt á sunnudag.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
1.390 KR.
PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 16.–22. FEBRÚAR 2015
Domino's
MEGAVIKA
www.dominos.is
sími 58 12345
domino's app

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu miklu er varið í birtingu auglýsinga á ári á Íslandi?
**2.** Í hvaða fjalli verður risastökkpúði fyrir snjóbrettafólk?
**3.** Í hvaða bæ skoðuðu bæjaryfirvöld símtalaskrár bæjarfulltrúa án vitundar þeirra?

**SVÖR:**
**1.** Að minnsta kosti 10 milljörðum. **2.** Hlíðarfjalli á Akureyri. **3.** Hafnarfirði.

Áfengisfrumvarp Vilhjálms Árnasonar er fast í nefnd vegna skorts á upplýsingum um kostnað:

# Kostnaðarmat frumvarps ófullnægjandi

**STJÓRNMÁL** Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis ákvað á fundi sínum síðastliðinn þriðjudag að fresta afgreiðslu áfengisfrumvarpsins svokallaða.

Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi skort á upplýsingum um áhrif breytinganna sem fylgdu frumvarpinu. „Ég fór yfir nefndarálitið og gagnrýndi að þar hefði ekki komið fram neitt kostnaðarmat,“ segir Guðbjartur. „Þarna vantar allar upplýsingar um kostnað við framkvæmd frumvarpsins og einnig á eftir að meta hverjar afleiðingarnar af breytingunum gætu orðið,“ segir Guðbjartur.

„Vandamálið er að við höfum ekki aðgang að fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins til að vinna slíkt mat,“ segir Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og flutningsmaður frumvarpsins. „En í þess stað tínum við saman gögn á borð við ársreikninga ÁTVR og svör fjármálaráðherra sem við teljum duga til,“ segir Vilhjálmur, sem vonar að með bættu nefndaráliti geti málið verið afgreitt úr nefnd. - srs



**VILHJÁLMUR ÁRNASON** Erfitt er að vinna kostnaðarmat á þingmannafrumvörpum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ný slökkvistöð tekin í notkun



**FYRSTI STARFSDAGURINN** Ný slökkvistöð var tekin í notkun í Mosfellsbæ í gær. Fyrsta skóflustungan var tekin í júní árið 2013 af Jóni Gnarr, þáverandi borgarstjóra. Talið er að ný slökkvistöð muni stytta viðbragðstíma slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna og gera þeim kleift að veita betri grunnþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Möndlumjöl í kryddblöndu:

## Kalla inn krydd eftir ábendingu

**NEYTENDUR** Matvælastofnun barst í gær tilkynning frá danska matvælaeftirlitinu og RASFF evrópska viðvörunarkerfinu um innkallanir á kryddblöndu.

Um er að ræða tilteknar kryddblöndur frá framleiðandanum Santa Maria en í þeim hefur fundist möndlumjöl sem ekki er merkt í innihaldslýsingu á pakkningunum. Fyrirtækið Santa Maria fann snefil af möndlum í paprikudufti í kryddblöndunum Allround-kryddi og Steak Rub-kryddi.

Einungis ein verslun á Íslandi hefur verið með vöruna á markaði en hún hefur verið tekin úr umferð. - srs

Fór ekki að lögum:

## Umboðsmaður skilar inn áliti

**STJÓRNSÝSLA** Höfuðborgarstofa fylgdi ekki stjórnsýslulögum við upplýsingagjöf um feril og menntun umsækjanda í starf deildarstjóra markaðs- og kynningardeildar. Þetta kemur fram í áliti umboðsmanns Alþingis.

Umsækjandi um stöðuna leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir ákvörðun Höfuðborgarstofu um að synja honum um aðgang að áðurnefndum upplýsingum.

Umboðsmaður beinir þeim tilmælum til Höfuðborgarstofu að orðið verði við beiðni umsækjandans og að sambærileg sjónarmið verði viðhöfð í framtíðarstörfum Höfuðborgarstofu. - srs

**Aðalfundur Hins íslenska biblíufélags**

verður haldinn fimmtudaginn 19. mars kl. 20 í safnaðarheimili Áskirkju, Vesturbrún 30, Reykjavík.

Hefðbundin aðalfundarstörf.

*Stjórn HÍB*

HIÐ ÍSLENSKA BIBLÍUFÉLAG 1815 2015

## MEÐALYFIRDRÁTTARLÁN Á HEIMILI




# Meðalheimili með milljón í yfirdrátt

Landsmenn skulda 86 milljarða króna í yfirdráttarlán. Svipuð upphæð og síðustu ár. Þjóðin hækkar yfirdráttinn fyrir jól og sumarfrí. Einkaneysla heimilanna er að aukast. Dýrt að vera með yfirdráttarheimild, segir umboðsmaður skuldara.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

**FJÁRMÁL** Heildarupphæð yfirdráttarlána landsmanna árið 2014 var 85,9 milljarðar króna. Það þýðir að að meðaltali skuldar hvert heimili um 1,1 milljón króna í yfirdráttarlán. Miðað við hefðbundna vexti yfirdráttarlána, 12,5 prósent, greiða landsmenn árlega tæplega 11 milljarða króna í vexti af yfirdráttarlánum.

Yfirdráttarlánin hafa heldur verið að hækka undanfarin ár, en hafa verið á milli 80 og 90 milljarðar síðan í desember 2011. Sé fjölda heimila deilt í upphæðina, til að finna út meðaltalið, kemur í ljós að árið 2010 var meðalyfirdráttarheimild hvers heimilis um 937 þúsund.

„Við höfum fylgst með þessum tölum og ekki lesið úr þeim neina afgerandi þróun síðustu árin. Þær virðast sitja á svipuðum stað og því höfum við ekki rýnt þær sérstaklega,“ segir Jón Bjarki Bentsson, hjá greiningardeild Íslandsbanka.

Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi umboðsmanns skuldara, segir rétt að vera vakandi yfir þessum tölum.

„Það er ofboðslega dýrt að vera með yfirdráttarheimild. Að yfirdráttarheimild sé að jafnaði í kringum milljón á heimili, er mjög dýrt. Það er spurning hvort fólk getur borgað niður yfirdráttarheimildina, eða hvort það er ekki með nægilegar tekjur til framfærslu.“

Umboðsmaður skuldara hefur bent fólki á að ef sóst er eftir því að borga yfirdráttinn niður bjóði flestir bankar betri kjör en á hefðbundnum yfirdráttarheimildum.

## YFIRDRÁTTARLÁN




„Fólk getur þannig lækkað vaxtakostnaðinn töluvert með því að semja um niðurgreiðslu á yfirdrætti á ákveðnum tímapunkti.“

Kortavelta hefur heldur aukist undanfarin ár, sem bendir til þess að einkaneysla heimilanna sé að aukast.

„Kreditkortanotkun gefur ágætis vísbendingu um þróun einkaneyslu heimilanna og þar hefur verið myndarlegur vöxtur, sérstaklega í erlendum færslum,“ segir Jón Bjarki.

Svanborg segir að velta debetkorta sé nokkuð stöðug, um 120 til 140 þúsund á mánuði. Hins vegar komi toppur í desember og í sumarfrísmánuðunum sem rími við hækkun yfirdráttarheimildar á þeim tíma.

„Þetta sýnir okkur að fólk er ekki almennt að undirbúa sig undir stór útgjöld, eins og jól og sumarfrí.“ kolbeinn@frettabladid.is



> **Að yfirdráttarheimild sé að jafnaði í kringum milljón á heimili, er mjög dýrt.**
>
> *Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi umboðsmanns skuldara*

# SHISEIDO

## Taktu þér tíma til að stoppa tímann.

5 mínútur á dag fyrir tímalausa fegurð.




## SHISEIDO DAGAR 19.-25. FEBRÚAR

í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Garðabæ, Skeifunni og Holtagörðum.

20% AF ÖLLUM SHISEIDO VÖRUM ÞESSA DAGA.

SHISEIDO FEGRUNARPAKKI ÁSAMT STUNDARGLASI FYLGIR MEÐ HVERJU KEYPTU KREMI FRÁ SHISEIDO*

*gildir meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla








**BÆJARSTJÓRN HAFNARFJARÐAR** Gunnar Axel Axelsson sagði símamálið grafalvarlegt á fundi bæjarstjórnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Viðurkenna að hafa skoðað símtalaskrár

Bæjarfulltrúar minnihlutans í Hafnarfirði segja skýringar bæjaryfirvalda ekki duga til þess að þeir kalli aftur kvörtun til Persónuverndar vegna skoðunar á símanotkun þeirra. Engin svör bárust frá bænum við spurningum Fréttablaðsins.

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ég á að njóta frelsis til að hafa samskipti við borgarana; bæjarbúa og starfsmenn og hverja sem ég vil án þess að þurfa að eiga það á hættu að framkvæmdastjóri bæjarins, fulltrúar meirihlutans eða aðrir séu að hnýsast í það," segir Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi Samfylkingar í Hafnarfirði.

Gunnar Axel er einn þriggja fulltrúa minnihlutans í bæjarstjórn Hafnarfjarðar sem í fyrradag sendu inn kvörtun til Persónuverndar vegna skoðunar bæjaryfirvalda á símanotkun þeirra.

Í yfirlýsingu bæjaryfirvalda í kjölfar fréttar Fréttarblaðsins í gær kemur fram að eftir að kvörtun barst hafi ætlunin verið að komast til botns í því hver hafi boðað tiltekinn starfsmann bæjarins á fund í ráðhúsinu. Kvörtunin hafi falið í sér ásakanir gagnvart ótilgreindum bæjarstarfsmönnum.

„Kom fram að starfsmaður undirstofnunar bæjarins hafi verið boðaður á fund en hringt hefði verið í hann úr síma skráðum á Hafnarfjarðarbæ. Nauðsynlegt var að kanna hvort og þá hver hefði hringt í starfsmanninn úr síma sem skráður væri á Hafnarfjarðarbæ en númerið hafði hann ekki tiltækt og ekki heldur nöfn þeirra sem sátu fundinn," segir í yfirlýsingunni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var sá sem kallaður var á þennan dularfulla fund starfsmaður hafnarstjórar bæjarins. Fundurinn fór fram 15. nóvember 2014.

Bæjaryfirvöld segja í yfirlýsingunn að því sé „alfarið hafnað að við þessa rannsókn hafi verið kannað við hverja kjörnir fulltrúar eða aðrir starfsmenn sveitarfélagsins töluðu í síma". Þó er viðurkennt að bærinn hafi „kannað hvort og þá hver hafi hringt í númer starfsmannsins úr símkerfi Hafnarfjarðarbæjar". Í kjölfarið hafi verið send beiðni til Vodafone og óskað upplýst hvort hringt hefði verið í þetta tiltekna númer á sex klukkustunda tímabili.

„Símafyrirtækið svaraði beiðninni með því að afhenda yfirlit yfir öll símanúmer sem hringt hafði verið í. Einn starfsmaður sveitarfélagsins annaðist rannsóknina og miðaði hún einungis að því að kanna hvort hringt hefði verið í þetta tiltekna símanúmer. Svo reyndist ekki vera og hefur öllum gögnum sem bárust frá símafyrirtækinu verið eytt."

Gunnar Axel segir bæinn virðast hafa fengið sendar skrár um símtöl, meðal annars úr símum kjörinna fulltrúa. „Það hafa verið allir símar sem bærinn kemur að því að greiða að hluta eða að öllu leyti. Í tilviki kjörinna fulltrúa þá tekur Hafnarfjarðarbær þátt í símakostnaði."

Bæjarfulltrúar eru með farsímanúmer í númeraröð samkvæmt kerfi sem tekið var upp hjá bænum á sínum tíma. Gunnar segir að þótt hann sé skráður notandi síns síma þá hafi komið á daginn að bærinn sé skráður „frumrétthafi" og að um það virðist málið snúast.

Gunnar Axel segir það mjög áleitna spurningu hvort allir sem séu með síma sem að einhverju leyti sé greiddur af launagreiðanda eigi von á því að vinnuveitandinn geti hvenær sem er kynnt sér símtöl viðkomandi.

„Það slær mig svakalega að það hafi ekki þurft meira til en að hafa samband við Vodafone til þess að fá þessar skrár sendar. Þetta varðar ekki bara hagsmuni og stöðu kjörinna fulltrúa heldur varðar þetta líka hagsmuni starfsmanna og þeirra rétt til persónuverndar."

Þá segir Gunnar Axel að sem kjörinn fulltrúi hafi hann ákveðnar skyldur, ein sé sú að hafa eftirlit með stjórnsýslunni. „Það eftirlit gengur hins vegar ekki í báðar áttir. Ég á ekki að þurfa að sæta eftirliti af hálfu stjórnsýslunnar. Ef það hefði komið í ljós að ég hefði verið í samskiptum við þennan einstakling hvað ætlaði þá bæjarstjórinn að gera við þær upplýsingar?"

Fyrir þremur dögum kölluðu fulltrúar minnihlutans eftir upplýsingum um það hver framkvæmdi rannsóknina og hvernig og á grundvelli hvaða heimilda. Gunnar Axel segir yfirlýsinguna í gær aðeins svara þessum spurningum að ákveðnu marki.

„Ég held að það hljóti að verða að skoða hvaða heimildir Hafnarfjarðarbær hefur til þess að kalla eftir slíkum upplýsingum og nýta þær. Ég hef miklar efasemdir um að þær heimildir eigi sér stoð í lögum," segir Gunnar sem kveður yfirlýsinguna „að sjálfsögðu ekki" tilefni til að draga kvörtunina til Persónuverndar til baka.

„Hún staðfestir það sem kemur fram í kvörtun okkar til Persónuverndar; að þessi rannsókn hafi farið fram og að hún hafi náð til okkar símtækja – síma í minni eigu. Þetta er númerið mitt og síminn sem ég tala við konu mína úr."

Fréttablaðið sendi í gær bæjarstjóranum og oddvitum meirihluta Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar spurningar um málið.

Í svari segir að bæjarstjórinn hafi svarað fyrirspurnum bæjarfulltrúa vegna málsins. „Samkvæmt því sem fram hefur komið er málið í ferli hjá Persónuvernd og á meðan verður spurningum ekki svarað að svo stöddu."

Í yfirlýsingu bæjaryfirvalda er tekið fram að við rannsókn á gögnum hafi verið gætt að reglum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Vodafone fékk í gær spurningar í 12 liðum en bar við trúnaði við viðskiptavini. Aðeins var svarað því hvort allir sem eru með símanúmer frá Vodafone og vinnuveitandi greiðir að einhverju leyti geti átt von á því að vinnuveitandi fái upplýsingar um símnotkunina frá Vodafone: „Áskrifendur eiga rétt á að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða á grundvelli ákvæða í fjarskiptalögum og reglna sem eru settar á grundvelli þeirra. Í þeim tilvikum sem fyrirtækið er áskrifandi en starfsmaðurinn notandi er svar við spurningu þinni já." gar@frettabladid.is

## FÉKK OF MIKIL GÖGN EN SKOÐAÐI SAMT



**HARALDUR L. HARALDSSON**

Fram kemur í tölvupósti sem Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri sendi þremur bæjarfulltrúum í gær og las upp á bæjarstjórnarfundi í gær að í tvígang hafi verið reynt að finna út hver rætt hefði við tiltekinn bæjarstarfsmann í síma. Í seinna skiptið þann 12. janúar síðastliðinn. Þá hafi Vodafone verið beðið að skoða hvort hringt hefði verið í ákveðið númer milli klukkan 10 og 16 þann 14. nóvember 2014 úr einhverjum síma sem Hafnarfjarðarbær greiddi fyrir.

„Fékk Vodafone uppgefið númerið sem um var að ræða. Í stað þess að svara umræddri beiðni sendi Vodafone lista yfir öll númer sem hringt hafði verið í. Í stað þess að senda til baka skoðaði undirritaður hvort viðkomandi númer væri á listanum. Svo var ekki. Undirritaður framkvæmdi þessa athugun og skoðaði upplýsingarnar en fékk tengiliðinn við símafyrirtækið til að kalla eftir upplýsingum. Þá kom starfsmaður í tölvudeild að því að kalla fram upplýsingar úr símkerfi. Þetta var gert til að reyna að finna út hvort tiltekinn fundur hefði verið boðaður úr síma á vegum bæjarins. Samkvæmt lýsingu átti það að hafa gerst og verið var að leita að staðfestingu," las bæjarstjórinn úr tölvupóstinum og bætti svo við: „Og við höfum litið svo á að þetta væri öryggismál innan ráðhússins, meðal annars hjá okkur og þess vegna var farið í þessa skoðun."

www.renault.is

## RENAULT SETUR NÝTT ÍSLANDSMET

# HRINGINN OG 250 KM AÐ AUKI **Á EINUM TANKI**






RENAULT **CLIO**
DÍSIL, BEINSKIPTUR. **3,4 l/100 km***
VERÐ: **2.850.000 KR.**
FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



RENAULT **CLIO SPORT TOURER**
DÍSIL, BEINSKIPTUR. **3,4 l/100 km***
VERÐ: **3.050.000 KR.**
FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



RENAULT **CAPTUR**
DÍSIL, BEINSKIPTUR. **3,6 l/100 km***
VERÐ: **3.540.000 KR.**
FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



RENAULT **MEGANE SPORT TOURER**
DÍSIL, BEINSKIPTUR. **3,5 l/100 km***
VERÐ: **3.540.000 KR.**
FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

ENNEMM / SÍA / NM66780 / *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbílarnir frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílablaðs Morgunblaðsins, ók á síðasta ári Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki á einungis einni 60 l tankfyllingu eða u.þ.b. 1.520 km leið.

RENAULT

## ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

# EINSTÖK TILBOÐ!

GERÐU FRÁBÆR KAUP

ALLT AÐ 90% LÁN




TOYOTA LAND CRUISER 150GX
Nýskr. 07/12, ekinn 97 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 7.680.000

TILBOÐSVERÐ! 6.780 þús.




KIA SPORTAGE CRDi
Nýskr. 08/06, ekinn 142 þús km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.720.000
TILBOÐ kr. 1.380 þús.




RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 06/11, ekinn 77 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.540.000
TILBOÐ kr. 2.090 þús.




VW PASSAT ALLTRACK 4x4
Nýskr. 12/12, ekinn 139 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.990.000
TILBOÐ kr. 3.790 þús.




NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/11, ekinn 134 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.090.000
TILBOÐ kr. 2.490 þús.




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 02/06, ekinn 174 þús km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 2.650.000
TILBOÐ kr. 2.090 þús.




HYUNDAI i30 STYLE
Nýskr. 11/07, ekinn 121 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 1.690.000
TILBOÐ kr. 1.390 þús.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


## Farin að huga að verkfalli



Starfsgreinasambandið hefur þegar vísað deilu sinni við Samtök atvinnulífsins (SA) til ríkissáttasemjara. **Drífa Snædal,** framkvæmdastjóri sambandsins, segir að viðbrögð SA skýri þá ákvörðun.

„Þau lýstu því strax yfir að þetta væri ekki grundvöllur viðræðna, þannig að við sáum þann kost vænstan að vísa þessu strax til ríkissáttasemjara. Við leggjum upp með 300 þúsund króna lágmarkslaun innan þriggja ára. Við útfærum það svo sem ekki nánar, enda er þetta takmark sem við setjum okkur.

Ég held að það sé alveg augljóst að þetta verða ekki auðveldir samningar. Við vissum það svo sem að við gætum þurft að fylgja þessum kröfum eftir með aðgerðum.“

Samningar eru enn í gildi, þannig að enn ríkir friðarskylda. Drífa segir þó að innan Starfsgreinasambandsins geri fólk sér grein fyrir að til verkfalls gæti komið.

„Vissulega erum við byrjuð að hugsa í þeim farvegi, það er ekkert launungarmál.“

## Kröfurnar kalla á aukna verðbólgu



„Þetta verða mjög erfiðar viðræður. Það er mjög langt á milli hugmynda þeirra félaga sem lagt hafa fram kröfugerð og þess uppleggs sem við höfum unnið út frá,“ segir **Þorsteinn Víglundsson**, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA). „Við teljum óhjákvæmilegt að ef sú leið sem verkalýðshreyfingin hefur boðað með kröfugerðum sínum yrði ofan á, þá sæjum við fram á verulega aukningu á verðbólgu strax á þessu ári og einnig á því næsta og upphafið á óstöðugleikatímabili sem ekki sæi fyrir endann á.“ Þorsteinn segir reynsluna sýna að auðveldara sé að ræsa verðbólguna en að kveða hana niður. „Við teljum í raun og veru mikilvægast í því verkefni sem er fram undan að horfa til raunverulegrar aukningar á ráðstöfunartekjum heimilanna og að við finnum leiðir til þess án þess að kollvarpa þeim árangri sem við höfum náð í stöðugleika, sem er óvenjuleg staða í íslensku efnahagslífi.“

## Ein deila komin til ríkissáttasemjara



„Nú eru samningar þessara stóru samtaka að renna út núna í lok febrúar og menn hafa, eins og Starfsgreinasambandið, VR og Flóabandalagið, verið að skila kröfum sínum til Samtaka atvinnulífsins og þar eru viðræður í gangi. Eini hópurinn sem hefur vísað kröfum sínum til ríkissáttasemjara er Starfsgreinasambandið, aðrir hafa ekki gert það.“

**Magnús Pétursson**, ríkissáttasemjari




**VERKFALL** Tónlistarkennarar eru á meðal þeirra stétta sem hafa fengið kjarabætur með verkfalli að undanförnu. Formaður ASÍ segir það skilaboð stjórnvalda að hnefarétturinn ráði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Öll þjóðin að verða kjarasamningslaus

Á sjöunda tug kjarasamninga renna út um mánaðamót. Fulltrúar um 120 þúsund launþega setjast þá að samningaborði við Samtök atvinnulífsins, ríki og sveitarfélög. Tugþúsundir bætast við í apríl. Um 186 þúsund manns eru á vinnumarkaði.


**FRÉTTASKÝRING**



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is


Kjaramál

Um 120 þúsund launþegar á vinnumarkaði verða samningslausir um mánaðamótin. Búist er við hörðum átökum og Starfsgreinasambandið hefur þegar vísað deilu sinni til ríkissáttasemjara. Fleiri félög verða samningslaus í apríl.

Ef samningar ganga illa gæti sú staða því komið upp að yfir 160 þúsund af þeim 186 þúsund launþegum sem eru á vinnumarkaði væru samningslausir. Mikið mun mæða á forystu verkalýðshreyfingarinnar og Samtökum atvinnulífsins (SA) og þá er ríkið beinn samningsaðili að fjölda samninga. Þá er viðbúið að ríkisstjórnin þurfi að koma að einhverjum samningum með loforðum um einhverjar breytingar. Átökin munu því ná inn á Alþingi.

„Ég vona nú að þetta gangi á endanum, en ég reikna með því að þetta verði erfiðar viðræður,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Í sambandinu eru rúmlega 100 þúsund félagar og innan þess eru um 50 félög. Starfsgreinasambandið er innan vébanda ASÍ.

Gylfi segir að undanfarin ár hafi orðið breytingar á kjaraviðræðum og meiri áhersla hafi verið lögð á það að skoða leiðréttingar á einhverju sem gert var í fortíðinni af hálfu ríkis og sveitarfélaga sem atvinnulífið hafi ekki verið sammála.

„Ég reikna með að það verði meiri ágreiningur við gerð þessara kjarasamninga í þetta sinn en oft áður. Það eru ansi ólík sjónarmið sem ríkja.“

Gylfi segir félaga ASÍ horfa til hópa eins og kennara og lækna þegar kemur til launahækkana. „Það verður mjög stíf krafa um krónutöluaðgerð, af hálfu að minnsta kosti lágtekjuhópa.“

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segist vera hóflega bjartsýn á samningana. VR kynnti kröfugerð sína í síðustu viku og hefur þegar fundað með SA.

„Þeir fögnuðu kröfum okkar ekkert sérstaklega en eru alveg til viðræðna. Okkar kröfur lúta eingöngu að svokallaðri launaleiðréttingu og það er það sem er krafa fólksins okkar.“

Ólafía segir að SA hafi tekið ágætlega í hugmyndir VR um samning til eins árs. Hvað verði komi í ljós, en ef ekkert gangi verði deilunni vísað til ríkissáttasemjara.

„Maður má aldrei vera svartsýnn fyrirfram. Á meðan menn eru að tala saman eru alltaf einhverjar líkur á samningum.“

Gylfi segir félaga ASÍ tilbúna til frekari aðgerða ef þörf krefur.

„Það hafa verið skilaboð stjórnvalda að þeir sem fara í átök og verkföll fái annars konar viðmiðun. Hnefarétturinn virðist ráða núna.“ Og þið eruð tilbúin að beita honum? „Já, það verður að vera.“



**„Það hafa verið skilaboð stjórnvalda að þeir sem fara í átök og verkföll fái annars konar viðmiðun. Hnefarétturinn virðist ráða núna.**

*Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ*



**„Þeir fögnuðu kröfum okkar ekkert sérstaklega en eru alveg til viðræðna. Okkar kröfur lúta eingöngu að svokallaðri launaleiðréttingu og það er það sem er krafa fólksins okkar.**

*Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR*


DEBENHAMS
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM KJÓLUM & BARNA- & HERRASKYRTUM
STAR BY julienmacdonald
bluezoo
THE COLLECTION
DEBENHAMS
JEFF BANKS
LONDON
Gerðu lífið skemmtilegra
NÝTT KORTATÍMABIL
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
Opið 11 - 21 í dag
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**SAKSÓKNARINN** Olivier Jornot, aðalsaksóknari í Genf. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rannsókn á peningaþvætti:

## Húsleit í útibúi HSBC í Genf

**SVISS** Saksóknarar í Genf gerðu húsleit í aðalútibúi breska bankans HSBC í Sviss í gær. Bankinn hefur orðið uppvís að því að hjálpa viðskiptavinum sínum við að koma fé undan skatti í stórum stíl í meira en 200 löndum.

Rannsóknin beinist að stórfelldu peningaþvætti bankans, að því er Oliver Jornot, aðalsaksóknari í Genf, sagði fjölmiðlum í gær. - gb

Svör um iðnnám stúlkna:

## Vill fleiri stúlkur í iðnnám

**MENNTUN** Fyrirlesarinn Paula Lejonkula mun segja frá verkefni sem hún fer fyrir og felst í því að fjölga iðnnemum í byggingargreinum með því að laða að fleiri stúlkur á Menntastofu Samtaka iðnaðarins, á morgun 19. febrúar á Hótel Nordica. Hér á landi vex þörf á iðn-, verk- og tæknimenntuðu fólki langt umfram þann fjölda sem útskrifast í þeim greinum ár hvert og Paula telur að betur megi svara eftirspurninni með því að jafna kynjahlutfall í iðnaði. - kbg

# Herinn fór frá Debaltseve

Pútín Rússlandsforseti segir að Úkraínustjórn hafi tapað og geti engu náð fram lengur nema að fleira fólk láti lífið. Hann hvatti uppreisnarmenn til að koma vel fram við úkraínsku hermennina og leyfa þeim að fara heim.



**HAFA SIG Á BROTT** Úkraínskir hermenn búa sig undir að yfirgefa Debaltseve. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**ÚKRAÍNA** Úkraínska herliðið hélt í gærmorgun frá bænum Debaltseve, þar sem það hefur átt í hörðum átökum við uppreisnarmenn undanfarnar vikur. Petró Porosjenkó Úkraínuforseti skýrði frá þessu í gær.

Samkvæmt friðarsamkomulaginu, sem gert var í síðustu viku, áttu báðar fylkingar að vera hættar bardögum og byrjaðar að flytja þungavopn sín burt frá átakasvæðunum. Bardagarnir um Debaltseve virtust ætla að koma í veg fyrir að vopnahlé yrði að veruleika.

Evrópusambandið hafði meðal annars hótað Rússum frekari refsiaðgerðum drægist það á langinn að koma á friði í samræmi við ákvæði samkomulagsins. Í þeirri hótun felst að til þess sé ætlast af rússneskum stjórnvöldum að þau beiti áhrifum sínum til þess að fá uppreisnarmennina í austanverðri Úkraínu til þess að leggja niður vopn.

Porosjenkó Úkraínuforseti fullyrti að herinn hefði ekki farið fyrr en búið var að ganga úr skugga um að Debaltseve væri á valdi stjórnarhersins, en aðeins daginn áður höfðu uppreisnarmenn fullyrt að þeir væru búnir að ná bænum á sitt vald.

Uppreisnarmenn litu hins vegar greinilega á brotthvarf Úkraínuhers sem ótvíræðan sigur sinn. Samkvæmt samkomulaginu eiga uppreisnarmenn einnig að fara með sín þungavopn frá Debaltseve.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti vandaði síðan Úkraínustjórn ekki kveðjurnar í gær, þar sem hann var staddur í opinberri heimsókn í Ungverjalandi.

Hann sagði Úkraínustjórn verða að sætta sig við að vera þegar búin að tapa þessu stríði. Hún gæti engu náð fram lengur nema þá helst því að fleira fólk léti lífið. „Það myndi engu breyta um niðurstöðuna,“ hafa fjölmiðlar eftir honum.

Bæði Pútín og Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, hvöttu hins vegar uppreisnarmenn til þess að taka vel á móti úkraínskum hermönnum sem leggja niður vopn. Pútín sagði uppreisnarmönnum að leyfa úkraínsku hermönnunum að fara heim til sín.

Ákvæði vopnahléssamkomulagsins hafa að öðru leyti verið virt að mestu annars staðar í austanverðri Úkraínu.

Alls hafa átökin í Úkraínu kostað meira en fimm þúsund manns lífið frá upphafi, en þau hófust í apríl á síðasta ári.

gudsteinn@frettabladid.is

➜ Bæði Vladímír Pútín Rússlandsforseti og Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, hvetja uppreisnarmenn til þess að taka vel á móti úkraínskum hermönnum sem leggja niður vopn.


# Tryggingamiðstöðin hf. Aðalfundur 2015

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður fimmtudaginn 12. mars 2015 kl. 16.00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.

*Dagskrá:*

1. *Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðast liðnu starfsári.*
2. *Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.*
3. *Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.*
4. *Tillögur til ákvörðunar um lækkun hlutafjár og heimild til kaupa á eigin hlutum.*
5. *Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.*
6. *Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins, 19. gr. þeirra, þannig að fjöldi varamanna í stjórn félagsins verði tveir í stað fimm.*
7. *Ákvörðun um þóknun til stjórnar.*
8. *Kosning stjórnar félagsins.*
9. *Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).*
10. *Önnur mál löglega fram borin.*

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð á eyðublaði eða í samræmi við eyðublað sem aðgengilegt er á tm.is/fjarfestar. Rafrænt umboð skal sent félaginu á stjorn@tm.is áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.

Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 8:30 til 16:30) til og með 11. mars 2015, en fyrir lokun skrifstofu þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn. Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem stjórn félagsins lætur í té og unnt er að nálgast á vef félagsins, tm.is/fjarfestar.

Í tilkynningunni skal veita greinargóðar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykkta félagsins. Unnt er að senda félagsstjórninni útfyllta og undirritaða framboðstilkynningu fyrir lok framboðsfrests á stjorn@tm.is.

Dagskrá aðalfundar og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á tm.is/fjarfestar. Þá mun ársreikningur (samstæðureikningur) félagsins, skýrslur stjórnar og endurskoðenda auk tillögu stjórnar um starfskjarastefnu liggja frammi á skrifstofu og á vef félagsins hluthöfum til sýnis hálfum mánuði fyrir fundinn.

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða birtar á vefsíðu félagsins upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

***Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.***

TM

**Tryggingarmiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is tm.is




**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Mercedes Besn 200 E-Class** MAE68
Skráður október 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfsk.
Ekinn 139.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.




**Tilboð: 2.590.000 kr.**

**Ford Mondeo Trend** IFU54
Skráður maí 2011, 1,6TDCi, dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km
Ásett verð: 2.850.000 kr.



**Verð: 2.980.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** ZBV14
Skráður maí 2014, 1,0 bensín, beinskiptur.
Ekinn: 25.000 km.
*Í ábyrgð*




**Tilboð: 2.150.000 kr.**

**Toyota Yaris Terra** PMX12
Skráður mars 2013, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 22.500 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.
*Í ábyrgð*

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 8.490.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser 4x4** FDM35
Skráður janúar 2012, 3,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 87.000 km.
Ásett verð: 9.490.000 kr.
*Í ábyrgð*



**Verð: 2.550.000 kr.**

**Citroën C3 Seduction** VSX71
Skráður des. 2013, 1,6Di, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 36.000 km.
*Í ábyrgð*




**Tilboð: 3.690.000 kr.**

**Mazda6 Vision** FHE21
Skráður maí 2013, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 69.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.
*Í ábyrgð*

## FINNDU BÍLINN ÞINN

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

## TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð 2.890.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** ORK29
Skráður nóvember 2013, 1,0i bensín beinsk.
Ekinn 16.000 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr.




**Tilboð: 2.490.000 kr.**

**Renault Megane II Berline** FYM75
Skráður mars 2012, 1,5TDi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 56.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.




**Tilboð: 2.550.000 kr.**

**BMW X5 AWD** YZT67
Skráður maí 2006, 3,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 147.000 km.
Ásett verð: 2.950.000 kr.




**Tilboð: 3.390.000 kr.**

**Volvo S40 Kinetic D3** EMX35
Skráður janúar 2012, 2,0Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 47.000 km,
Ásett verð: 3.590.000 kr.




**Tilboð: 2.790.000 kr.**

**Volvo XC90 SE AWD** YJP29
Skráður nóv. 2007, 3,2i bensín, sjálfsskiptur
Ekinn 173.000 km.
Ásett verð: 3.190.000 kr.



**Verð: 1.090.000 kr.**

**Volkswagen Polo** Comfortline LKY41
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 111.000 km.



**Verð: 2.990.000 kr.**

**Mazda6 Premium** AOD36
Skráður júní 2012, 2,0i besín, sjálfskiptur.
Ekinn: 68.000 km.
*Í ábyrgð*

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

| Afsláttur | Verslun | Tilboð |
|---|---|---|
| 10 / 20 | INDISKA | 10% af öllum vörum og 20% af koddum og gardínum |
| 2/1 | herra GARÐURINN – klæðir þig vel | af Finucci skyrtum |
| 3/2 | SIX | 3 fyrir 2 |
| 3/2 | Iam | 3 fyrir 2 |
| ! | VILA clothes | Glæsileg kósítilboð |
| ! | Deres | Russell Athletic joggingbuxur á 3.995 kr. |
| ! | Íglo & Indí | Skemmtilegur glaðningur |
| % | Spúútnik | Kósípeysur 5.000 kr. og vintage kjólar 3.500 kr. |
| % | Undirföt LINDEX | Tilboð á kósí heimagalla |
| % | Kids LINDEX | Afsláttur af náttgöllum og náttfötum |
| 15 | JACK & JONES | af öllum yfirhöfnum og gallabuxum |
| 15 | SELECTED | af öllum chinobuxum og jakkafötum |
| 15 | 66° NORÐUR | af öllum ullarnærfatnaði frá 66° Norður |
| 15 | DÚKA | af öllum teppum og kertastjökum |
| 15 | VERO MODA | af öllum vörum |
| 15 | name it | af öllum vörum |
| 20 | Jens | af öllum skartgripum |
| 20 | Kello | af öllum vörum |
| 20 | Timberland | af öllum vörum |
| 20 | TOPSHOP | af öllum vörum |
| 20 | KAREN MILLEN | af öllum vörum |
| 20 | WAREHOUSE | af öllum vörum |
| 20 | MARTA JONSSON | af öllum vörum |
| 20 | CINTAMANI | af öllum vörum |
| 20 | ÚTILÍF | af öllum vörum |
| 20 | BIANCO FOOTWEAR | af völdum vörum |
| 20 | cobra | af öllum vörum |
| 20 | THE BODY SHOP | af öllum vörum |
| 20 | skór.is Kringlan • Smáralind | af öllum skóm |
| 20 | ecco | af öllum skóm |
| 20 | Kaupfélagið | af öllum skóm |
| 20 | STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN | af öllum skóm |
| 20 | DÝRABÆR – fyrir dýrin þín | af öllum vörum |
| 20 | Gallabuxnabúðin | af öllum vörum |
| 20 | JOE BOXER | af öllum vörum |
| 20 | TUZZI | af öllum vörum frá Dranella |
| 20 | MOTOR & MIA | af nýjum sumarvörum |
| 20 | URBAN | af öllum peysum |
| 20 | Kultur | af öllum peysum frá Italy |
| 20 | COMPANYS | af öllum peysum |
| 20 | galleri sautján | af öllum kósípeysum |
| 20 | focus | af öllum kuldaskóm |
| 20 | POLARN O. PYRET | af öllum gallabuxum |
| 20 | SMASH | af öllum bolum og 2 fyrir 1 af öllum Carhartt húfum |
| 20 | Lyf & heilsa | af öllum vörum nema lyfjum og lausasölulyfjum |
| 20 | gs skór | af öllum Bullboxer |
| 20 | meba | af íslenskri hönnun |
| 20 | rhodium | af íslenskri hönnun |
| 20 | Accessorize | af öllum húfum, treflum og hönskum |
| 20 | KONUR LINDEX | af gallabuxum, og tilboð á kósípeysum |
| 20 | Casa | af öllu frá Rosendahl, Ritzenhoff, RCR crystal og Alessi |
| 25 | Eymundsson | vildarafsláttur af öllum tímaritum |
| 10 / 20 | FRIIS & COMPANY | 20% af töskum, 10% af leðurtöskum og öðrum vörum |
| 10 / 20 | KÚNÍGÚND | 20% af öllum Royal Copenhagen vörum, 10% af öllum öðrum vörum |
| TAX FREE / 20 | HAGKAUP – Ein ferð betra verð | Taxfree af snyrtivörum og 20% afsláttur af sokkabuxum |
| 20 / 40 | Eirberg | af flestum vörum |
| 25 | Eymundsson | vildarafsláttur af léttustu ferðatöskunni |
| 25 | augað | af sólgleraugum og Marc by Marc Jacobs umgjörðum |
| 25 | prooptik gleraugu | af öllum vörum |
| 25 | Kultur menn | af hönskum og treflum |
| 30 | ENGLABÖRNIN | af Hummel fatnaði |
| 15 / 20 | Gleraugað | 20% af gleraugum og 15% af linsum |
| 20 / 40 / 50 | byggtogbúið Kringlunni | 20% af flestum vörum, 40% af matarstellum, allt að 50% af pottum og pönnum |

PIPAR\TBWA • SÍA

KRINGLAN.IS

Birt með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur




FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS



**Á BÓKASAFNI** Á bókasöfnum borgarinnar verður hægt að gera margt skemmtilegt í vetrarfríinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Borgarbókasafn Reykjavíkur:

## Föndursmiðjur og spiladagur í vetrarfríinu

Í vetrarfríi grunnskóla Reykjavíkur og um helgina verður skipulögð dagskrá í bókasöfnum borgarinnar fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Myndasögusmiðja verður í Árbæ kl. 13 til 15 í dag. Í Spönginni verður perlusmiðja kl. 14 í dag.

Á morgun, föstudag, verður föndursmiðja kl. 14 til 15 í Kringlunni. Þar verður einnig spiladagur fjölskyldunnar á laugardag kl. 13.30 til 15. 30.

Á laugardag kl. 14 til 16 verður dagskrá um tungumál í Gerðubergi.

Á sunnudaginn kl. 15 verður skutlusmiðja í Grófinni. Jón Víðis kennir hvernig brjóta á pappírsskutlur í ýmsum útgáfum.

Nánari upplýsingar má sjá á vefnum borgarbokasafn.is.

# Táningarnir reyna oft mikið á samband foreldra sinna

Táningsaldurinn er erfiðari fyrir foreldrana en börnin, segir bandarískur mannfræðingur og metsöluhöfundur. Breytingarnar í lífi barnanna verða til þess að foreldrar velta því fyrir sér hvað megi betur fara í eigin lífi.

Fá börn lenda í tilvistarkreppu þegar þau komast á táningsaldur. Fjörutíu prósent foreldra greina hins vegar frá breytingum á andlegri heilsu sinni þegar fyrsta barnið verður táningur, ekki síst mæðurnar. Þetta skrifar mannfræðingurinn Jennifer Senior, sem starfar á New York Magazine, í metsölubók sinni All Joy and No Fun. Í bókinni vitnar hún meðal annars í rannsóknir bandaríska sálfræðingsins Laurence Steinberg og bók hans Adolescence, að því er greint er frá á vef Aftenposten.



**GRÉTA JÓNSDÓTTIR**

Þar er haft eftir Jennifer Senior að svo virðist sem táningsaldurinn sé erfiðari fyrir foreldrana en börnin. Einkum sé þetta erfitt fyrir foreldra nútímans sem hafi gert börnin að þungamiðju lífs síns. Á aldrinum sex til tólf ára séu börnin almennt náin foreldrum sínum og virði þá en svo fjarlægist þau skyndilega foreldrana. Breytingarnar verði til þess að foreldrarnir fari að velta fyrir sér því sem betur mætti fara í eigin lífi.

Senior segir að sér hafi komið á óvart að þetta aldursskeið barnanna skuli bitna mest á mæðrunum á tíma jafnréttis. Það séu að vísu oftar þær sem reyni að koma unglingum fram úr á morgnana, fá þá til að taka til og læra heima. Feðurnir taki oftar að sér hlutverk félaga táningsins á heimilinu. Þess vegna verði árekstrarnir við feðurna minni.

Gréta Jónsdóttir, einstaklings-, hjóna- og fjölskylduráðgjafi, hefur orðið vör við það í starfi sínu að þetta tímabil í lífi barnanna geti reynt meira á mömmurnar en pabbana. „Þeim finnst að unglingurinn eigi að taka meiri þátt í heimilisstörfunum en það er ekki þar með sagt að hann geri það. Þær verða þá fyrir vonbrigðum og verða pirraðar yfir mótþróanum. Þá byrjar vítahringurinn. En það er svo sem ekki hægt að alhæfa neitt.“

Gréta getur þess að gríðarlegar breytingar verði á lífi bæði mæðranna og feðranna þegar börnin verða unglingar. „Barnið verður sjálfstæðara og foreldrarnir átta sig á að stutt sé þangað til það verður fullorðið og fer að heiman. Foreldrarnir fara að velta fyrir sér hvað taki við. Þá koma oft upp erfiðleikar í sambandi foreldranna sem hafa kannski alltaf talað bara um börnin.“

ibs@frettabladid.is



**TÁNINGAR** Fjörutíu prósent foreldra greina frá breytingum á andlegri heilsu sinni þegar fyrsta barnið verður táningur, að því er kemur fram í bókinni All Joy and No Fun. NORDIDPHOTOS/GETTY

www.volkswagen.is

Vinsælasti atvinnubíll á Íslandi síðastliðin ár!









Caddy með nýju sniði

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga til að létta sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Það er engin tilviljun að Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen-eigenda.

Caddy City kostar aðeins frá

2.630.000 kr.

(2.120.968 kr. án vsk)

Atvinnubílar

Söluaðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


Verði ljós
Percy
borðlampi
15.990 kr.
Eco Poise
borðlampi
9.990 kr.
Eternity
borðlampi
9.990 kr.
Probe
kastari
7.500 kr.
Artu
útiljós
18.900 kr.
Arto
útiljós
18.800 kr.
Berna
útiljós
18.800 kr.
Ina
kastari
11.995 kr.
Sofia
kastari
8.800 kr.
Ina
kastari
5.945 kr.
Ina
kastari
9.995 kr.
Ina
kastari
13.995 kr.
Embassy
standlampi
10.790 kr.
Kensington
standlampi
8.830 kr.
Stækkunarglerslampi 22w
19.990 kr.
Stækkunarglerslampi 2x9w
29.990 kr.
Stækkunarglerslampi 12w
14.990 kr.
Glóey – gerir lífið bjartara
Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is

Listaverð nýrra Airbus-flugvéla WOW air er tífalt hærra en samanlagt eigið fé og skuldir WOW voru í lok árs 2013:

# WOW air fékk nýjar flugvélar með ríflegum afslætti

Nýjar Airbus A321-211 flugvélar WOW air voru keyptar með ríflegum afslætti, segir Skúli Mogensen forstjóri fyrirtækisins. Hann segir þó ekki hvað þær kostuðu.

Í tilkynningu sem WOW sendi á dögunum kemur fram að listaverð vélanna er 110 milljónir dollara, eða rétt innan við fimmtán milljarða króna, fyrir hvora vél. Ljóst er að fjárfestingin mun setja svip á reikninga WOW air því samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2013 nam eigið fé og skuldir félagsins í lok þess árs 2,98 milljörðum króna. „Þetta er stór fjárfesting sem styrkir okkur til muna,“ segir Skúli.

Skúli segir að vélarnar séu fengnar með kaupleigu til tólf ára þannig að fyrirtækið muni eignast vélarnar á þeim tíma. „Lykillinn að þessu er að við gengum inn í mun stærri samning á mjög hagstæðum kjörum og það er það sem gerir okkur kleift að fjármagna þessar vélar með þessum hætti,“ segir hann.

Vélarnar verða notaðar í flugi til Boston og Washington en síðan líka til Evrópu. Skúli segir að það standi svo til að stækka leiðakerfi WOW air. „Ég hef orðið var við að það eru einhverjir að gera lítið úr þessum kaupum, að þetta séu ekki nýjar vélar. Þetta eru glænýjar vélar beint úr kassanum og þeim hefur ekki verið flogið áður, þó að þær hafi verið á leiðinni til Rússlands,“ segir Skúli.

Hingað til hefur WOW air verið með vélar á leigu. „Núna erum við búin að festa okkur í sessi og þá líður mér betur með að gera langtímafjárfestingar sem flugvélakaup eru vissulega. Þá er mun hagstæðara svo lengi sem þú getur fengið réttu flugvélarnar á réttum kjörum og á hagstæðari fjármögnun að kaupa þær en að leigja til lengri tíma,“ segir hann. - jhh



**FORSTJÓRINN** WOW air mun hefja flug til Bandaríkjanna í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FORSTJÓRI TM** Sigurður Viðarsson segir hagnaðinn meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vátryggingarekstur TM var í járnum á síðasta ári:

## Minni hagnaður TM

„Þrátt fyrir að hagnaður félagsins á árinu 2014 dragist saman milli ára var hann meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hagnaðurinn skýrist að stærstum hluta af góðri afkomu af fjárfestingarstarfsemi en vátryggingareksturinn var í járnum, bæði vegna óvenju margra stærri eignatjóna og aukinnar tíðni ökutækjatjóna,“ segir Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

Heildarhagnaður Tryggingamiðstöðvarinnar á síðasta ári eftir skatta var 2,07 milljarðar króna en var 2,33 milljarðar á síðasta ári. Heildarhagnaður fjórða fjórðungs var 533 milljónir króna en var 432 milljónir árið á undan. Framlegð af vátryggingastarfsemi var neikvæð um 215 milljónir króna á fjórða fjórðungi en var jákvæð um þrjár milljónir á sama tímabili í fyrra. Framlegðin var jákvæð um 117 milljónir á öllu síðasta ári en var jákvæð um 871 milljón allt árið á undan.

Eigið fé félagsins nemur 13,96 milljörðum króna og er eiginfjárhlutfallið 44,9 prósent. Stjórn TM leggur til að 4.000 milljónir króna verði greiddir í arð á árinu 2015. Að auki leggur stjórn til að allt að 1.500 milljónum króna verði varið til kaupa á eigin bréfum. - jhh

Forstjóri Fjarskipta sáttur við uppgjör síðasta árs:

## Milljarður í hagnað

Hagnaður Fjarskipta, eða Vodafone á Íslandi, eftir skatta nam 1,09 milljörðum króna á síðasta ári. Hann jókst um 29 prósent á milli ára. Hagnaður fyrirtækisins eftir skatta á fjórða fjórðungi nam 273 milljónum króna og jókst um 36 prósent á milli tímabila.



**STEFÁN SIGURÐSSON**

„Árið 2014 var um margt sérstakt. Fyrri hlutinn einkenndist af mikilli innri vinnu í tengslum við innviði og öryggismál félagsins en seinni hlutinn af sókn á fjölmörgum sviðum á sama tíma og ágætur árangur náðist á kostnaðarhliðinni,“ segir Stefán Sigurðsson, forstjóri Fjarskipta, í tilkynningu.

Stefán segir að mikil uppbygging hafi átt sér stað á kerfum félagsins á árinu, ekki síst á sviði farsíma og sjónvarpsdreifingar. Hann segir einnig að efnahagsreikningur félagsins hafi verið mjög sterkur í árslok með eiginfjárhlutfallið 54,7% og hreinar vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA-hagnaði 1,5. - jhh

# Mure heldur áfram viðræðum við Google

Einn stofnenda nýsköpunarfyrirtækisins Mure fundar með fulltrúum Google síðar í mánuðinum. Mure vinnur að framleiðslu á vinnuumhverfi í sýndarveruleika.

Diðrik Steinsson, einn af stofnendum Mure VR, heldur til San Francisco síðar í mánuðinum til áframhaldandi viðræðna við fulltrúa Google. Mure vinnur að framleiðslu hugbúnaðar sem heitir BreakRoom í samstarfi við umhverfissálfræðinginn Pál Jakob Líndal. Verkefnið er að útbúa vinnuumhverfi í sýndarveruleika. Greint var frá áhuga Google á fyrirtækinu í fyrra.

„Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að opin vinnurými, sem yfir 70 prósent fyrirtækja eru með, hafa þannig áhrif á fólk að það kallar sig oft inn veikt í vinnuna. Það eykur stress og vinnuálag og þar af leiðandi minnka vinnuafköst. Nú eru mörg fyrirtæki að hugsa um að bakka út úr opnu vinnurými og yfir í það að stúka niður skrifstofurnar. Og það sem við værum að gera er að gera fyrirtækjunum kleift að koma í veg fyrir að eyða of miklum peningum í slíkar framkvæmdir með því að hafa búnað sem gerir fólki kleift að stúka sig af þegar það vill. Við erum að vinna með Oculus Rift sem er mjög ódýr búnaður. Kostnaðurinn er því hugbúnaðurinn og lítill stofnkostnaður við „hardware“.“ Diðrik áætlar að hægt verði að setja vöruna á markað á þriðja fjórðungi þessa árs. Unnið hefur verið að þróun vörunnar frá því í maí.

„Við fórum með fyrirtækið okkar í gegnum Startup Reykjavík, höfum fengið stuðning í gegnum Nýsköpunarmiðstöð Íslands og svo lentum við fjármögnun frá Eyrir sprotar í desember og fengum verkefnastyrk hjá Tækniþróunarsjóði,“ segir Diðrik. Nú sé verið að ræða við erlenda fjárfesta. Þegar Eyrir sprotar kom inn í verkefnið kom Hilmar Bragi Janusson inn í stjórn Breakroom.

„Við erum í samræðum við Google. Þeir hafa áhuga á þessari vöru,“ segir hann og vísar aftur til þess að tortryggni gæti í garð opinna vinnurýma, en fram að þessu hafi Google lagt mikla áherslu á opin rými. „Það var grein í Washington Post í nóvember sem hét einfaldlega How Google did it all wrong,“ segir Diðrik. Harvard Business Review hafi gefið út heilt hefti um það hvað sé næst í hönnun vinnurýma. Mjög mikið sé talað um slæmu hliðarnar á opnu vinnurými.

jonhakon@frettabladid.is



**FER Á FUND GOOGLE** Diðrik Steinsson er einn stofnenda Mure. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### OCULUS RIFT SKAPAR PRÍVÍDDARSÝN

Oculus Rift eru eins konar gleraugu með vélbúnaði sem gerir fólki kleift að svipast um í sýndarveruleika, á sama hátt og gert væri í raunheimum. Á vef Oculus segir að tækið skapi þrívíddarsýn með mikilli dýpt með því að skapa tvær sams konar myndir hvora fyrir sitt augað en þegar horft er á þrívíddarsjónvarp sjá bæði augun sömu myndina.




ÞÝSKT ÍSLENSKT

Glæsilegar eldhúsinnréttingar

Innréttingarnar frá Eirvík eru sérsmíðaðar í Þýskalandi. Einingarnar koma samsettar til landsins sem sparar tíma í uppsetningu og tryggir meiri gæði.

Sérstaða okkar fellst í því að bjóða heildarlausn fyrir eldhúsið. Við höfum næmt auga fyrir smáatriðum og bjóðum persónulega þjónustu. Höfuðáhersla er lögð á lausnir sem falla að þörfum og lífsstíl hvers og eins.

Líttu við hjá okkur og fáðu tilboð í innréttinguna og eldhústækin og tryggðu þér raunveruleg gæði á réttu verði. Hönnun og ráðgjöf á staðnum.

Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

NÝTT KORTATÍMABIL

# 30% AFSLÁTTUR

## AF POLO U-TUNGUSÓFA




Stærð: 298 x 152 x 205 x H64 cm.

**30% AFSLÁTTUR** áður 189.900,- **NÚ 132.930,-**

## 25% AFSLÁTTUR AF XENIA BORÐSTOFUBORÐI

Stærð 200 x 100 cm.

**25% AFSLÁTTUR** áður 169.900,- **NÚ 127.425,-**

Afsláttur gildir 19.–25. febrúar.




## 25% AFSLÁTTUR AF RÚSKINN STÓLUM M/STÁLFÓTUM

**25% AFSLÁTTUR** áður 19.990,- **NÚ 14.992,-**

## 3 *fyrir* 2 AF KERTUM
## 3 *fyrir* 2 AF SNYRTIVÖRUM
## 3 *fyrir* 2 AF PÚÐUM




KOMDU Í HEIMSÓKN OG SKOÐAÐU
FJÖLBREYTT VÖRUÚRVAL Á PIER.IS

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Erum á Facebook • www.pier.is

# SKOÐUN

Ágætri skýrslu skilað um furðulegar ásakanir:

## Drullumall

Óska má Brynjari Níelssyni, lögmanni og þingmanni Sjálfstæðisflokksins, til hamingju með rannsókn sína og umfjöllun um alvarlegar ásakanir Víglundar Þorsteinssonar á hendur þeim sem stóðu að endurreisn bankakerfisins eftir hrun. Niðurstöðum skilaði Brynjar til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í fyrradag.

Þar er reifað hvernig Víglundur hefur haldið því fram að ráðherrar og embættismenn hafi farið út fyrir heimildir neyðarlaganna í samningum við kröfuhafa gömlu bankanna og bent á þann grundvallarmisskilning í málatilbúnaði Víglundar um að bráðabirgðamat Fjármálaeftirlitsins í október 2008 hafi verið endanlegur úrskurður um verðmæti eigna sem færðar voru úr þrotabúum bankanna.



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Skemmst er frá því að segja að Brynjar segir útilokað að taka undir ásakanir um að hagsmunum kröfuhafa hafi á einhvern hátt verið gert of hátt undir höfði. „Eignir gömlu bankanna eru varðar af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Fráleitt væri því að ætla þeim, sem tekur eignir eignarnámi, að meta verðmæti þeirra og án allrar aðkomu þess sem þola þarf eignarnámið.“ Ekki verði annað ráðið en mat Fjármálaeftirlitsins 2008 hafi bara verið viðmið, en ekki endanlegt mat á verðmæti eigna bankanna.

Þá bendir Brynjar á að líkt og alltaf þegar miklir hagsmunir togist á þá sýnist sitt hverjum og eftir á megi sjá að margt hefði mátt betur fara. En fram hjá því verði ekki horft að hér hafi tekist að endurreisa bankakerfið og greiðslumiðlun ekki fallið niður einn einasta dag. „Hér stóðu stjórnmálamenn, embættismenn og sérfræðingar frá haustinu 2008 frammi fyrir nánast óvinnandi verkefni við fordæmalausar aðstæður. Það verkefni var, þrátt fyrir allt, leyst af hendi og ástæða er til að fagna því,“ segir hann.

Undir þetta má taka með Brynjari um leið og gleðjast má yfir því að fá fram faglega unnið mat, laust við pólitískar skotgrafir, á vitavitlausum ásökunum sem fengið hafa vægi í opinberri umræðu langt umfram innistæðu.

Kannski er þeim nokkur vorkunn sem stukku á málið í leit að skotfærum í pólitísku drullumalli, því dálitla skoðun þurfti til að sjá að málatilbúnaðurinn var á sandi byggður.

Í umræðum í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær var kallað eftir áliti forsætisráðherra á samantekt Brynjars, enda hafði ráðherrann í janúar tekið undir með ásökunum Víglundar. Og merkilegt nokk virðist grunnniðurstaða skoðunarinnar, um að ekki sé fótur fyrir ásökunum hans, ekki hafa náð alla leið í gegn.

Brynjar gefur því reyndar undir fótinn að rannsókn á ákvarðanatöku við endurreisn bankanna sé eðlileg, jafnvel þótt hann sjái þess ekki merki að beitt hafi verið „svikum og blekkingum eða að með vísvitandi hætti hafi verið farið á svig við lög“.

Mikilvægara er líklega að skoða ferlið með það fyrir augum að styrkja lagaumgjörð og verkferla í óvenjulegum aðstæðum, líkt og Brynjar leggur líka til.

Forsætisráðherra sagðist hins vegar á þingi í gær vilja umræðu um það sem málið snúist í raun um, „pólitískar ákvarðanir, rangar og skaðlegar pólitískar ákvarðanir, ákvarðanir sem miðuðu að því að koma til móts við kröfur kröfuhafa bankanna“. Ályktanir sem ekki verða dregnar af skýrslu Brynjars. Áfram skal drullumallað.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*



Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25–54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Formannatal

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, áttu í umræðum í gær. Á yfirborðinu fjölluðu þær um glufur í skattalögum, en eftir marglaga snúninga á túlkun og tjáningu hvort annars, er eiginlega ómögulegt að segja um hvað var rætt. Gæti verið menningarhátíð í Mogadishu, eða staðan á gröf íslenskra fræða, en svo hefur grunnur væntanlegs húss íslenskra fræða verið nefndur af hinum óþreytandi gárungum. Samtalið hófst á því að Katrín spurði um frumvarp sem hún lagði fram á síðasta þingi og var vísað til ríkisstjórnar. Væri ekki rétt að það kæmi þaðan?



### Ekki allt slæmt frá útlöndum

Spurningu Katrínar hefði mátt svara með já-i eða nei-i, en til hvers að vera á þingi ef menn nýta ekki tækifæri til að flækja hlutina? Forsætisráðherra útskýrði í löngu máli að erlend fjárfesting væri ekki alltaf slæm, en hún kæmi vissulega frá útlöndum og þeir sem legðu hana fram gerðu það oftast líka og fjárfestar vildu oft græða á fjárfestingum og erlendir fjárfestar væru jú í útlöndum og gróðinn færi þá út, en erlendar fjárfestingar væru alls ekki alltaf slæmar, meira bara eins og erlend lán.



### Get ekki tjáð mig né túlkað

Katrín einhenti þennan bolta á lofti og bauðst til að þýða svar ráðherra með mildum hætti á þann hátt að hann vildi stoppa í glufur í skattalögum. Sigmundur tók undir túlkun Katrínar á orðum Sigmundar, en þó aðeins að mestu, benti jafnframt á að fyrirtæki gætu líka tekið lán í erlendum bönkum og klykkti út með orðunum: „En til að gera langa sögu stutta þá held ég að ég og hv. þingmaður séum sammála um mikilvægi þess að hámarka skatttekjur ríkissjóðs.“ Það var og. Svarið við spurningunni um hvort rétt væri að leggja frumvarpið fram kom þó aldrei. Til hvers að vera að einfalda hluti ef hægt er að flækja þá?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Erum við í ruglinu?

SKIPULAG



Kristín Soffía Jónsdóttir

borgarfulltrúi

Ég er borgarfulltrúi í Reykjavík og við í meirihlutanum í borgarstjórn berum ábyrgð á mörgum umdeildum ákvörðunum. Í tengslum við breytingar á götum erum við oft sökuð um að vera í ruglinu.

Nú er verið að skoða þann möguleika að breyta Grensásveginum milli Miklubrautar og Bústaðavegar. Hugmyndin er að fækka akreinum úr fjórum í tvær og koma fyrir hjólareinum. Tilurð þessara hugmyndar má rekja til óska frá íbúum sem kvartað hafa undan hraðri umferð á þessum götubút sem sker skóla- og frístundahverfi. Umferðartalningar sýna skýrt að ekki er þörf á fjórum akreinum þarna og sólarhringsumferð er langt undir þeim viðmiðum sem við notum.

Þessa hugmynd má gagnrýna og það er gott að fá fram gagnrýni sem vonandi og örugglega forðar okkur frá því að fara í vanhugsaða framkvæmd.

Að því sögðu þá held ég að við verðum að staldra við og hugsa, hvað er vanhugsuð eða misheppnuð framkvæmd og hvað er velheppnuð framkvæmd?

Í umræðunni um Grensásveginn hafa þær breytingar sem gerðar voru í Borgartúninu nokkuð oft verið nefndar og það sem hefur stungið mig er þegar bent er á Borgartúnið sem víti til varnaðar og

**➜ Að því sögðu þá held ég að við verðum að staldra við og hugsa, hvað er vanhugsuð eða misheppnuð framkvæmd og hvað er velheppnuð framkvæmd?**

Borgartúnið dæmt misheppnað.

Ég er nefnilega á því að Borgartúnið hafi heppnast mjög vel. Öll þau markmið sem farið var af stað með hafa náðst.

Strætófarþegum hefur fjölgað um 17% í götunni – mesta aukning í öllu strætókerfinu. Hjólandi hefur fjölgað um 220% – sem er algjör sprenging og langt umfram meðaltalið í borginni. Fótgangandi í nágrenninu hefur fjölgað úr 19% í 23% og umferðaröryggi er stórbætt. Ekki hafa orðið slys á gangandi eða hjólandi en slíkt var nær árlegur viðburður fyrir breytingar.

Umferð einkabíla er nokkuð svipuð og áður, ný bankaútibú hafa opnað sem og nýtt kaffihús sem slegið hefur í gegn. Óhætt er að segja að gatan blómstri.

Ég segi því – vonandi munu breytingar á Grensásvegi skila okkur svipuðum árangri og breytingarnar í Borgartúni.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Norðurlönd í ljóma

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Hvað er svona merkilegt við Norðurlönd? Hvers vegna njóta þau vegs og virðingar um allan heim?

Stutta svarið er, að Norðurlandaþjóðirnar hafa búið sér svipuð lífskjör og Frakkar og Þjóðverjar, helztu forustuþjóðir ESB. Ekki er sjálfgefið, að þjóðum á hjara álfunnar geti tekizt að búa sér lífskjör svipuð þeim, sem þjóðirnar í hjarta álfunnar búa við. Það hefur íbúum Norðurlanda þó tekizt, t.d. ef miðað er við þjóðartekjur á hverja vinnustund, sem er skásti tiltæki hagræni mælikvarðinn á lífskjör. Árið 2013 voru þjóðartekjur á hverja vinnustund 55 Bandaríkjadalir í Þýzkalandi, 50 dalir í Danmörku, 47 dalir í Frakklandi og 45 dalir í Svíþjóð borið saman við 72 dali í Noregi og 33 dali á Íslandi. Hér er stuðzt við gögn Alþjóðabankans um kaupmátt þjóðartekna og tölur hagfræðinga við Háskólann í Groningen í Hollandi um fjölda vinnustunda. Hér sjást engin merki um, að skattpíning eða önnur áþján hafi dregið þrótt úr norrænu efnahagslífi.

Að ýmsu leyti vegnar Norðurlandaþjóðunum jafnvel betur en grönnum þeirra sunnar í álfunni. Atvinnuleysi er nú t.d. mun minna á Norðurlöndum en í Frakklandi líkt og löngum fyrr, en þó meira en í Þýzkalandi. Öll þessi Evrópulönd eiga það sammerkt, að þar er engin umtalsverð lágstétt, sem fer alls á mis líkt og í Bandaríkjunum og mörgum þróunarlöndum. Þéttriðnu velferðarneti Evrópulandanna, sem á rætur að rekja til áranna eftir sameiningu Þýzkalands 1871, er ætlað að tryggja, að enginn þurfi þar að líða skort. Það hefur tekizt betur í Evrópu en í Bandaríkjunum.

**Viðskipti og tækni**

Árangri Norðurlandanna er hægt að lýsa með ýmsum áherzlum. Norðurlandaþjóðirnar hafa komið sér upp opnu samfélagi, sem hefur hagkvæmni og réttlæti að leiðarljósi. Norðurlöndin eru lítil, þ.e.a.s. fámenn, borið saman við flest önnur Evrópulönd og hafa reynt að bæta sér upp óhagræði af völdum smæðarinnar með sívaxandi viðskiptum við umheiminn. Frá 1970 hafa Danir og Svíar náð að tvöfalda útflutning sinn á vörum og þjónustu miðað við landsframleiðslu líkt og Frakkar borið saman við þreföldun í Þýzkalandi, einu mesta útflutningsveldi álfunnar. Til samanburðar minnkaði útflutningur vöru og þjónustu frá Íslandi miðað við landsframleiðslu um fimmtung frá 1970 til 2007 í skugga hágengisstefnu stjórnvalda, sem einnig mætti kalla hálfgildings innilokunarstefnu. Við hrunið tók útflutningur langþráðan kipp, einkum ferðaþjónusta, þegar gengi krónunnar féll um helming. Þannig stendur á því, að vægi útflutnings í landsframleiðslunni 2013 var orðið fjórðungi meira hér heima en 1970, en þó langt í frá tvöfalt meira eins og í Danmörku, Frakklandi og Svíþjóð, hvað þá þrefalt meira eins og í Þýzkalandi.

**Velferð**

Hvernig tókst Norðurlandaþjóðunum að sigrast á útbreiddum ótta við erlend viðskipti? Hér hefur velferðarkerfið líkt og í Frakklandi og Þýzkalandi gegnt mikilvægu hlutverki. Launþegar þóttust geta treyst því að þurfa ekki að bera skarðan hlut frá borði, a.m.k. ekki varanlega, vegna aukinnar samkeppni frá útlöndum. Skilvirk velferðarstefna eflir traust og skapar um leið skilyrði til að efla efnahagslífið með erlendri samkeppni. Eitt leiddi af öðru. Opingáttarstefna Norðurlandanna efldi smám saman nýsköpun og frelsi einnig í innlendum viðskiptum. Upp spratt öflugur hátækniiðnaður, sem gerði Svíþjóð og Finnland um skeið að stórveldum á heimsmarkaði fyrir hátæknivörur, einkum farsíma. Svíar og Finnar verja hlutfallslega mun meira fé til rannsókna- og þróunarstarfs en Þjóðverjar og Frakkar. Alþjóðabankinn gefur Norðurlöndum háa einkunn fyrir auðvelt viðskiptaumhverfi, Dönum hæsta einkunn, þá Norðmönnum, Finnum, Svíum og Íslendingum. Þjóðverjar og Frakkar fá lægri einkunn en öll Norðurlöndin. Aldrei heyrast forustumenn í norrænu stjórnmála- eða viðskiptalífi hreykja sér af góðum árangri.

> Eitthvað virðist það þó ætla að vefjast fyrir vinnuveitendum að bjóða starfsmönnum sínum kaup og kjör, sem þættu boðleg annars staðar um Norðurlönd.

**Framar á flestum sviðum?**

Þessi örstutta greinargerð um árangur Norðurlanda gefur tilefni til að rifja upp yfirlýsingu Viðskiptaráðs hálfu ári fyrir hrun 2008: „Viðskiptaráð leggur til að Ísland hætti að bera sig saman við Norðurlöndin enda stöndum við þeim framar á flestum sviðum.“ Eitthvað virðist það þó ætla að vefjast fyrir vinnuveitendum að bjóða starfsmönnum sínum kaup og kjör, sem þættu boðleg annars staðar um Norðurlönd.

# Borgin kippir að sér hendinni í félagsmiðstöðvum

KJÖR ALDRAÐRA
Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara



> Eru mörg dæmi um það, að eldri borgarar hafa hætt í þessu félagsstarfi vegna hækkana á gjaldskrám.

Reykjavíkurborg heldur uppi margvíslegri félagsstarfsemi fyrir eldri borgara. Borgin rekur 17 félagsmiðstöðvar víðs vegar um borgina. Það er af hinu góða. En síðustu árin hafa mál þróast þannig í þessum félagsmiðstöðvum, að Reykjavíkurborg hefur kippt að sér hendinni varðandi fjárveitingar til þessarar starfsemi. Borgin hefur fellt niður greiðslur til leiðbeinenda á ýmsum námskeiðum, í dönskukennslu og í annarri starfsemi. Eldri borgarar hafa sjálfir orðið að borga leiðbeinendum í vissum tilvikum eftir að borgin felldi niður greiðslur. Jafnframt hafa gjaldskrár fyrir þjónustu, sem borgin veitir eldri borgurum, verið hækkaðar, nú síðast um síðustu áramót.

**Hrakið frá félagsmiðstöðvum**

Gjöld, sem borgin innheimtir af eldri borgurum, eru ekki há. Hækkanir eru ekki miklar. En láglaunafólk meðal eldri borgara finnur mikið fyrir því þegar þessi gjöld hækka. Eru mörg dæmi um það, að eldri borgarar hafa hætt í þessu félagsstarfi vegna hækkana á gjaldskrám. Þegar engir peningar eru til, verða lágar upphæðir fyrir félagsstarf aldraðra háar. Þess verður vart í umræðu um málefni aldraðra, að sumum finnst sem eldri borgarar þurfi engar kjarabætur. Þeir hafi það ágætt. Það rétta er, að hagur eldri borgara er mjög misjafn. Sumir hafa það gott, einkum þeir, sem eiga skuldlaust húsnæði en aðrir eldri borgarar búa við mjög bág kjör og þurfa að greiða háar upphæðir í húsaleigu. Í slíkum tilvikum dugar ellilífeyrir ekki fyrir brýnustu þörfum. Þetta þurfa ráðamenn Reykjavíkurborgar að skilja þegar gjaldskrár eru hækkaðar og borgin hættir að greiða fyrir þjónustu við aldraða.

**Gjöld verði lækkuð**

Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík tók þessi mál fyrir á fundi sínum í desember sl. Þar var samþykkt að skora á Reykjavíkurborg að lækka verð á þjónustu, sem veitt er eldri borgurum. Borgin hefur leitað eftir því við WHO, Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, að verða útnefnd aldursvæn borg. Eigi það að ganga eftir verður að lækka verð á þjónustu til eldri borgara.

# „Einfaldanir í trúarefnum valda oft dauða“!

TRÚMÁL
Gunnar Ingi Gunnarsson
læknir



Fyrirsögnin hér að ofan er tekin innan úr grein séra Sigurðar Árna Þórðarsonar, sóknarprests Hallgrímskirkju, en hann fann sig knúinn til að senda Jóni Gnarr tóninn í Fréttablaðinu vegna magnaðrar greinar, sem borgarstjórinn fyrrverandi fékk birta í sama blaði þann 14. febrúar sl. um það, aðallega, hvernig hann varð trúlaus.

Að mati undirritaðs ber svarpistill séra Sigurðar Árna fyrst og fremst með sér keim oflætis og ofmetnaðar og því verðfellir pistillinn hans sig sjálfkrafa við lesturinn. Með því, sem hér er skrifað, er ekki ætlunin að hlaupa, óumbeðinn, fram fyrir skjöldu Jóns Gnarr, en samt langar undirritaðan til að benda á tvö athyglisverð atriði í málflutningi prestsins. Annað atriðið varðar þetta, þar sem séra Sigurður Árni mærir kristna trú:

„Að auki elur kristnin á umburðarlyndi vegna jákvæðrar mannsýnar Jesú Krists sem bar virðingu fyrir fólki og skoðunum þess.“ Stuttu síðar skrifar presturinn: „Afstaða til samkynhneigðra er t.d. oftast fremur menningarmál en mál trúar.“ Já, sæll! Hér er samkynhneigðin óþægilega einfaldlega sett í aðra skúffu. Tekin út fyrir sviga, svo kynhneigðin abbist ekki upp á umburðarlyndi Jesú Krists? Hitt atriðið sem undirritaður hnaut um var fyrirsögn greinarinnar. Hvað merkir hún, í Jesú nafni? Er þetta klassísk kristin hótun? Einfaldið eigi efni trúar, því þá…?



# Ég er ekki til

TRÚMÁL



**Bjarni Karlsson**
prestur og MA í siðfræði

Ég er einn fjölmargra Íslendinga sem er Jóni Gnarr þakklátur. Þakklátur honum fyrir að hafa ruggað þjóðfélaginu, hrist upp í steinrunnu embættiskerfi, gantast með valdhrokann og sýnt og sannað með framgöngu sinni að sjálfur er hann ekki að tryggja eigin hag. Jón Gnarr er í mínum huga hellings mikill frelsari sem í argasta gríni og fúlustu alvöru hefur opnað augu margra fyrir því að það er í lagi að vera alls konar og að við græðum öll á fjölbreytileikanum. Þess vegna langar mig að mótmæla aðalatriðinu í grein hans „Guð er ekki til“ sem birtist hér á þessum vettvangi sl. laugardag.

Það er sjaldgæft að fólk fjalli af einlægni um trúarbaráttu sína eins og Jón Gnarr gerir í greininni. Hann segir frá uppalendum sínum, persónulegum átökum, árangri og vonbrigðum og því fylgir viss heiðríkja. Það að bráðum fimmtugur maður greini frá því að hafa haft löngun til að geta trúað en orðið fyrir vonbrigðum í árangurslausri leit er virðingarvert og mikilsvert í mínum huga.

Og mér finnst líka áhugavert þegar bornar eru fram alhæfingar sem eru sannanlega rangar eins og þegar Jón fullyrðir að vísindin hafi útskýrt alheiminn sem þau hafa auðvitað ekki gert, eða að ein helsta fyrirstaða læknavísindanna til að bæta heilsu og bjarga mannslífum sé og hafi verið trúarkreddur ýmiss konar og að það sama eigi því miður líka við um mannréttindi.

Þetta eru fullyrðingar sem gott er að rökræða. Tuttugasta öldin var mesta framfaraöld í lækningum og lífslíkum almennings sem runnið hefur upp og ég efast um að margir sagnfræðingar myndu telja að trúarkreddur hafi þvælst þar mikið fyrir, öllu heldur myndu margir benda á hina gríðarlegu misskiptingu sem orðið hefur og ógrar lýðheilsu veraldar umfram flest annað.

Tuttugasta öldin var líka blóðugasta öld mannkynssögunnar þar sem mannréttindi voru fótumtroðin með skipulagðari hætti en nokkru sinni fyrr. Ber þar hæst byltinguna í Rússlandi og Kína, framgöngu Rauðu khmeranna í Kambódíu og heimsstyrjaldirnar tvær ásamt sívaxandi misskiptingu á heimsvísu sem jaðarsetur einstaklinga, samfélög og þjóðir. Og skammt er að minnast árásarinnar inn í Írak sem gerð var á lognum forsendum eins og allir vita. Í þessu öllu var að verki alræðishyggja studd veraldlegum hugmyndakerfum svo sem sósíalisma, kommúnisma, nasisma og kapítalisma sem klárlega byggja ekki á trúarlegri heimsmynd. Því tel ég fullyrðingar Jóns um trúarbrögð byggðar á heldur þröngu heimildavali sem gagnlegt væri að ræða.

**Mér er brugðið**

Það sem mér þykir hins vegar vont í grein hans er krafan sem hann gerir til allra trúaðra um að þegja: „Ég virði rétt fólks til að hafa hverjar þær skoðanir sem því sýnist í trúmálum. [...] Svo framarlega sem það heldur því fyrir sig.“ Þetta er ekki það sem Jón Gnarr hefur staðið fyrir fram að þessu. Hann hefur hingað til einmitt talað fyrir fjölbreytni og frelsi. Því skil ég ekki þessa breytingu og verð að viðurkenna að mér er brugðið.

Ef drifkraftur gjörða minna og heimsmynd eru gerð að einkamáli sem mér er ætlað að fela, er ég þá til í fullri merkingu þeirra orða? Ef ég má ekki lifa út lífsskoðun mína, tjá hana og leitast við að sannfæra aðra af því að hún fellur ekki að ríkjandi hugmyndafræði – hvað heita slíkar aðstæður? Hverju vill Jón Gnarr ná fram þegar hann líkir trúarlegri hugsun við það að hugsa með typpinu? Hver verður staða mín sem trúaðs manns í samfélagi ef ríkjandi öfl setja mig þannig út á jaðarinn með háði? Er ég þá til?

**➜ Þetta er ekki það sem Jón Gnarr hefur staðið fyrir fram að þessu. Hann hefur hingað til einmitt talað fyrir fjölbreytni og frelsi. Því skil ég ekki þessa breytingu og verð að viðurkenna að mér er brugðið. Ef drifkraftur gjörða minna og heimsmynd sem mér er ætlað að fela, er ég þá til í fullri merkingu þeirra orða?**

# Fólk eða fjármunir? Hver eru markmið velferðarþjónustu?

VELFERÐARMÁL



**María Rúnarsdóttir**
formaður Félagsráðgjafafélags Íslands

Á síðustu vikum hafa borist fréttir af ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk þar sem augljóst er að skipulagsbreytingar á þjónustunni hafa leitt til þess að þjónustan er ekki með þeim hætti sem best verður á kosið, og er þá vægt til orða tekið.

Hagsmunasamtök hafa til margra ára kallað eftir auknu samráði um þessa mikilvægu þjónustu en svo virðist sem fatlað fólk hafi lítið verið haft með í undirbúningi að breytingum á þjónustunni. Þegar svo alvarlegur misbrestur kemur upp í viðkvæmri velferðarþjónustu vaknar spurningin um hvar ábyrgðin liggur og hver eru markmið þjónustunnar. Er markmiðið að veita góða þjónustu og hugsa hana alla leið út frá þörfum þess hóps sem hennar nýtur eða er markmiðið að veita þjónustuna þannig að hún kosti sem minnst?

Önnur frétt var í blöðunum nýverið sem vakti mig einnig til umhugsunar. Hrafnistu er ekki tryggt fjármagn til að halda uppi endurhæfingarinnlögn fyrir aldraða sem búa heima og hefur því tekið til þess að ráðs að segja upp starfsfólki og gera breytingar á þjónustunni. Hvert er markmiðið í þessu tilfelli? Er þjónustan hugsuð út frá skammtíma- eða langtímamarkmiðum?

Lög um málefni fatlaðs fólks og aldraðra marka skýra sýn á þjónustu við þessa tvo hópa. Markmið laga um málefni fatlaðs fólks er að tryggja sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Þar segir einnig að stjórnvöld skuli tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir. Markmið laga um málefni aldraðra er að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf. Með öðrum orðum má segja að markmiðið sé að tryggja þjónustu eins og endurhæfingarinnlagnir til þess að auka lífsgæði aldraðra og stuðla þannig að því að þeir geti búið sem lengst heima.

Ég skora á stjórnvöld að hafa markmið laga að leiðarljósi í skipulagningu velferðarþjónustu og setja fólk í forgang en ekki fjármuni. Það er mikilvægt að fara vel með almannafé og skipuleggja þjónustuna með sem hagkvæmustum hætti, en fólkið verður að vera í forgangi.

**➜ Ég skora á stjórnvöld að hafa markmið laga að leiðarljósi í skipulagningu velferðarþjónustu.**

**Mercedes-Benz 4MATIC**
**Góðir aldrifsbílar í vetrarfærðina**
Mercedes-Benz

**E 250 CDI 4MATIC**
**Árgerð 2013, ekinn 14 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 205 hö. Eyðsla 5,3 l/100 km í bl. akstri.**
Búnaður: Ljósapakki utan (Xenon, LED o.fl.), minnispakki (sæti/stýri/speglar), panorama sólþak, PARKTRONIC skynjarar, viðarinnrétting, leðuráklæði, 6 diska magasín o.fl.
**Verð 9.980.000 kr.**



**ML 500 4MATIC**



**Árgerð 2006, ekinn 120 þús. km, sjálfskiptur, bensín, 303 hö.**
Búnaður: Harman Kardon hljómkerfi, rafdrifinn afturhleri, minnispakki fyrir sæti og stýri, sóllúga, skyggðar rúður o.fl.
**Verð 3.990.000 kr.**

**GLK 250 BLUETEC 4MATIC**



**Árgerð 2014, ekinn 11 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 205 hö. Eyðsla 6,1 l/100 km í bl. akstri.**
Búnaður: Aksturstölva, fjarlægðarskynjarar, hraðastillir, stafrænt mælaborð, skyggðar rúður, minnispakki fyrir sæti og stýri o.fl.
**Verð 7.590.000 kr.**

Bílafjármögnun Landsbankans
Klettháls 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is
**Opið** virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16
ASKJA
**NOTAÐIR BÍLAR**


MARKAÐS
DAGAR
í öllum
verslunum
BYKO
200 kr.
100 kr.
300 kr.
400 kr.
1500 kr.
1000 kr.
50 kr.
600 kr.
500 kr.
800 kr.
Gerðu alveg hreint ótrúleg kaup!
Mikið úrval af vörum frá 50 krónum og upp í 1500 krónur.
Töluvert af öðrum vörum á stórlækkuðu verði.
ÞAÐ BORGAR SIG AÐ
LÍTA VIÐ Á MARKAÐINN
Gríðarlegt úrval
af pottaplöntum á
20% afslætti
Grænland
BYKO BREIDD
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

# Hvítþvottur skóskúrka

DÓMSMÁL



**Jakob Frímann Magnússon**
framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar og situr í stjórn Reykjavik Fashion Festival og STEFs

Fram undan er Hönnunarmars með tilheyrandi tískusýningum og upplifunum í miðborginni þar sem Reykjavik Fashion Festival ber hæst. Fyrirtæki á vettvangi tísku og hönnunar hafa komið og farið í tímans rás. Nokkur hafa lifað af og dafnað frá ári til árs þrátt fyrir veikburða stoðkerfi hönnunar á Íslandi. Eitt þeirra fyrirtækja sem hafa staðið sig hvað best og náð umtalsverðum árangri á alþjóðavettvangi er fyrirtæki hjónanna Hugrúnar Árnadóttur og Magna Þorsteinssonar, KronKron.

KronKron hefur starfað í miðborginni í um 15 ára skeið við vaxandi vinsældir. Vöxturinn hefur byggt á fyrirtakshönnun og gæðum, skynsamlegum og aðhaldssömum rekstri og varfærni í illfyrirsjáanlegum heimi íslenskra viðskipta. Vörur fyrirtækisins hafa verið seldar í um hundrað löndum. Á undanförnum misserum hefur fyrirtækið heldur betur vakið athygli með því að vera ítrekað boðin þátttaka í alþjóðlegum stórviðburðum á borð við Emmys, MTV Awards, American Music Awards, Hollywood Film Awards og Golden Globe.

### Afsláttur af ónýtri vöru

Í hinum skreipa heimi árstíðabundinnar tískuvöru skiptir sköpum að varan skili sér með óaðfinnanlegum hætti á viðkomandi markað innan settra tímamarka. Samansafn vel útfærðra smáatriða og fágunar hefur einkennt tískuhönnun KronKron um árabil og hvers kyns frávik eða slökun á gæðakröfum getur hæglega orðið banabiti tískuhönnunarfyrirtækis af þessum toga.

Mikilvæg sending frá spænskum skóframleiðanda KronKron reyndist alvarlega gölluð árið 2011 og gerði fyrirtækið strax athugasemdir og hafnaði umræddri pöntun. Framleiðandinn lét eins og um smámál væri að ræða, krafðist tafarlausrar greiðslu en bauð 20% afslátt í ljósi hinna augljósu galla og slufsulega frágangs.

KronKron hafnaði því alfarið að taka umrædda gallagripi til sölu og dreifingar, jafnvel þótt 20% afsláttur byðist. Það er þekkt að metnaðarfullt tísku- og hönnunarfyrirtæki gefur engan afslátt af gæðakröfum sínum og metnaði og lætur ekki hyskni framleiðenda stjórna eigin för.

### Óprúttnir gripdeildarmenn

Hinir óprúttnu spænsku skóframleiðendur og umbjóðendur þeirra þrjóskuðust við. Á svipuðum tíma tóku að berast ábendingar að utan um að skór KronKron væru til sölu hjá verslunum og keðjum sem hvergi sá stað í viðskiptamannaskrám fyrirtækisins. Eigendur KronKron neituðu lengi vel að trúa slíku upp á samstarfsaðila fyrirtækisins um margra ára skeið. Sannleikurinn kom þó um síðir í ljós: Hinir óprúttnu erlendu viðsemjendur KronKron höfðu sjálfir stundað að selja vörur undir merkjum KronKron – án minnstu vitundar fyrirtækisins og í augljósu trássi við þær sérverslanir og keðjur sem fyrirtækið hafði ræktað sambönd við um árabil. Hér má augljóst vera að framinn hefur verið alvarlegur glæpur með einbeittum brotavilja; höfundarréttur ekki virtur og vöru dreift í nafni KronKron án vitundar eða samráðs við fyrirtækið, hönnuði þess og eigendur. Vægast sagt vítavert og refsivert framganga, en viti menn! Þau undur og stórmerki áttu sér stað fyrir skemmstu að sjálfur Hæstiréttur Íslands dæmdi spænsku skúrkunum í vil og það með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir hið smáa en glæsilega íslenska tískufyrirtæki!

Sýndi þar æðsti dómstóll landsins að hann hefur lítinn skilning á verðmæti hágæðavöru sem haldin er galla eða þá á eðli hönnunar. Meðhöndlaði Hæstiréttur því málið líkt og þar væri um að ræða hvern annan sandpoka, sem tæki verðbreytingum eftir því hversu vel heppnaður sandpokinn væri.

Dómurinn undirstrikar einnig hversu lítillar verndar hönnuðir njóta og hversu takmörkuð úrræði þeirra eru þegar á þeim er brotið.

Getur virkilega verið svo komið að höfundarréttur sé að engu hafður, t.a.m. sökum þess að viðvarandi höfundarréttarbrot gagnvart listafólki á netinu eru iðulega látin afskiptalaus af yfirvöldum? Hvernig getur mönnum daprast dómgreind og réttlætiskennd með svo augljósum hætti?

Viljum við gera Ísland að alþjóðlegu skúrkaskjóli með blessun íslenskra dómstóla í bak og fyrir?

Skyldi dómur sem þessi geta orðið fordæmisgefandi? Sé svo, ber þeim sem hér á landi starfa að sköpun að hugsa alvarlega sinn gang og hvort sætt sé lengur eða stætt á Íslandi. Í tilviki KronKron hljóta að vera hverfandi líkur á að fyrirtækið geti, eftir slíkt reiðarslag, orðið sú víðfleyga skrautfjöður á Hönnunarmars eða Reykjavík Fashion Festival sem til stóð að það yrði og maklegt var. Framtíð þessa frábæra fyrirtækis hlýtur að vera í alvarlegu uppnámi eftir kostnaðarsama réttlætis- og varnarbaráttu fyrir dómstólum – sem engu skilaði nema enn verri skaða og óvæntri sneypu. Fyrirhuguð þátttaka fyrirtækisins og eigenda þess í framtíðarþróun og markaðssetningu íslenskrar hönnunar og tísku hefur verið teflt í dapurlega tvísýnu, algjörlega að ófyrirsynju.

Mikil eftirsjá yrði að jafn glæsilegu fyrirtæki og KronKron úr miðborginni. Ekki síður af akri hinna skapandi greina þar sem íslensk tískuhönnun hefur um árabil leikið veigamikið hlutverk í markaðssetningu og ímyndarsköpun Íslands.

**➜ Viljum við gera Ísland að alþjóðlegu skúrkaskjóli með blessun íslenskra dómstóla í bak og fyrir?**

# Rekstrarform í heilsugæslu

HEILBRIGÐISMÁL



**Oddur Steinarsson**
framkvæmdastjóri lækninga Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Nokkuð hefur verið skrifað undanfarið um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi í heilbrigðisþjónustu. Undirritaður hefur saknað nokkuð faglegs samanburðar og staðreynda í þeirri umfjöllun.

Hvað varðar heilsugæsluna þá vil ég benda á nokkur atriði. Í þeim löndum sem við berum okkur saman við hafa heimilislæknar fengið að starfa mun meira sjálfstætt en á Íslandi. Í nýlegri skýrslu Health Consumer Powerhouse er Holland í efsta sæti í Evrópu hvað varðar gæði heilbrigðisþjónustu. Þar er mjög öflugt kerfi heimilislækna sem fá að starfa sjálfstætt. Noregur er efst Norðurlandanna, eða í 3. sæti þar. Norðmenn innleiddu „Fastlege“-kerfi á landsvísu í heilsugæslunni 2001, en það var vinstri stjórn Stoltenbergs sem innleiddi það kerfi og með því var heimilislæknum leyft að starfa sjálfstætt. Þá vantaði um 1.000 heimilislækna á landsvísu. Það skarð er í dag að mestu fyllt.

**➜ Eftir kerfisbreytingarnar í Svíþjóð hefur heimilislæknum verið að fjölga …**

### Góður árangur

Í Svíþjóð var innleitt breytt kerfi í heilsugæslunni á árunum 2007-2009, en það var gert eftir að horft var til fyrirmynda meðal annars frá Danmörku og Noregi. Þetta kerfi byggist á valfrelsi einstaklingsins þar sem heilsugæslur sinna ákveðnum svæðum, en skjólstæðingarnir geta valið hvert þeir sækja þjónustuna og fjármagnið fylgir með. Hvað varðar árangur af þessu þá hafa stóru háskólarnir gert greiningar og niðurstaðan er sú að árangurinn sé almennt góður.

Jafnframt gefa aðrar stofnanir reglulega út greiningar á árangri. Karolinska Institutet hefur reglulega birt skýrslur um árangur í Stokkhólmi. Þar jukust læknisheimsóknir í heilsugæslunni um 28% á árunum 2006-2009 og heildarkostnaður jókst um 2,8% á sama tíma. Árið 2006 voru það íbúar á svæðum með háar meðaltekjur sem voru með flestar heimsóknir, en 2009 voru það íbúar á svæðum með lágar meðaltekjur sem voru með flestar heimsóknir til heimilislækna. Í Gautaborg og nágrenni jukust læknisheimsóknir um nærri 15% í heilsugæslunni og kostnaðurinn þar hefur verið undir þessari aukningu líkt og í Stokkhólmi. Við kerfisbreytingarnar í Svíþjóð fjölgaði heilsugæslum um 223 og eru nú um 1.200 á landsvísu. Sænska ríkisendurskoðunin birti í haust skýrslu þar sem vissir þættir kerfisins voru gagnrýndir, en sú skýrsla hefur verið umdeild og verklagi við hana mótmælt harðlega af til dæmis VG region (Gautaborg og nágrenni), sem gerði athugasemdir um að notuð hefðu verið röng viðmið.

Eftir kerfisbreytingarnar í Svíþjóð hefur heimilislæknum verið að fjölga og ásókn í heimilislækningar aukist mjög. Þar fengu um 300 læknar sérfræðileyfi í heimilislækningum árið 2009, en 603 árið 2013. Í Gautaborg og nágrenni voru sérnámslæknar í heimilislækningum 173 í ársbyrjun 2009, en hafði fjölgað í 350 á miðju ári 2013. Til samanburðar útskrifuðust 8 með sérfræðileyfi í heimilislækningum á tveggja ára tímabili 2013-2014 á Íslandi, eða um fjórir á ári (Svíar eru um 30 sinnum fleiri en við, þannig að ef við fylgdum þeim þá ættu um 10-20 að útskrifast á ári). Á sama tíma var meðalaldur sérfræðinga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins 55 ár í haust og aðeins 27% undir 50 ára aldri. Jafnframt var birt viðhorfskönnun læknanema til sérgreina í Læknablaðinu nú í febrúar sl., en þar höfðu aðeins 10 læknanemar af 205 sem svöruðu mestan áhuga á heimilislækningum.

Að ofangreindu er ljóst að við stöndum frammi fyrir verulegum vanda í heilsugæslunni á Íslandi. Fyrirmyndir að breytingum eru til staðar á Norðurlöndunum. Það er mikilvægt að skoða það sem vel hefur verið gert þar og heimfæra til þess að byggja upp öfluga heilsugæslu á Íslandi. Jafnframt er mikilvægt að umræðan sé fagleg og byggist á staðreyndum því að íslensk heilsugæsla glímir við áratuga uppsafnaðan vanda og verulega undirmönnun lækna.

# Rautt sem hjarta

HEILBRIGÐISMÁL



**Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir**
lyf- og hjartalæknir

Um þessar mundir eru nokkrar byggingar í höfuðborginni baðaðar rauðu ljósi. Tilefnið er átakið „GoRed for Women“ eða „klæðumst rauðu fyrir konur“. Átakinu er ætlað að vekja athygli á þeirri staðreynd að enn í dag eru hjarta- og æðasjúkdómar algengasta dánarorsök kvenna hér á landi sem og í flestum iðnríkjum heims. Nýleg rannsókn sýndi að 55 ára gamall Hollendingur hefur óháð kyni 67% líkur á hjarta- og æðasjúkdómi áður en ævin er öll. Ríflega 50 lönd um allan heim eru aðilar að GoRed-átakinu. Hér á landi eru það Hjartavernd, Hjartaheill, Heilaheill og fagfélag hjartahjúkrunarfræðinga sem standa að verkefninu.

Nú kann margur að spyrja hvort í þessu landi jafnréttis kynjanna, og með því öfluga heilbrigðiskerfi sem við eigum, sé nokkur þörf á átaki til að minna sérstaklega á hjarta- og æðasjúkdóma kvenna? Svarið er já: Enn lifir ímyndin um að hinn dæmigerði hjartsjúklingur sé miðaldra karl, fremur en t.d. eldri kona. Rannsóknir sýna að stór hluti kvenna vanmetur líkurnar á þessum sjúkdómum og óttast fremur að veikjast af krabbameini. Því hefur jafnvel brugðið við að heilbrigðisstarfsmenn séu síður vakandi fyrir hjartasjúkdómum hjá konum en körlum.

### Efla rannsóknir

Hlutfall kvenna í rannsóknum á einkennum og meðferð hjarta- og æðasjúkdóma er á bilinu 0-60%, en í langflestum tilfellum hefur einungis fjórðungur þátttakenda verið konur, oft vegna inntökuskilyrða sem hafa útilokað þátttöku kvenna. Vitað er að konur hafa smærri æðar og hjörtu en karlar og að viðbrögðin við lyfjum og áreiti eru ekki að öllu leyti sambærileg. Einnig móta kyn og félagsleg staða einkenni og líkurnar á því að leita sér hjálpar. Því er ekki æskilegt að heimfæra allar rannsóknarniðurstöður sem gerðar eru á körlum yfir á konur. Af þessum sökum er eitt af markmiðum GoRed for women að efla rannsóknir á meðferð hjarta- og æðasjúkdóma kvenna.

**➜ Rannsóknir sýna að stór hluti kvenna vanmetur líkurnar á þessum sjúkdómum.**

Þegar rætt er um hjarta- og æðasjúkdóma kemur kransæðasjúkdómur fyrst upp í hugann, enda algengasti og kannski dramatískasti sjúkdómurinn. Það má þó ekki gleyma öðrum sjúkdómum eins og heilablóðföllum, hjartabilun, hjartsláttartruflunum og lokusjúkdómum sem oft draga verulega úr lífsgæðum fólks. Með góðum lífsvenjum má t.d. draga verulega úr líkunum á kransæðasjúkdómi, heilablóðfalli og háþrýstingi. Er þá mikilvægast að huga að reglubundinni hreyfingu, hollu mataræði, tóbaksbindindi, hóflegri notkun áfengis og að halda sér í kjörþyngd. Líkt og í öðrum Evrópulöndum hefur átt sér stað jákvæð þróun á síðustu árum, með færri tilfellum kransæðasjúkdóms hjá báðum kynjum og má rekja það til hagstæðari áhættuþátta hjá þjóðinni. Betur má þó ef duga skal. Því viljum við hvetja allar konur til að velta fyrir sér hvar þær eru staddar, hvernig þeirra áhættu er háttað og leita sér aðstoðar ef þörf er á. Því býðst konum í tilefni GoRed-átaksins að sækja fræðslu og áhættuþáttaskimun í húsnæði Hjartaheilla á kvennadaginn.

# Gjöf í Rótarýsjóðinn er góð gjöf

SAMFÉLAG



**Birna Bjarnadóttir**
formaður stjórnar Rótarýsjóðsins á Íslandi og félagi í Rótarýklúbbnum Borgir í Kópavogi

Tæplega tólf hundruð félagar bæði konur og karlar eru í Rótarýhreyfingunni á Íslandi í um 30 klúbbum um allt land. Þessi hópur hefur nú ákveðið að vekja athygli á starfi hreyfingarinnar með virkri kynningu í fjölmiðlum og á mannamótum. Samkvæmt könnunum hafa 40% aðspurðra aldrei heyrt minnst á Rótarý og aðeins 20% þekkja eitthvað til Rótarý en geta ekki sagt hvað það er annað en að félagarnir hittast einu sinni í viku til að borða saman. En Rótarý er svo miklu meira en matur, fundahöld og fræðsluerindi.

Rótarýsjóðurinn er kjarninn í starfi Rótarý. Rótarýsjóðurinn er byggður upp með framlögum Rótarýfélaga, einstaklinga, sjóða og fyrirtækja. Hann er einn stærsti sjóður í heiminum í eigu félagasamtaka sem leggur áherslu á að láta gott af sér leiða. Hann hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu fyrir ábyrga meðferð fjár sem veitt er til verkefna sem unnin eru af Rótarýfélögum.

Um áratugaskeið hefur Rótarýsjóðurinn veitt ungu fólki tækifæri til að ferðast til framandi landa til að dvelja um lengri eða skemmri tíma við nám á vegum sjóðsins og í nánu sambandi við Rótarýfélaga í viðkomandi löndum. Íslenskir Rótarýfélagar hafa einnig tekið á móti fjölda erlendra skiptinema til ársdvalar á heimilum sínum og til náms í framhaldsskólum landsins.

Fleiri íslenskir umsækjendur hafa hlotið Rótarýstyrki til náms í friðarfræðum við erlenda háskóla en umsækjendur frá nokkru öðru landi. Allir hafa þeir sýnt afburðaárangur og verið ötulir boðberar friðar í heiminum í kjölfarið.

### Góðar gjafir

Um árabil hefur Rótarý lagt áherslu á útrýmingu mænuveiki og er Pólíó Plús-verkefni hreyfingarinnar unnið í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og Unicef. Á undanförnum árum hefur sjóður Melindu og Bill Gates einnig lagt Rótarýsjóðnum lið með því að leggja tvöfalda þá upphæð sem Rótarý safnar til þessa verkefnis, að því gefnu að Rótarýhreyfingin nái að safna ákveðinni upphæð.

**➜ Hann er einn stærsti sjóður í heiminum í eigu félagasamtaka sem leggur áherslu á að láta gott af sér leiða.**

Mænuveiki er landlæg í Afganistan og Pakistan auk Nígeríu en í þessum löndum hefur reynst erfitt að ná til barna til bólusetningar. Á síðustu misserum hafa komið upp mænuveikitilfelli í fleiri löndum í Asíu en einnig í Evrópulöndum. Rótarýhreyfingin hefur því ákveðið að halda áfram að gefa fé til baráttunnar að útrýma mænuveiki fyrir 2018. Eitt af markmiðum Rótarýhreyfingarinnar á Íslandi á þessu ári er að allir félagar gefi í Rótarýsjóðinn. Gjöf í Rótarýsjóðinn til stuðnings ungu fólki til náms, til útrýmingar mænuveiki og til samfélagsverkefna heima sem heiman mun gera okkur kleift að láta áfram gott af okkur leiða.




HTH
INNRÉTTINGAR

# Þú átt leik!



- Eldhúsinnréttingar
- Baðinnréttingar
- Þvottahúsinnréttingar
- Fataskápar

**HTH** er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um allan heim.

Við teiknum tillögur að nýju draumaeldhúsi, og gerum þér frábært tilboð.

Komið í Ormsson í Lágmúla 8 og kynnist því nýjasta í innréttingum frá **HTH** og því heitasta í **AEG** heimilistækjum. **Þú átt leik.**

**20% afsláttur
af hágæða AEG
eldhústækjum
með kaupum á
HTH innréttingum.**



**Opið mánudaga - föstudaga kl. 10 - 18
og á laugardögum kl. 11 - 15.**

ORMSSON
www.ormsson.is

Lágmúla 8 • Reykjavík • 2. hæð
símar 530 2818 / 530 2819 / 530 2820 / 530 2821

# Arnarhóll of fjarri miðbæ

**Bókafundur Sagnfræðingafélags og Sögufélags verður í nýjum húsakynnum Reykjavíkur-Akademíunnar að Þórunnartúni 2 í kvöld. Ævisögur og Reykjavík er umræðuefnið.**

„Það er árlegur viðburður hjá okkur sagnfræðingum að setjast niður þegar jólabókaflóðinu hefur slotað og ræða nokkrar vel valdar bækur um liðna tíð,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur um bókafund sem haldinn er í kvöld í Þórunnartúni 2. Annars vegar verður ævisöguþema. „Við völdum bók Gísla Pálssonar um Hans Jónatan og ættarsögudrama Helgu Guðrúnar Johnson, Saga þeirra, saga mín. Höfundarnir stóðu báðir frammi fyrir ögrandi vandamálum,“ segir Guðni Th.

Hins vegar verður fjallað um Reykjavík, meðal annars þá sýn á borgarsöguna sem birtist í bókinni Reykjavík sem ekki varð eftir Önnu Dröfn Ágústsdóttur og Guðna Valberg. „Við fáum þar sterkt á tilfinninguna hvað uppbygging er mikið happa- og glappadæmi,“ segir Guðni Th. „Alþingishúsið er meðal annars þar sem það er núna af því Arnarhóll þótti of langt frá miðbænum og landshöfðinginn þurfti hólinn sem beitiland.“

Í bók Eggerts Þórs Bernharðssonar heitins, Sveitin í sálinni, koma líka sjónarmið fram sem þykja undarleg nú að sögn Guðna Th. „Árið 1947 var sagt að Langholtshverfið og Vogarnir yrðu aldrei hluti af Reykjavík, það væri of fjarlægt. Dæmi um hvað menn sjá stutt fram í framtíðina.“ Allir eru velkomnir á fundinn sem hefst klukkan 20. Aðgangur er ókeypis. gun@frettabladid.is



**SAGNFRÆÐINGURINN** „Við ákváðum að vera með tvenns konar þema í kvöld,“ segir Guðni Th.

---

✝



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**HERMANN KRISTBERG SIGURJÓNSSON**
**vélstjóri, frá Norður-Bár,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, þann 10. febrúar. Útför hans fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 21. febrúar kl. 13.00.

**Linda Hermannsdóttir** — **Þór Geirsson**
**Guðný Jóna Þórsdóttir** — **Sigurður Samúelsson**
**Hermann Geir Þórsson** — **Freydís Bjarnadóttir**
**Þóra Lind Þórsdóttir** — **Ingólfur Jónsson**
**og langafabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

**MARÍA BRYNJÓLFSDÓTTIR**
**Engimýri 8, Akureyri,**

lést mánudaginn 2. febrúar á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Brynjólfur Jónsson**
**Jóhanna Jónsdóttir**
**Jón Brynjar Kristjánsson** — **Júlíana Ingimarsdóttir**
**Samúel Ingi Jónsson**
**Linda Hafdal** — **Axel Einar Viðarsson**
**Tinna Dís Hafdal Axelsdóttir, Brynja Dís Hafdal Axelsdóttir**

---

✝



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HERMANN KRISTINSSON**
**Hávegi 9, Kópavogi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 15. febrúar sl. Jarðsungið verður frá Digraneskirkju miðvikudaginn 25. febrúar kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar.

**Sigurlín Hermannsdóttir** — **Ingólfur Sigurjónsson**
**Rúnar Þór Hermannsson**
**Kristbjörg Hermannsdóttir**
**Ásta S. Karlsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURJÓN HELGASON**
**Árskógum 8,**

lést fimmtudaginn 12. febrúar. Útför hans fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 20. febrúar nk. kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélag Íslands.

**Íris Svala Jóhannsdóttir**
**Helga Sigurjónsdóttir** — **Eggert Sigurðsson**
**Sigrún Sigurjónsdóttir** — **Stefán Örn Guðjónsson**
**Björn Sigurjónsson**
**Elín Eygló Sigurjónsdóttir** — **Ragnar Berg Gíslason**
**Bryndís Sigurjónsdóttir** — **Sigurður L. Viggósson**
**Svala Sigurjónsdóttir** — **Einar Örn Steinarsson**
**Anna Lóa Sigurjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**EINAR RAGNARSSON**
**tannlæknir, Lækjarási 11,**

lést 14. febrúar síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 25. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin.

**Gerður Pálsdóttir**
**Kristín Gígja Einarsdóttir** — **Þorsteinn Sverrisson**
**Sigrún Elva Einarsdóttir** — **Ari Pétur Wendel**
**Þorgerður Arna Einarsdóttir** — **Óttar Örn Helgason**
**Einar Páll Einarsson**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR Ó. GUÐMUNDSDÓTTIR**
**fyrrverandi hjúkrunarforstjóri,**

sem lést miðvikudaginn 11. febrúar verður jarðsett frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 21. febrúar kl. 13.00.

**Þóroddur Þórarinsson**
**Guðm. Helgi Þórarinsson** — **María Hlíðberg Óskarsdóttir**
**Kristján Theodórsson** — **Pála María Árnadóttir**
**Soffía Theodórsdóttir** — **Sveinbjörn Sveinbjörnsson**
**Hálfdán Theodórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GYLFI HELGASON**
**Hellisbraut 2, Reykhólum,**

lést föstudaginn 6. febrúar. Minningarathöfn fer fram frá Friðrikskapellu á Hlíðarenda föstudaginn 20. febrúar kl. 14.00. Útförin fer fram frá Reykhólakirkju laugardaginn 21. febrúar kl.14.00.

**Ósk Jóhanna Guðmundsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGÓLFUR HELGASON**
**Kirkjulundi 8, Garðabæ,**

lést laugardaginn 14. febrúar á hjúkrunarheimilinu Ísafold. Útförin fer fram frá Garðakirkju í dag fimmtudaginn 19. febrúar kl. 15.00.

**Jóhanna Ingólfsdóttir**
**Helgi Ingólfsson** — **Kristín V. Gísladóttir**
**Þuríður Ingólfsdóttir** — **Pálmi Kristmannsson**
**Ingólfur Agnar Ingólfsson**
**Sjöfn Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Hjartans þakkir færum við þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SALÓME MARGRÉTAR GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Skúlagötu 20, Reykjavík, áður Blikanesi 1, Garðabæ.**

**Grétar Guðmundur Steinsson**
**Örn Bárður Jónsson** — **Bjarnfríður Jóhannsdóttir**
**Friðrik Ragnar Jónsson** — **Kesara Anamthawat Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Alúðarþakkir færum við þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkæru eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGRÚNAR THEÓDÓRSDÓTTUR**
**Hraunvangi 1, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á B2 í Hrafnistu, Hafnarfirði, fyrir einstaka umönnun á liðnum árum.

**Birgir H. Erlendsson**
**Arndís Birgisdóttir** — **Kristján Haraldsson**
**Erlendur Þ. Birgisson**
**Hallur Birgisson** — **Kristín Dóra Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**FJÓLA EDILONSDÓTTIR**
**Skólastíg 14a, Stykkishólmi,**

lést mánudaginn 16. febrúar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 21. febrúar kl. 15.00.

**Jón Benediktsson** — **Margrét Annie Guðbergsdóttir**
**Elín Edda Benediktsdóttir** — **Ómar Ingólfsson**
**Guðrún Benediktsdóttir** — **Baldvin Indriðason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ERLA LÝÐSSON HJALTADÓTTIR**
**Eir, hjúkrunarheimili, áður Brekkugerði 19, Reykjavík,**

lést laugardaginn 14. febrúar.

**Hjalti E. Þorvarðarson** — **Erna Ó. Eyjólfsdóttir**
**Örn Þ. Þorvarðarson** — **Karitas K. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur maðurinn minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**HAUKUR HAUKSSON**
**Jörundarholti 128, Akranesi,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness þann 6. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Arína Guðmundsdóttir**
**Sigrún Hauksdóttir** — **Sigurður Már Sturluson**
**Þórður Þ. Þórðarson** — **Þórhildur Halldórsdóttir**
**Anna S. Þórðardóttir** — **Albert Arnarson**
**Þórey D. Þórðardóttir** — **Einar G. Einarsson**
**Rut K. Hinriksdóttir** — **Gunnlaugur Pálmason**
**Andrés Þ. Hinriksson** — **Sif Gunnlaugsdóttir**
**og barnabörn.**



## HATTAHEFÐ

**Þá hefð Englendinga að bera hatta við hátíðleg tilefni má rekja aftur til tíma Elísabetar I. Englandsdrottningar. Árið 1571 var sett lagaákvæði um að allir yfir sjö ára aldri yrðu að vera með hatt á sunnudögum.**

# EFLIR ENDURNÝJUN HÚÐARINNAR

**AUTOMAX KYNNIR** *SnailGel-húðvörulína dr. Organic er unnin úr slími snigla. Uppbyggjandi áhrif þess á húðina uppgötvuðu sniglabændur þegar skrámur á höndum þeirra greru óvenju hratt og vel þegar þeir handléku sniglanna.*

Húðin tekur við sér um leið og SnailGel er borið á. Þetta er ekki bara eitthvert krem, þetta er meira. Framleiðandinn fullyrðir að eftir fjögurra vikna notkun sýnist húðin sex árum yngri,“ segir Svala Rún Sigurðardóttir hjá Automax.

SnailGel er náttúruleg vara, unnin úr slími sem sniglar framleiða til að endurnýja kuðung sinn. Uppbyggjandi áhrif þess á húðina uppgötvuðu sniglabændur í Síle, er þeir tóku eftir því að sár og skrámur á höndum þeirra greru óvenju hratt við meðhöndlun sniglanna.

Slím sniglanna hafði verið rannsakað í meira en áratug áður en dr. Organic þróaði húðvörulínuna SnailGel. Nú samanstendur línan af kremi, handáburði, andlitsserum og augnserum en vörurnar komu á markaðinn fyrir tveimur árum í Bretlandi.

„Það finnst á áferð og ilmi dr. Organic varanna hvað þær eru náttúrulegar en aloe vera er undirstaðan í öllum vörum dr. Organic,“ segir Svala. „SnailGel sló algjörlega í gegn og á síðasta ári varð 700% söluaukning í Bretlandi. Stjörnur eins og Katie Holmes nota SnailGel og í fyrravetur var SnailGel-línan valin „Uppáhald viðskiptavina“ hjá Holland&Barret, en vörulínan fæst eingöngu þar í Bretlandi. SnailGel kom á markaðinn hér á Íslandi í nóvember í fyrra og viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum. SnailGel er ein af okkar mest seldu vörum í Heilsuhúsinu,“ segir Svala.

Hugmyndafræði dr. Organic gengur út á að það sem borið er á líkamann sé eins náttúrulegt og lífrænt og það sem við látum ofan í okkur. Þannig megi tryggja heilbrigði og vellíðan.

Allar vörur dr. Organic eru unnar úr náttúrulegum afurðum, svo sem aloe vera, hunangi, bývaxi og ólífuolíu og á náttúrulegan hátt og við gerð SnailGel er sniglunum ekki fargað heldur eru þeir látnir skríða eftir glerplötu og slímið sem þeir skilja eftir sig skafið upp og nýtt.

Nánari upplýsingar um SnailGel er að finna á drorganic.co.uk. Dr. Organic er einnig á Facebook.



**NÁTTÚRULEGT** SnailGel er náttúruleg vara, unnin úr slími sem sniglar framleiða til að endurnýja kuðung sinn. Kremið er afar rakagefandi og mýkjandi og er öflgt á hrukkur og ör.

- SnailGel inniheldur slím snigla, aloe vera og sítrónugras.
- Virku efnin í SnailGel er náttúrulegt collagen og elastin,
- SnailGel er án parabena og annarra aukaefna.
- SnailGel er bakteríudrepandi og hentar vel á bólótta húð.
- Öflugt á hrukkur og ör.
- Rakagefandi og mýkjandi.
- Húðin sýnist sex árum yngri eftir fjögurra vikna notkun.

**FÆST Í HEILSUHÚSINU**



**HEFUR SLEGIÐ Í GEGN** „SnailGel er ekki bara eitthvert krem, þetta er meira. Framleiðandinn fullyrðir að eftir fjögurra vikna notkun sýnist húðin sex árum yngri,“ segir Svala Rún Sigurðardóttir hjá Automax. Stjörnur eins og leikkonan Katie Holmes nota SnailGel. MYND/GVA






















# HRÍFST AF ANDSTÆÐUM

**SKER SIG ÚR** *Naglasérfræðingurinn Catherine Cote hefur tileinkað sér afgerandi stíl sem hún kallar RainbowGoth. Hún er frá frönskumælandi hluta Kanada en flutti hingað til lands árið 2012. Hún hefur þakið stóran hluta líkamans með teiknimynda-húðflúri og er hvergi nærri hætt.*

Catherine Cote sker sig úr hvar sem hún kemur. Blaðamaður lagði fyrir hana nokkrar spurningar um stílinn og húðflúrið.

**HVERNIG MYNDIR ÞÚ LÝSA ÞÍNUM STÍL?**
„Ég hrífst af viktoríönskum Goth-stíl á sama tíma og ég elska allt sem er krúttlegt, neonlitað og glitrandi. Ég hrífst af þessum miklu andstæðum. Síbreytilegir og skærir hárlitir eru jafnframt einkennandi fyrir minn stíl en nýlega ákvað ég þó að lita hárið alveg svart. Þegar ég sakna litanna set ég í mig litríkar hárlengingar. Þegar ég fer út á lífið er ég yfirleitt í öllu svörtu en nota ýkta og skærlita förðun og fylgihluti."

**ÁTTU ÞÉR EINHVERJAR TÍSKUFYRIRMYNDIR?**
„Ég er mjög hrifin af eistnesku söngkonunni Kerli. Hún fer sínar eigin leiðir og sést oft í neonlitum. Þá er ég hrifin af Amy Doan, stofnanda Sugerpill Cosmetics, en hún er alltaf í krúttlegum kawaii-fötum með mjög dramatíska förðun."

**HVERNIG MYNDIR ÞÚ LÝSA HÚÐFLÚRUNUM ÞÍNUM?**
„Flest þeirra tilheyra svokölluðum NewSchool-stíl en hann er í mestu uppáhaldi. Teiknimyndafígúrur og litagleði eru þar í aðalhlutverki. Oliver Julliand hjá Glamort Tattoo í Montreal í Kanada á heiðurinn af megninu af þeim. Ég gjörsamlega elska allt sem hann gerir. Hann skilur mig fullkomlega og teiknar nákvæmlega eftir mínum óskum. Hver húðflúrmeistari hefur sinn stíl og sína styrkleika og ég er mjög ánægð með að hafa fundið Oliver. Ég legg það hiklaust á mig að fljúga til Kanada til að geta farið til hans."

**HVENÆR FÉKKSTU ÞÉR ÞITT FYRSTA HÚÐFLÚR?**
„Ég byrjaði í raun frekar seint eða í kringum tvítugt. Þá fékk ég mér bara einfalt húðflúr á úlnliðinn. Ég byrjaði í götun aðeins fyrr eða í kringum 17 ára aldurinn. Eftir fyrsta húðflúrið fór ég beint yfir í að gera ermi og nú er ég að láta húðflúra bakið í stíl. Það er þó verk í vinnslu enda bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Ég ætlaði mér alltaf að fá mér húðflúr en vildi bíða þangað til ég væri komin með mótaðar hugmyndir og góðan húðflúrmeistara. Fyrir mér eru húðflúr ákveðin tegund af list og ég nýt þess að bæta fleirum í safnið. Ég kann vel að meta litríka húð."

**HVERT ER PLANIÐ? ÆTLAR ÞÚ AÐ FÁ ÞÉR FLEIRI HÚÐFLÚR?**
„Að sjálfsögðu. Um leið og þú færð þér eitt viltu fleiri. Þegar þú færð þér fleiri viltu enn fleiri. Planið er að vinstri hlið líkamans verði litríka hliðin en sú hægri dökk. Í framtíðinni ætla ég því að láta gera aðra ermi. Hún á að vera með raunsærri myndum og miklu fleiri smáatriðum í svörtum og gráum tónum. Ég hafði líka hugsað mér að láta húðflúra allan vinstri fótinn. Ég er þegar komin með allar hugmyndirnar en þar sem þetta er stórt og mikið verkefni mun það taka langan tíma. Þetta er heldur engin keppni. Mér finnst fínt að taka eitt fyrir í einu og fyrst þarf ég að klára bakið."

Catherine rekur naglastúdíóið Rainbow-nails. Hún sérhæfir sig í gelnöglum og gerir allt frá einföldum lítið skreyttum nöglum yfir í ýktar Disney-skotnar neglur með steinum og öðru skrauti. Hún handmálar öll smáatriði og er útkoman ólík því sem almennt þekkist. „Ég lærði á naglastofu í Montreal sem leggur áherslu á mjög ýktar neglur. Þar lærði ég mjög skapandi vinnubrögð og býð nú Íslendingum að njóta þess."

■ vera@365.is





**ÝKT** Catherine gerir allt frá einföldum lítið skreyttum nöglum yfir í ýktar Disney-skotnar neglur með steinum og öðru skrauti. Sjá nánar á Facebook undir Rainbow nails. MYNDIR/STEFÁN



**RÉTT AÐ BYRJA** Catherine ætlar að láta fylla upp í teikningarnar á bakinu með lit. Svo ætlar hún að láta gera ermi á hægri hendina og húðflúra allan vinstri fótinn.

# Febrúarsprengja

# 20-40% afsláttur

## af öllum vörum*











COSMO

Kringlunni

*nema af fermingarkjólum












**UPPÁHALDS** Peysan er í uppáhaldi hjá Helenu þessa stundina en hún getur notað hana bæði við gallabuxur og leggings. MYND/GVA

**Í UPPÁHALDI**

„Uppáhaldshönnuðirnir eru bresku hönnuðirnir Georgina Chapman og Keren Craig hjá Marchesa. Kjólarnir þeirra eru margir alveg svakalegir. Líbanski hönnuðurinn Elie Saab er líka í uppáhaldi.“

# BUFFALO-SKÓRNIR VORU TÍSKUSLYS

**TÍMALAUS STÍLL** *Helena Hallgrímsdóttir reynir yfirleitt að vera skynsöm þegar kemur að fatakaupum. Hún er veik fyrir naglalakki og síðum peysum.*

Helena Hallgrímsdóttir kjólaklæðskeri gerði bestu kaupin fyrir nokkrum árum þegar hún keypti sér sumarkápu í Dior 50‘s stíl. „Ég hef notað hana mikið og geri enn. Ég var einmitt að kaupa lit til að lita hana, hún er orðin óttalega sjúskuð greyið en ég fæ það ómögulega af mér að losa mig við hana.“ Helena var að opna verslunina Gjána ásamt Sigrúnu vinkonu sinni, sem hannar undir merkinu núrgiS en Helena hannar undir merkinu Helena kjólaklæðskeri. Í Gjánni selja þær eigin vörur og einnig vörur eftir aðra íslenska hönnuði.

**Ertu meðvituð um eigin klæðaburð?** Já, óneitanlega. Ég fylgist vel með tísku, bæði vegna eigin áhuga og starfsins. Á hverjum tíma höfðar sumt til mín og annað ekki, eins og ég held að eigi við um flesta.

**Hefurðu lengi pælt í tískunni?** Já, alveg síðan ég var unglingur, þá keypti ég mér fyrst tískublöð og fór að fylgjast betur með en áður.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég er mjög mikið í gallabuxum, þægilegum bol eða léttri peysu og oft í stórri, síðri peysu yfir.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Ég reyni alltaf að vera í kjól sem ég hef saumað á mig þegar ég fer eitthvað fínt. Annars hefur alveg komið fyrir að ég fari í einhvern fínan topp og jakka við svartar gallabuxur og hælaskó.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Hann er kannski dálítið tímalaus, ég er hrifin af vel sniðnum og þægilegum fötum sem eru bæði falleg og praktísk.

**Hvernig lýsir þú hönnun þinni?** Hún er stílhrein og fremur fíngerð. Ég reyni að gera vandaðan og sígildan fatnað sem ætti að geta hentað konum á öllum aldri.

**Hefurðu lengi verið að hanna föt?** Ég byrjaði á því fyrir alvöru árið 2009 þegar ég var nýútskrifuð sem kjólaklæðskeri og hef gert síðan. Annars var ég alveg farin að leika mér að því sem unglingur, farin að prófa mig áfram með eitt og annað á saumavélina hennar mömmu.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég reyni að sauma mikið á mig en annars versla ég talsvert á ferðalögum erlendis. Ég á ekki eina uppáhaldsverslun frekar en aðra, fötin mín koma úr öllum mögulegum áttum.

**Eyðir þú miklu í föt?** Ég reyni að vera skynsöm þegar kemur að fatakaupum svo það veltur dálítið á því hvernig fjárráðin eru. En stundum er ég auðvitað óskynsöm.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Í augnablikinu er það grá, munstruð, síð peysa sem ég saumaði um daginn. Ég get notað hana við gallabuxur og leggings. Ég get líka notað hana á tvo vegu, bæði stutta og síða.

**Uppáhaldshönnuður?** Bresku hönnuðirnir Georgina Chapman og Keren Craig hjá Marchesa. Kjólarnir þeirra eru margir alveg svakalegir. Líbanski hönnuðurinn Elie Saab er líka í uppáhaldi.

**Hefur þú lent í tískuslysi?** Voru buffalo-skórnir ekki tískuslys? Þá hef ég lent í því.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir vorið?** Mig vantar nýjan kjól til að nota hversdags og líka einhvern léttan sumarjakka.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Síðar og kósí peysur, kaupi þær alltaf þegar ég er í útlöndum. Og naglalökk, ég keypti fimm í síðustu ferð.

**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Aðallega hringa og hálsmen. Svo nota ég oft armbönd þegar ég vil vera fín.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Enga eina sérstaka, nei.

**Kjóll, pils eða buxur?** Buxur, en kjóll við sparitilefni.

**Stutt eða sítt?** Sítt.

**Háir hælar eða flatbotna?** Mig langar að segja milliháir hælar, er alltaf í skóm með smá hæl.


Nýtt
kortatímabil!
Zik Zak er 14 ára og býður
í RISA afmælisveislu!
Dagana 19–22. feb
Allt að
70%
afsláttur af völdum nýjum vörum!
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
JAKKI
ÁÐUR 21.990
NÚ 4.990
42-56
SKOKKUR
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
S-XL
KJÓLL
ÁÐUR 12.990
NÚ 4.990
42-56
PEYSA
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
38-50
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
S-XL
MUSSA
ÁÐUR 6.990
NÚ 2.990
S-XL
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 2.990
S-XL
TÚNIKA
ÁÐUR 12.990
NÚ 4.990
42-56
BOLUR
ÁÐUR 9.990
NÚ 4.990
Ein stærð
BOLUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 1.990
S-XL
LEGGINGS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
36-56
BOLUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 2.990
Ein stærð
PEYSA
ÁÐUR 11.990
NÚ 2.990
S-XXXL
Fyrstu 30 sem versla
fá veglegan kaupauka!
- 30% aukaafslátt af öllu sem verslað er
- Leggings eða hlýrabol úr nýrri Zik Zak línu
- Fallegt armband frá Zik Zak
- Gómsæta Corny heilsustöng og ferskt EXTRA tyggjó
OPNUM KL 09:00 í dag!
Opið til kl 22
Skoðaðu fleiri tilboð á www.Facebook.com/zikzakkringlan
Hægt er að panta í síma: 551-1314
1. hæð Kringlunnar

# KJÖTIÐ KVATT

**GLEÐI Í RÍÓ** *Dillandi bossar í sambasveiflu liðu um götur Ríó de Janeiro í Brasilíu á árlegri kjötkveðjuhátíð þar í borg. Búningar dansaranna voru að venju íburðarmiklir, litsterkir með ótæpilegu fjaðraskrauti og glimmeri.*





Kjötkveðjuhátíðin eða karnival er haldin árlega í febrúar á hverju ári. Í Rio de Janeiro er, samkvæmt Heimsmetabók Guinness, haldin stærsta kjötkveðjuhátíð veraldar þar sem um tvær milljónir manna taka þátt á hverjum degi hátíðarinnar. Gestir koma frá öllum heimshornum til þess að fylgjast með litríkri skrúðgöngunni sem farin er á sérstakri breiðgötu við Samódromo-sýningarsvæðið.

Undirbúningur skrúðgöngunnar tekur langan tíma en það eru sambaskólar borgarinnar sem keppa sín á milli um besta sýningaratriðið. Hverjum skóla fylgir mörg þúsund manna sýningarlið og fær hver skóli 90 mínútur til að leika listir sínar.

Kjötkveðjuhátíðin er runnin úr kaþólskum sið. Eins og nafnið ber með sér er verið að kveðja kjötið og marka upphaf löngufóstu sem hefst á öskudag.














**TIL FYRIRMYNDAR** Fyrir utan þá staðreynd að Christy, Liya og Toni eru vel þekktar fyrirsætur hafa þær einnig sýnt samfélagslega ábyrgð með þátttöku í verkefnum sem flest snúa að móðurhlutverkinu og börnum.

# VORHERFERÐ LINDEX

*„Það sem þú gerir segir til um hver þú ert.“ Það eru skilaboðin í vorherferð Lindex með fyrirsætunum Christy Turlington Burns, Liya Kebede og Toni Garrn. Herferðin heitir „#superrolemodel“.*

Lindex-vorherferðin gengur út á fegurðina sem liggur í því sem fólk gerir og í því hvernig það kemur fyrir. Herferðin varpar ljósi á þrjár fallegar konur sem einnig eru þekktar fyrir að láta gott af sér leiða utan tískuheimsins og hafa því fengið nafnbótina „superrolemodel“.

Fyrir utan þá staðreynd að Christy, Liya og Toni eru vel þekktar fyrirsætur hafa þær einnig sýnt samfélagslega ábyrgð með þátttöku í verkefnum sem flest snúa að móðurhlutverkinu og börnum. Þau eru Every Mother Counts (everymothercounts.org), Liya Kebede Foundation (lkfound.org) og Plan International – Because I am a Girl (plan-international.org/girls). Til þess að styðja við þessi samtök mun Lindex selja superrolemodel-bol og rennur allur ágóði af sölunni til ofangreindra samtaka.

„Við höfum valið að vinna með Christy, Liya og Toni vegna þess að við trúum því að andinn sem þær búa yfir og fordæmin sem þær setja muni veita viðskiptavinum okkar innblástur og undirstrika þýðingu fegurðarinnar sem býr með okkur, hið innra sem ytra. Herferðin miðar að því að vekja athygli á því sem við getum öll gert betur, í stóru jafnt sem smáu,“ segir Johan Hallin, markaðsstjóri Lindex.

Lindex, sem leggur mikið upp úr mikilvægi samfélagslegrar ábyrgðar, mun á meðan á þessari herferð stendur, styðja Wateraid (wateraid.org) í gegnum uppákomur í verslunum Lindex og með því að gefa 10% af allri sölu í sérstökum opnunum í kringum herferðina. Wateraid er sjálfstæð alþjóðleg stofnun sem vinnur að því að breyta lífi fólks í gegnum bætt aðgengi að hreinu vatni, hreinlæti og frárennsli í fátækustu ríkjum heims. Wateraid vinnur í 27 löndum um heim allan. Lindex hefur frá 2014 verið samstarfsaðili samtakanna.

# ÚTSÖLULOK

Kjólar – túnikur – stakir jakkar – buxur – blússur – toppar – bolir – yfirhafnir – skór







# KÓSÍKVÖLD

opið til kl. 22

20% afsláttur
af öllum vörum frá DRANELLA

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

# GRUGGVARIR FYRIR HAUSTIÐ

**TÍSKA** *Hinn rauðbrúni varalitur tíunda áratugarins er sannarlega kominn aftur, ef marka má förðun fyrirsætanna á tískuvikunni í New York sem nú stendur yfir. Hvert af öðru stormuðu módelin fram með dumbrauðar og mattar varir í anda gruggdrottningarinnar Courtney Love. Þar fyrir utan var förðunin tiltölulega létt; litað dagkrem sem hleypti freknunum í gegn. Tískuvefirnir fullyrða að rauðbrúnu Dr. Martins-skórnir og varalitur í sama tón verði staðalbúnaður haustsins 2015 og stórar köflóttar kápur sem eiga sér fyrirmynd í flónelskyrtum gruggtímabilsins.*


COURTNEY LOVE


HOUGHTON


HOUGHTON


PHILLIP LIM


DONNA KARAN


PHILLIP LIM




## SUMARKJÓLARNIR LIFA FRAM Á VETUR

*Heitasta tískutrendið fyrir haustið 2015 framlengir líf fleginna sumarkjóla.*

Rúllukragapeysur, kjólar með rúllukraga og þunnir rúllukragabolir eru eitt af því sem spekúlantar segja að „allir verði að eiga“ í skápunum fyrir haustið 2015. Það allra vinsælasta sem kemur okkur sem búum á norðlægum slóðum afar vel er það að klæðast rúllukragabol undir sparikjól. Ermalausir kjólar með djúpu V-hálsmáli, sem ekki væri möguleiki að klæðast utandyra nema rétt yfir hásumarið, verða sérstaklega vinsælir yfir svartar rúllukragapeysur. Þannig öðlast þeir framhaldslíf langt fram á haust og algjör óþarfi verður því að pakka niður hlýrakjólunum eftir sumarið.


MARA HOFFMANÁ
ALTUZARRA
PAPER LONDON




# Lancôme dagar í Lyfju

## 19. – 21. febrúar.

Vertu velkomin á kynninguna og fáðu LÚXUSSTÆRÐ af nýja byltingarkennda MIRACLE CUSION farðanum.

**25%**
**AFSLÁTTUR AF**
**LANCÔME**
**Á KYNNINGUNNI**




Þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 8.900 eða meira færum* við þér snyrtibuddu fulla af spennandi vörum.

**Tilboðið gildir í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi, Smáralind og Laugavegi**

LYFJA
– Lifið heil

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf. Ársreikningar og skattframtöl. S.490 0095 www.accountant.is

## Málarar

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna - Pípulagnir
Raflagnir - Málningavinna
Múrviðgerðir - Flísalagnir
Hellulagnir - Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

NÝTT NÝTT, ný og glæsileg nuddstofa í 101, opið alla daga S.7877481

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**FERMING 2015**
Kjólar, ermar, hárskraut, mikið úrval frábært verð. Kjóll 6.950,- Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18




## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## til sölu

**Bókbandsfyrirtæki til sölu**
**Hefur þjónustað prentsmiðjur í yfir 20 ár.**
**Nánari upplýsingar veitir Ásgeir s: 568 1585 / 663 2585**

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**ER GAMLA SNJÓKEÐJAN Í LAGI?**
Eigum til keðjuviðgerðarefni
- Hlekki
- Króka
- Keðjulása
- Þverbönd
- Krækjur
- Langbönd

VB LANDBÚNAÐUR
Reykjavík: 414-0000
Akureyri: 464-8600
www.VBL.is
Krókháls 5f • 110 Reykjavík /// Baldursnes 2 • 603 Akureyri

Crawler King
**FJARSTÝRÐ MÓDEL Í ÚRVALI.**
Tómstundahúsið
Bíldshöfða 18, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is
Finnið okkur á facebook.

XPRENT - hönnun og merkingar
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
...og margt fleira
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

EYJALIND | DANA | SPICER Off-Highway Products
- Skiptingar
- Öxlar
- Drifsköft
- Varahlutir

Vertu vinur okkar á Facebook
Viðurkenndur söluaðili Dana Spicer - Atvinnutæki
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**VARAHLUTIR**
Ákveðið var að yngja rækilega upp þetta árið í von um að höfða til yngri aldurshópa. Tveir leikarar voru samt aftur í hlutverkum kynna. Upphafsatriðið var í anda Billy Crystal en spjall þeirra Hathaway og Franco tveggja uppi á sviði á meðan á athöfninni stóð þótti heldur stirðbusalegt. Hathaway þótti betri kynnir en Franco, sem vakti eflaust mesta lukku þegar hann mætti í dragi, klæddur sem Marilyn Monroe.



## Ellen DeGeneres (2007)

### Samkynhneigður kynnir

Ráðning DeGeneres markaði tímamót því hún var fyrsta manneskjan sem hafði komið út úr skápnum sem varð kynnir á Óskarnum. Áður hafði hún verið kynnir bæði á Grammy- og Emmy-verðlaunahátíðunum. Grín DeGeneres þótti vel heppnað og náði hún góðum tengslum við stjórnurnar í salnum. Ólíkt Jon Stewart og Chris Rock var grín hennar meinlaust og féll það víðast hvar vel í kramið.



## Billy Crystal (2012)

### Mætti í níunda sinn

Eftir hina misheppnuðu tilraun til að yngja upp frá árinu áður var ákveðið að fara í allt aðra átt. Gleðigjafinn Billy Crystal var fenginn til að halda uppi stemningunni í níunda sinn eftir að gamanleikarinn Eddie Murphy hafði gengið úr skaftinu. Frammistaða Crystals var góð en allt var eftir bókinni. Byrjunaratriði hans var hnyttið, þar sem atriði úr The Help og Bridesmades, komu við sögu.



## Jon Stewart (2008)

### „Sáttakynlíf" á Óskarnum

Stewart var í annað sinn fenginn til að kynna Óskarinn og þótti standa sig vel. Athöfnin var haldin í kjölfar verkfalls handritshöfunda í Hollywood og í opnunaratriðinu lýsti Stewart Óskarshátíðinni sem „sáttakynlífi". Hann gerði grín að ákvörðun Bush-stjórnarinnar um að halda herliði sínu áfram í Írak og grínaðist með fjölhæfni leikkonunnar Cate Blanchett.



## Seth MacFarlane (2013)

### Umdeilt brjóstalag

Maðurinn á bak við þættina Family Guy var fenginn til að kynna í fyrsta sinn. Ást MacFairlanes á gamla stílnum skein í gegn og gagnrýnandi Variety líkti honum við Billy Crystal, bara 25 árum yngri. Frammistaða hans fékk misjöfn viðbrögð. Sumir töluðu um að hann hafi reynt að hneyksla fólk of mikið.



## Hugh Jackman (2009)

### Söng með Beyoncé

Ástralski leikarinn var fenginn til að vera kynnir í fyrsta sinn. Hann byrjaði á söng- og dansatriði til heiðurs þeim tilnefndu, sem var nokkuð í anda þess sem Billy Crystal, margreyndur kynnir, var þekktur fyrir. Hann fékk Anne Hathaway úr áhorfendasalnum til að syngja með sér dúett og plataði einnig Bill Murray til að hefja upp raust sína. Síðar á athöfninni var hann í enn meira söngleikjastuði og tók lagið með Beyoncé Knowles.



## Ellen DeGeneres (2014)

### Pitsa og heimsfræg sjálfsmynd

Eftir sjö ára hlé var Ellen DeGeneres fengin aftur sem kynnir og þótti hún standa sig með prýði. Grínið var í öruggari kantinum og ekkert dans- eða söngatriði var í boði eins og árin á undan. Margir muna eftir því er hún pantaði pitsu fyrir stjörnurnar og enn fleiri þegar hún tók mynd af sér með hópi stjarna, sem varð í kjölfarið sú ljósmynd sem fékk flest endurtíst á Twitter í sögunni. Alls fékk hún rúmlega tvær milljónir endurtísta á meðan á athöfninni stóð.

# DEBENHAMS




Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

LAUGARÁSBÍÓ





| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| FIFTY SHADES OF GREY | 5:25, 8, 10:35 | 16 |
| KINGSMAN | 8, 10:40 | 16 |
| SEVENTH SON | 8 | 12 |
| PADDINGTON ISL TAL | 6 | L |
| HOBBIT 3 3D | 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN





| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| FIFTY SHADES OF GREY VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUPITER ASCENDING 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| THE SPONGEBOB MOVIE ENSKTTAL 2D | KL. 5:50 |
| WILD CARD | KL. 8:30 - 10:40 |
| THE IMITATION GAME | KL. 6 - 8 - 10:40 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 - 10:45 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUPITER ASCENDING 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| WILD CARD | KL. 8 |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 - 10:30 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 5:20 - 10:10 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 6 - 9 - 10:30 |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 - 10:40 |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 8 - 10:40 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| JUPITER ASCENDING 3D | KL. 8 - 10:40 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:40 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ





| SMÁRABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 5 - 8 - 10.40 | 16 |
| FIFTY SHADES OF GREY LÚXUS | KL 5 - 8 | 16 |
| KINGSMAN | KL 8 - 10.45 | 16 |
| KINGSMAN LÚXUS | KL 10.45 | 16 |
| SEVENTH SON | KL 8 | 12 |
| SVAMPUR SVEINSSON 2D | KL 3.30 - 5.45 - ÍSL TAL | L |
| THE WEDDING RINGER | KL 10.20 | 12 |
| PADDINGTON 2D | KL 3.30 - 5.45 - ÍSL TAL | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| FIFTY SHADES OF GREY | KL 8 - 10.40 | 16 |
| BIRDMAN | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| ÓLI PRIK | KL 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL 5.30 - 8 - 10.20 ÍSL TEXTI | L |
| BÉLIER FJÖLSKYLDAN | KL. 5.30 - ENS.TEXTI | L |
| PATTINGTON | KL 5.30 - ÍSL TAL | L |


# Annað slys á tökustað

Tökur standa nú yfir á nýjustu James Bond-myndinni, Spectre, í Solden í Austurríki.

Ökumaður vörubíls sem hlaðinn var myndavélabúnaði missti stjórn á bílnum og hafnaði í nálægri hlöðu. Fregnir herma að að minnsta kosti einn meðlimur tökuliðsins sé alvarlega slasaður.



Einn af þeim sem lentu í slysinu var aðstoðarleikstjórinn Terry Madden sem unnið hefur í öllum Bond-myndum síðan árið 1981 þegar For Your Eyes Only kom út.

Fyrir rúmri viku meiddist leikarinn **Daniel Craig**, sem leikur sjálfan Bond, á hné við tökur á slagsmálaatriði.

Spectre er tuttugasta og fjórða Bond-myndin en tökur fara fram á mörgum stöðum í Evrópu.

# Sælgætisverslun ríkisins

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Eins og lopapeysuklæddur pollabuxnahnakki drapst áfengisfrumvarpið áður en það komast á áfangastað. Við þurfum því ekki aðeins að greiða með verslunarrekstri um allt land heldur þurfum við líka að borga fólki fyrir að ákveða hvaða áfengisumbúðir þykja við hæfi. Frábært. Enginn hefur sloppið lifandi frá lífinu þó ríkið reyni vissulega að passa okkur. En væri ekki hægt að passa okkur aðeins betur?

**RÍKIÐ** gæti til dæmis haldið utan um kvikmyndasýningar. Kvikmyndir eru stórhættulegar eins og fólk hefur til að mynda verið hvatt til að sniðganga 50 Shades of Grey (50 sinnum segðu já) vegna þess að boðskapur hennar þykir ekki bara hættulegur heldur gefur hún kolranga mynd af kvalalosta. Kvikmyndir hafa hingað til gefið fullkomlega raunsæja mynd af samfélaginu (sbr. Space Jam) og með því að bjóða upp á óheftan aðgang að mynd um slæman mann erum við að bjóða hættunni heim.

**BÍLAR** eru líka stórhættulegir – við þurfum því að koma á fót bílasölu ríkisins. Að ríkið annist sölu á bílum hefur fjölmarga kosti í för með sér. Hægt væri að einskorða sölu á bílum við sérstakan ríkisbíl, til dæmis Nissan eða eitthvað, sem myndi á augabragði eyða óþarfa afbrýðisemi í landinu (ég mætti konu á Teslu um daginn og gat hvorki borðað né sofið í marga daga).

**SÆLGÆTI** er líka að drepa okkur öll. Látum ríkið annast sölu á því. Sælgætisverslun ríkisins gæti til dæmis sett kvóta á sælgætisneyslu þjóðarinnar. Fyrir mann eins og mig sem verður gjörsamlega andsetinn á laugardögum og er tilbúinn að fórna lífi sínu á súkkulaðihjúpuðu altari Nóa Síríusar væri gott að fá bara einhvers konar vikulega úthlutun. Hvað á ég að þurfa að spóla í gegnum marga poka af Kúlusúkki áður en ríkisstjórnin grípur í taumana?

**LOKS** þarf að koma í veg fyrir að fólk trufli störf alþingismanna með því að senda þeim póst. Internetsía myndi redda því. Þá erum við góð í bili.

# Leitar að ólöglegum dýrum til þess að leika í myndbandi

**Tónlistarkonan dj. flugvél og geimskip er að leita að spennandi dýrum til þess að leika í nýju tónlistarmyndbandi. Á næstunni er væntanleg ný plata þar sem áherslan verður lögð á leyndustu undirdjúp hafsins.**

Tónlistar- og myndlistarkonan Steinunn Harðardóttir, betur þekkt sem dj. flugvél og geimskip, er að leita að framandi og spennandi dýrum til þess að fara með hlutverk í nýju tónlistarmyndandi sem myndlistarkonan Guðlaug Mía Eyþórsdóttir gerir.

„Við erum að leita að framandi dýrum til að fá lánað eitt síðdegi eða svo til þess að leika í nýja myndbandinu. Fólk má hafa samband við okkur og okkur þætti skemmtilegast að fá einhver dýr sem eru ólögleg, einhverjar slöngur eða tarantúlur,“ segir Steinunn og bætir við að fyllsta trúnaðar verði gætt.

Hún gaf á dögunum út myndband við lagið Hjari veraldar sem er eitt af lögunum sem prýðir plötuna Nótt á hafsbotni sem er væntanleg frá tónlistarkonunni.

Viðfangsefni plötunnar er hafsbotninn. „Ég færði mig niður á hafsbotninn, mér fannst það liggja beint við. Ef maður fer alveg niður á dýpsta hafsbotninn þá er hann kolsvartur og dimmur og þar hittir maður fyrir lýsandi fiska og þeir minna svolítið á lýsandi stjörnur í geimnum,“ segir hún en viðfangsefni fyrri plötu hennar, Glamúr í geimnum, var geimurinn sjálfur. „Hafsbotninn er líka ekkert meira kannaður en geimurinn. Þannig að maður getur gefið hugmyndafluginu lausan tauminn.“

Steinunn hélt út fyrir borgarmörkin til þess að vinna plötuna og dvaldi þar ein í gömlu húsi sem að hennar sögn er reimt í. „Ég var þarna ein í viku í dimmasta skammdeginu. Það var mjög mikill snjór og mjög mikill kuldi og alltaf að blása vindur inn,“ segir hún. Vegna umhverfisins var tónninn í plötunni annar en hún lagði upp með. „Ég ætlaði að fara að gera einhverja sumarsmelli en öll lögin urðu drunga- og óhugnanleg af því ég var svo hrædd.“

Steinunn er spennt fyrir því að gefa nýju plötuna út. „Ég er mjög spennt, er byrjuð að laumast til þess að spila eitt og eitt nýtt lag á tónleikum en er að reyna að halda aftur af mér svo ég geti haldið útgáfutónleika og spilað öll lögin.“

Þeir sem eiga spennandi og óvenjuleg gæludýr geta hafa samband við Steinunni í gegnum netfangið geimskip@gmail.com.

gydaloa@frettabladid.is



**HAFSBOTNINN** Ný plata er væntanleg frá Steinunni og er hún núna að leita að spennandi dýrum til þess að hafa í nýju tónlistarmyndbandi. MYND/NANNADÍS

# Bergur Ebbi snýr aftur á svið með Mið-Íslandi

**Bergur Ebbi Benediktsson kemur fram á uppistandi með félögum sínum eftir hlé. Hann lofar nýju efni.**

„Ég hlakka til að koma og vera með uppistand í besta uppistandsklúbbi á Íslandi, Þjóðleikhúskjallaranum, með félögum mínum í Mið-Íslandi,“ segir grínarinn og gleðigjafinn Bergur Ebbi Benediktsson. Hann er kominn heim og heldur uppistand með Mið-Íslandi um helgina en hann er nú búsettur í Kanada þar sem hann stundar nám.

Félagar hans eru himinlifandi yfir að endurheimta félaga sinn. „Við erum búin að fá frábært fólk í stað Bergs á meðan hann hefur verið í Kanada. En við erum ótrúlega ánægðir fá hann heim,“ segir Jóhann Alfreð, einn af meðlimum Mið-Íslands.

Bergur Ebbi ætlar að vera með nýtt efni á uppstandinu. „Ég verð að sjálfsögðu með nýtt efni og það verður að hluta byggt á því hvernig tilfinning það er að kúpla sig út úr íslensku samfélagi og sjá það aðeins utan frá. Ég hef ekki fylgst djúpt með íslenskri umræðu og það er gott. Ég er vonandi með ferskari sýn fyrir vikið,“ útskýrir Bergur Ebbi og hlær.

Hann ætlar að nota reynslu sína frá Kanada til gríns. „Mig langar til dæmis mikið til að fjalla um Vestur-Íslendinga, fjölmenningarsamfélagið og fleira sem er í gangi í Kanada.“

Nýjasta uppistand Mið-Íslands, Lengi lifi Mið-Ísland, fer fram í kvöld og þá verða tvö uppistönd á föstudags- og laugardagskvöld en uppistandið fer fram í Þjóðleikhúskjallaranum.

- glp / kak



**SAMAN Á NÝ** Bergur Ebbi ætlar að grína með félögum sínum um helgina.





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

FYRSTU SÝNINGAR Á STOCKFISH KVIKMYNDAHÁTÍÐ:

A girl walks home alone ........ 22.00
The kidnapping of Michel Houllebeq ........ 22.00
The mafia only kills in summer ........ 22.00




Barnaheill
Save the Children á Íslandi




Lengi lifi
MIÐ-ÍSLAND
„Mið-Ísland er fyndnasta sýningin í borginni í mörg ár.“
Gísli Marteinn Baldursson, sjónvarpsmaður
„Ég kastaðist til af hlátri og skallaði vegg á sýningunni.“
Ágústa Eva Erlendsdóttir, leikkona
Yfir 6000 miðar seldir!!!
Vorum að setja fleiri sýningar í sölu.
19/2 kl. 20 - Lausir miðar • ~~20/2 kl. 20 - Uppselt~~ • ~~20/2 kl.22.30 - Uppselt~~ • ~~21/2 kl. 20 - Uppselt~~
~~21/2 kl. 22.30 - Uppselt~~ • ~~26/2 kl.20 - Uppselt~~ • ~~27/2 kl. 20 - Uppselt~~ • 27/2 kl 22.30 - Lausir miðar
28/2 kl 20 - Lausir miðar • 28/2 kl 22.30 Lausir miðar
ARI ELDJÁRN, BJÖRN BRAGI, DÓRI DNA OG JÓHANN ALFREÐ
Sérstakir gestir Anna Svava, Saga Garðars og Þorsteinn Guðmundsson.
Domino's
THULE
midi.is
Miðasala á midi.is og miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200
2015

## Ellefu bikarúrslitaleikir um helgina

**KÖRFUBOLTI** Það verður mikil körfuboltaveisla í Laugardalshöllinni um komandi helgi en þá fara fram allir bikarúrslitaleikir sambandsins, allt frá meistaraflokkunum báðum niður í 9. flokk karla og kvenna. Þetta eru samtals ellefu bikarúrslitaleikir á 50 klukkutímum, tveir leikir á föstudagskvöldi, fjórir leikir á laugardegi og fimm leikir á sunnudegi.

10. flokkur kvenna ríður á vaðið á föstudagskvöldið en þá verður einnig spilað í stúlknaflokki. 10. flokkur karla og drengjaflokkur spila sitthvorum megin við úrslitaleiki karla og kvenna á laugardeginum og á sunnudaginn spila síðan 9. flokkur karla og kvenna, 11. flokkur karla og unglingaflokkar karla og kvenna. Þetta er í fyrsta sinn sem allir bikarúrslitaleikir körfuboltans fara fram á sama stað og um sömu helgi en undanfarin ár hafa yngri flokkarnir verið á annarri helgi en meistaraflokkarnir.



## Sömu meiðsli felldu Stefán Darra á ný

**HANDBOLTI** Stefán Darri Þórsson spilar líklega ekki meira á tímabilinu með Fram í Olísdeild karla þar sem að hann er með brotið ristarbein og þarf að fara í aðgerð.

Sama bein brotnaði í nóvember en þá var ákveðið að leyfa beininu að gróa án aðgerðar. „Þetta var allt gert í góðu samráði við lækna en svo varð hann fyrir því óláni að stíga vitlaust niður og við það brotnaði beinið aftur,“ sagði Guðlaugur Arnarsson, þjálfari Fram við Fréttablaðið í gær.

Atvikið átti sér stað í fyrri hálfleik í leik gegn HK í vikunni sem Fram tapaði óvænt. Það var aðeins þriðji leikur Stefáns Darra eftir að hann sneri aftur. „Þetta er auðvitað ofboðslega slæmt fyrir hann og verður í raun til þess að hann missir nánast af öllu tímabilinu. Stefán Darri leikur stórt hlutverk með liðinu þegar hann er heill,“ segir þjálfarinn.

Framarar hafa verið í miklu basli með meiðsli í sínum leikmannahópi en þeir Ólafur Ægir Ólafsson, Elías Bóasson og Arnar Freyr Arnarsson hafa allir verið frá í lengri tíma og þá er Arnar Snær Magnússon nýbyrjaður á ný eftir langvarandi meiðsli, sem og Þorri Björn Gunnarsson.

Fram er í áttunda sæti deildarinnar en fram undan er mikil barátta um sæti í úrslitakeppninni. „Stressið fór með okkur gegn HK enda heggur það í sjálfstraustið við það að missa lykilmenn í meiðsli. En við vitum hvað við þurfum að gera og allir eru einbeittir á verkefnið.“ - esá



**STEFÁN DARRI** Verður líklega ekki meira með í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SKORAÐI AFTUR** Cristiano Ronaldo batt enda á þrigga leikja „markaþurrð“ er hann skoraði fyrra mark sinna manna í Real Madrid í 2-0 sigri á Schalke í Meistaradeild Evrópu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ÚRSLIT

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**16-LIÐA ÚRSLIT, FYRRI LEIKIR**

**SCHALKE - REAL MADRID 0-2**
0-1 Cristiano Ronaldo (26.), 0-2 Marcelo (79.)

**BASEL - PORTO 1-1**
1-0 Derlis Gonzalez (11.), 1-1 Danilo, víti (79.)

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

## Twitter-máli vísað frá

**HANDBOLTI** Aganefnd HSÍ klofnaði í afstöðu sinni til máls Agnars Smára Jónssonar, leikmanns ÍBV, vegna ummæla hans um dómara leiks Stjörnunnar og FH í Olísdeild karla.

Agnar Smári gagnrýndi störf dómaranna í færslu á Twitter-síðu sinni sem hann síðar fjarlægði og baðst afsökunar á. Fram kom í úrskurði nefndarinnar að aganefnd harmaði ummælin en að hún teldi sér ekki fært að úrskurða í málinu þar sem hann var ekki þátttakandi í leiknum.

Einn nefndarmaður vildi að málið yrði tekið til efnislegrar meðferðar en meirihlutinn vísaði því frá. - esá

# Gömlu liðsfélagarnir safna fyrir nýrri tönn Unnar Láru

**Unnur Lára Ásgeirsdóttir missti tönn í leik með Blikum. ÍSÍ-tryggingin nær ekki yfir slíkt og því stóð hún ein uppi með 600 þúsund króna reikning. Blikar ætla að hjálpa henni með sölubás í Kolaportinu um helgina.**

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Breiðabliks stendur saman þrátt fyrir mótlæti innan sem utan vallar. Á því leikur enginn vafi lengur eftir að liðið ætlar að sameinast um það að safna fyrir tönn fyrrverandi liðsfélaga síns.

Unnur Lára Ásgeirsdóttir þurfti að fara til tannlæknis í miðjum leik í desember þegar tönn brotnaði hjá henni. Þegar á hólminn var komið kom í ljós að engar tryggingar borguðu tannlæknakostnaðinn og Unnur Lára stóð því uppi með risa reikning.

Unnur Lára stóð sig vel með Blikum fyrir áramót en hún var með 10,5 stig og 8,5 fráköst að meðaltali á 26,1 mínútu í leik. Þetta reyndist vera síðasti leikur hennar fyrir Breiðablik en hún er flutt norður á Akureyri.

### Tönnin brotnaði niður í rót

„Það kemur í ljós að hún er ekki tryggð því ÍSÍ-tryggingin nær ekki til slysa á tönnum. Tönnin brotnar alveg niður í rót og hún þarf bara nýja tönn og skrúfu. Þetta er komið upp í 600 þúsund kall hjá henni. Hún var að koma úr námi og er nýbyrjuð að vinna á leikskóla. Þetta er svo stór biti,“ segir Andri. „Hún ræddi við stjórnina og athugaði hvort deildin hér eða félagið myndi eitthvað taka þátt í þessu. Það fór hér upp í aðalstjórn og inn á bæjarskrifstofu. Það var enginn peningur í kassanum hjá körfuboltadeildinni en aðalástæðan fyrir því að hún fékk ekkert var að þetta gæti gefið fordæmi og þá líka skuldbundið félagið aftur í tímann,“ segir Andri.

„Okkur í liðinu fannst þetta vera skelfilegt og við vildum ekki að hún væri ein með þetta. Við ákváðum því að gera eitthvað,“ sagði Andri Þór en þetta varð jafnframt að vera óöfundsvirt söfnun en „allar“ hinar hjá liðinu.

„Ástæðan fyrir því að við gerum þetta er að við erum alltaf að selja klósettpappír og herja á okkar nærumhverfi. Þessi hugmynd snerist um að sækja peninga eitthvað út fyrir ömmu og afa og mömmu og pabba,“ segir Andri í léttum tón.





**MISSIR FYRIR BLIKA** Unnur Lára Ásgeirsdóttir sést hér til vinstri í leik með Breiðabliki í Dominos-deildinni í körfubolta í vetur og á myndinni til hægri talar Andri Þór Kristinsson, þjálfari Blika, við Unni Láru í leik á móti KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Sótti reiðhjól í geymsluna

Blikakonur ætla að vera með bás í Kolaþorpinu um helgina og selja muni til styrktar Unni Láru.

„Ég fór bara í geymsluna hjá mér og ætla að selja reiðhjól og eitthvert dót. Stelpurnar tína fram einhver föt og þó svo að deildin treysti sér ekki í þetta þá er fólkið í deildinni til í að leggja hönd á plóg með vinnu eða annars konar framlagi,“ segir Andri og bætir við: „Þetta gerist í leik hjá okkur og við viljum setja vinnu í að byggja upp svona menningu hjá okkur og að þetta sé eitthvað sem einkenni okkar lið. Við stöndum alltaf saman þótt það sér erfitt.“

Breiðabliksliðið er í neðsta sæti Dominos-deildarinnar og þetta hefur ekki verið auðveldur vetur. „Það er búinn að vera ofboðslega mikill mótvindur í vetur og þá ekki bara andstæðingarnir heldur hafa líka verið erfiðar aðstæður hjá deildinni, peningavesen og annað,“ segir Andri.

Unnur Lára yfirgaf Breiðabliksliðið um áramótin en stelpurnar standa enn með henni. „Ég sagði henni að ég ætlaði að peppa stelpurnar upp í fjáröflun og hún var mjög þakklát,“ segir Andri.

Andri vill sjá umræðu í íþróttahreyfingunni um tryggingar á tönnum íþróttafólks landsins. „Ef hreyfingin tæki sig öll saman og léti bjóða út tanntryggingu á íþróttafólkið okkar þá er ég viss um að þetta yrðu bara nokkrir þúsundkallar á ári fyrir hvern klúbb. Þetta eru örfá óhöpp á ári þó að það séu síðan oft háar upphæðir þegar það gerist,“ segir Andri Þór en hver eru markmið helgarinnar?

### Vonar að fólk rati til þeirra

„Ég er ekkert viss um að þátttakan verði æðisleg en ég er búinn að hóta því að mæta heim til fólks, bæði stjórnarmanna og stelpnanna, og taka til í geymslunum ef þau koma ekki með eitthvað. Við sjáum til hvernig þetta gengur og ég er alls ekki vongóður um að við náum upp í þessa tölu. Hvort sem það verður hundrað þúsund eða tvö hundruð þúsund eða minna. Allt hjálpar,“ segir Andri.

„Við merkjum okkur í bak og fyrir en við fengum reyndar engan toppstað. Við vildum vera þessa helgi og ég vona að fólk rati til okkar,“ sagði Andri sem er jafnvel að pæla í því að láta Blikakópinn lóðsa gesti inn á básinn.

ooj@frettabladid.is

# Bakdyrnar í Meistaradeildina opnar upp á gátt

**Þrjú ensk lið eru á meðal þeirra 32 sem hefja leik í útsláttarkeppni Evrópudeildarinnar í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Þrjátíu og tveggja liða úrslit Evrópudeildarinnar í fótbolta hefjast í kvöld og er mikið um áhugaverða leiki. Sterk lið í bestu deildum Evrópu eigast við strax á fyrsta stigi útsláttakeppninnar, en þar má nefna viðureignir á borð við: Sevilla - Mönchengladbach, PSV - Zenit, Roma Feyenoord, Celtic - Inter og Wolfsburg - Sporting. Þrjú ensk lið; Liverpool, Everton og Tottenham, eru komin þetta langt og spila í kvöld. Liverpool mætir Besiktas frá Tyrklandi, Tottenham fær Fiorentina í heimsókn og Everton heimsækir Young Boys í Sviss.

Ensku liðin hafa ekki riðið feitum hesti frá Evrópudeildinni, hvort sem þau hafa sýnt henni áhuga eða ekki. Ekki eru mörg ár síðan Harry Redknapp, þáverandi stjóri Tottenham, og Martin O'Neil, þáverandi stjóri Aston Villa, gáfu skít í keppnina og spiluðu á varaliðum í útsláttarkeppninni. Fulham er eina enska liðið sem hefur virkilega reynt að fara alla leið og tekist það, en liðið fór í úrslit árið 2010.

Harry Redknapp talaði þá afar illa um keppnina, sagði hana B-keppni Evrópuboltans og væri bara fyrir af því að spilað væri á fimmtudögum. En nú ber svo við að mikið er undir í Evrópudeildinni. Sigurlaunin eru sæti í Meistaradeildinni, og eru því öll liðin sem hefja leik í kvöld níu leikjum frá ríkidæminu sem fylgir Meistaradeild Evrópu.

Liverpool og Tottenham eru bæði í baráttu um Meistaradeildarsæti á Englandi en þykja ekki líkleg til afreka þar að mati flestra sérfræðinga. Því er liðunum ekkert til fyrirstöðu að reyna að fara alla leið í Evrópudeildinni og lauma sér bakdyramegin inn um dyrnar í Meistaradeildina sem standa opnar upp á gátt.

„Við ætlum að fara eins langt og við getum,“ segir Mauricio Pochettino, knattspyrnustjóri Tottenham. „Leikurinn gegn Fiorentina verður áhugaverður. Ég ber mikla virðingu fyrir ítalska boltanum. Hann hefur farið upp og niður undanfarin ár og upplifir nú sína verstu tíma. Engu að síður er Sería A góð deild og Fiorentina spilar góðan fótbolta.“

Brendan Rodgers, knattspyrnustjóri Liverpool, sér gullpottinn við enda Evrópudeildarregnbogans og ætlar sér alla leið í keppnina.

„Við ætlum að standa okkur vel í þessari keppni,“ sagði hann á blaðamannafundi í gær. „Okkur langar að vinna bikar til að sýna hversu langt við erum komnir og þar kemur Evrópudeildin sterk inn. Þetta er keppni sem við tökum alvarlega.“ - tom



**BAKLEIÐIN** Liverpool getur komist í Meistaradeildina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gates®

G-Force CVT Reimar

# Snjósleðareimar

SNOW TECH MAGAZINE

**Blaðagrein úr Snow Tech Magazine September 2014**

Tim Lessard (Grip'n Rip Racing) og Chad Dow renndu sér á G-Force-reimum á Iron Dog-keppnissleðunum sínum í Alaska síðasta vetur og fannst Gates-reimarnar mun stöðugri en reimar frá snjósleðaframleiðandanum.

Gates-reimarnar héldu sama hámarks snúningshraða við allar aðstæður, jafnt á þröngum slóðum sem og á fullri ferð um lengri vegalengdir yfir vötn.

Drifreim frá snjósleðaframleiðanda hitnaði og hámarks snúningshraðinn breyttist þar sem Gates-reimin hélt sínu striki.

Þá fannst þeim Gates-reimin ögn hraðari og að hún missti síður niður hraða við að hitna heldur en reim frá sleðaframleiðanda.






**Fæst í verslun okkar að Bíldshöfða 10, 110 Reykjavík og Draupnisgötu 1, 600 Akureyri**

100 Gates 1911 2011 POWERING PROGRESS.™

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.15
**Eldhúsið hans Eyþórs**



Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu á sinn einstaka hátt. Í hverjum þætti af Eldhúsinu hans Eyþórs tekur hann fyrir vinsæl hráefni og töfrar fram úr þeim dýrindismáltíðir sem allir geta leikið eftir.



### Restaurant Startup
**STÖÐ 2 KL. 20.40** Skemmtilegur og spennandi raunveruleikaþáttur í umsjón hins harða og eitursvala Joe Bastianich og veitingahúsaeigandans Tim Love. Í hverjum þætti velja þeir á milli tveggja hópa þátttakenda. Hvort lið fyrir sig þarf að móta hugmynd að nýju veitingahúsi.



### The Tonight Show
**SKJÁR EINN KL. 22.50** Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir hinum geysivinsæla The Tonight Show. Leikkonan Sigourney Weaver er gestur Jimmys í kvöld ásamt Andy Cohen, metsöluhöfundi og spjallþáttastjórnanda. Ella Henderson söngkona sér um tónlistina.



### Broadchurch
**STÖÐ 2 KL. 23.40** Önnur þáttaröðin af þessum magnþrungnu spennuþáttum þar sem fylgst er með störfum rannsóknarlögreglufulltrúanna Alecs Hardy og Ellie Miller en í byrjun tökum við upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðustu þáttaröð. Margt kemur á óvart þegar ný gögn koma í ljós í Sandbrook-málinu.

### X977 kl. 07.00
**Morgunþátturinn Ómar**



Ómar vaknar með þér með gott rokk í morgunsárið.




BYLGJAN 989


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Wonder Years
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Make Me A Millionaire Inventor
**11.45** Cougar Town
**12.05** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** Fever Pitch
**14.45** The O.C
**15.30** Impractical Jokers
**15.55** iCarly
**16.20** Hundagengið
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.50** Marry Me
**20.15** Eldhúsið hans Eyþórs
**20.40** Restaurant Startup
**21.25** The Mentalist
**22.10** The Blacklist
**22.55** Person of Interest
**23.40** Broadchurch
**00.30** Banshee
**01.20** NCIS. New Orleans
**02.05** Louie
**02.25** Immortals
**04.10** Barnatími Stöðvar 2
**05.40** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Meistarad. - Meistaramörk
**07.30** Meistarad. - Meistaramörk
**08.00** Meistarad. - Meistaramörk
**09.55** Blackburn - Stoke
**11.35** Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur
**12.00** Schalke - Real Madrid
**13.40** Basel - Porto
**15.20** Meistarad. - Meistaramörk
**15.50** Fjölnir - Stjarnan
**17.25** Samantekt og spjall
**17.55** Young Boys - Everton BEINT
**20.00** Liverpool - Besiktas BEINT
**22.05** Samantekt og spjall
**22.35** UFC Unleashed 2014
**23.20** Ensku bikarmörkin 2015
**23.50** Tottenham - Fiorentina
**01.30** Liverpool - Besiktas

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.40** WBA - Swansea
**13.25** Southampton - West Ham
**15.10** Premier League Review
**16.05** Football League Show
**16.35** Chelsea - Everton
**18.15** Liverpool - Tottenham
**20.00** Premier League World
**20.30** Bolton - Watford
**22.10** Man. Utd. - Burnley
**23.55** Stoke - Man. City
**01.40** Premier League World

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasýn

## STÖÐ 3

**19.15** Community
**19.35** Last Man Standing
**20.00** American Idol
**20.45** Hot in Cleveland
**21.10** Supernatural
**21.55** True Blood
**22.50** Constantine
**00.20** Community
**00.40** Last Man Standing
**01.05** American Idol
**01.50** Hot in Cleveland
**02.10** Supernatural
**02.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Ljóti andarunginn og ég **07.47** Tommi og Jenni **07.53** Sumardalsmyllan **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Hvellur keppnisbíll **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Lína langsokkur **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Strumparnir **11.25** Ljóti andarunginn og ég **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Sumardalsmyllan **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Hvellur keppnisbíll **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Lína langsokkur **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Strumparnir **15.25** Ljóti andarunginn og ég **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Sumardalsmyllan **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Hvellurkeppnisbíll **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.22** Lína langsokkur **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Artúr **20.40** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.45** Friends
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**19.55** Two and a Half Men
**20.20** 1600 Penn
**20.45** Ally McBeal uleg.
**21.30** Vice
**22.00** Game of Thrones
**22.55** It's Always Sunny In Philadelphia
**23.15** Prime Suspect 3
**01.00** 1600 Penn
**01.25** Ally McBeal
**02.05** Vice
**02.35** Game of Thrones
**03.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**09.30** LOL
**11.05** 42
**13.10** Contact
**15.40** LOL
**17.20** 42
**19.30** Contact
**22.00** Kites
**23.35** The Infidel
**01.20** Attack the Block
**02.50** Kites

## HRINGBRAUT

**11.00** Mannamál **11.30** Heimsljós **12.00** Mannamál **12.30** Heimsljós **13.00** Mannamál **13.30** Heimsljós **14.00** Mannamál **14.30** Heimsljós **17.00** Mannamál **17.30** Heimsljós **18.00** Mannamál **18.30** Heimsljós **19.00** Mannamál **19.30** Heimsljós **20.00** Mannamál **20.30** Heimsljós **21.00** Þjóðbraut **22.00** Þjóðbraut **23.00** Þjóðbraut

## RÚV

**16.30** Berlínarsaga
**17.20** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.07** Nína Pataló
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Vísindahorn Ævars
**18.30** Dýralæknaskólinn
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Ferð til fjár
**20.30** Doll og Em
**20.55** Handboltalið Íslands *(Karlalið FH 1984)*
**21.10** Fortitude
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Erfingjarnir
**00.00** Kastljós
**00.25** Fréttir
**00.40** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.40** Cheers
**15.05** Benched
**15.25** Top Chef
**16.15** Vexed
**17.15** Svali & Svavar
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Showt.
**19.10** The Talk
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.10** The Biggest Loser - Ísland
**21.20** Scandal Fjórða þáttaröðin af Scandal er byrjuð með Oliviu Pope *(Kerry Washington)* í fararbroddi. Scandal-þáttaraðirnar eru byggðar á starfi hinnar bandarísku Judy Smith, almannatengslaráðgjafa, sem starfaði meðal annars fyrir Monicu Lewinsky en hún leggur allt í sölurnar til að vernda og fegra ímynd hástéttarinnar í Washington. Vandaðir þættir um spillingu og yfirhylmingu á æðstu stöðum.
**22.05** How To Get Away With Murder
**22.50** The Tonight Show
**23.35** Law & Order
**00.20** Allegiance
**01.05** The Walking Dead
**01.55** Scandal
**02.40** How To Get Away With Murder
**03.25** The Tonight Show
**04.15** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.15** PGA Tour 2015
**13.45** PGA Tour 2015 - Highlight
**14.40** Golfing World 2015
**15.30** Feherty
**16.15** Golfing World 2015
**17.05** 2014 PGA Tour Year in Review e12
**18.00** Inside The PGA Tour 2015
**18.25** Golfing World 2015
**19.15** Inside The PGA Tour 2015
**19.40** PGA Tour 2015
**22.00** PGA Tour 2015

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


MATTI MATT
FRIÐRIK ÓMAR
JÓGVAN HANSEN
RIGG VIÐBURÐIR
TÖFRAR
ON THE AIR
TOM JONES
UMSAGNIR GESTA ERU Á EINN VEG:
"Ég hef aldrei upplifað annað eins kvöld í Reykjavík. Þvílíkt stemning og gleði. Ég mun lifa á þessu kvöldi lengi. Til hamingju Ísland!"
GUNNAR ÁSBJÖRNSSON
Sýningargestur
"Ég vissi alveg að þeir gætu sungið vel en þvílíkir skemmtikraftar sem þessir drengir eru. Gæsahúð, hlátur og svei mér þá ef ég táraðist ekki í nokkrum lögum!"
ATLI SIGURÐSSON
Sýningargestur
Mæli 100% með henni.
Held að þetta sé í fyrsta skipti þegar að sýningu lýkur sem ég segi: "Oh er þetta búið"
LÍSA MARÍA KARLSDÓTTIR
Sýningargestur
"Umgjörðin og fagmennskan var eins og best gerist erlendis. Enn og aftur ná Rigg viðburðir að toppa sig. Þvílík veisla."
SIGRÚN GÍSLADÓTTIR
Sýningargestur
"Þetta var algjörlega ógleymanlegt kvöld! Stemningin í salnum var eins og á landsleik í handbolta og Ísland með yfirhöndina! Hef ekki upplifað svona kvöld í háa herrans tíð!"
GUÐBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR
Sýningargestur
DJARFUR DANS
UPPISTAND OG SÖNGUR
ÁSAMT 11 MANNA HLJÓMSVEIT
SÝNINGAR Í AUSTURBÆ 2015
~~13. FEBRÚAR KL. 20:00 - UPPSELT~~
~~14. FEBRÚAR KL. 20:00 - UPPSELT~~
27. FEBRÚAR KL. 20:00 - LAUS SÆTI
13. MARS KL. 20:00 - LAUS SÆTI
SÝNINGAR Í HOFI-AKUREYRI
20. FEBRÚAR
KL. 20:00 - UPPSELT
KL. 23:00 - LAUS SÆTI
MIÐASALA Á WWW.MENNINGARHUS.IS OG Í SÍMA 450-1000. MIÐAVERÐ 6900.-
18
MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í AUSTURBÆ Í SÍMA 571-5900 MILLI 14-17 ALLA DAGA. MIÐAVERÐ 5990.-
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG BÓKANIR FYRIR HÓPA OG FYRIRTÆKI Í SÍMA 571-5900.
HOF
RÁS 2
AUSTURBÆR
Snorrabraut 37
Coca-Cola
RIGG VIÐBURÐIR
ELTON
midi.is

## FIMMTUDAGSFLÍKIN



**Gagnsæja korselettið sem amma mín gaf mér í jólagjöf hefur mikið tilfinningalegt gildi og er klárlega fimmtudagsflík.**

Unnur Birna Björnsdóttir, söngkona

# Í tónleikaferð með Vance Joy

Hljómsveitin Kaleo er á leið í tónleikaferð um Bandaríkin. Nóg um að vera.

Hljómsveitin Kaleo er á leið í tónleikaferð um Bandaríkin með ástralska tónlistarmanninum Vance Joy, en hann hefur notið gífurlegra vinsælda í heimalandi sínu og víðar.

„Það er mikil tilhlökkun í okkur. Við byrjum í Seattle 9. apríl og endum í Norfolk 11. júní," segir Jökull Júlíusson söngvari og gítarleikari Kaleo.

Sveitin kemur fram ásamt Vance Joy í Portland, Denver, Houston og Chicago en þó hafa ekki allar tónleikadagsetningarnar verið gerðar opinberar.

Vance Joy hefur gert það gott í Ástralíu og átti meðal annars eitt vinsælasta lag ársins 2013 þar í landi, lagið Riptide. Hann gerði samning við Atlantic Records árið 2013 en Kaleo gerði einmitt samning við sama fyrirtæki á síðasta ári. Fyrsta plata Vance Joy, Dream Your Life Away, hefur fengið prýðisdóma víða um heim.

Kaleo er nú stödd í London þar sem hún vinnur hörðum höndum í hljóðveri en hún flýgur vestur um haf í næstu viku. „Við verðum aðallega í Bandaríkjunum á næstunni og verðum til dæmis á South by South West-hátíðinni í mars," bætir Jökull við. Þá kemur sveitin einnig fram í Boston í mars á tónleikum á vegum Taste of Iceland.

**- glp**

> ➜ Kaleo kemur fram ásamt Vance Joy meðal annars í Seattle, Portland, Denver, Houston og Chicago.



**Í TÓNLEIKAFERÐALAG** Hljómsveitin Kaleo hefur verið í London að undanförnu að taka upp en er á leið til Bandaríkjanna í tónleikaferðalag með Vance Joy. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR






**SNÆDÍS SNORRADÓTTIR** „Ég kannast við uppreisn fólks 14 til 16 ára, ég lagði mig alla fram í þeim efnum."



**SESELIA GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR** Hefur ekki fengið athugasemd um skaðleg áhrif geirvörtugötunar.

# Niður í 14 ára stúlkur láta gata geirvörtur

Eigendur götunarstofa finna fyrir fjölgun kvenna sem láta gata á sér geirvörturnar. Keppendur í fitness sækja mikið í slíkar aðgerðir, að sögn eins eigandans.

Mikil aukning hefur orðið á því að stúlkur og ungar konur láti gata á sér geirvörturnar. Eigandi stofu sem sér um slíkar aðgerðir segir að aðsóknin hafi aukist um 100 prósent á síðustu árum og að stúlkur allt niður í fjórtán ára gamlar láti gata á sér geirvörturnar. Hin 28 ára Snædís Snorradóttir lét gata á sér geirvörturnar fyrir þrettán árum og segist sjá eftir því. „Ástæða þess að ég gataði á mér geirvörtuna er beinlínis rekjanleg til uppreisnar gegn foreldrum mínum," segir hún og bætir við: „Ég hugsaði þetta ekki til enda og var ómeðvituð um mögulegar afleiðingar á brjóstagjöf."

### Stelpur og fitness-keppendur

„Þetta er gríðarlega vinsælt hjá ungu stelpunum í dag og við erum að fá stúlkur allt niður í 14 ára inn á stofu til okkar í fylgd með foreldrum," segir Seselia Guðrún Sigurðardóttir, eigandi Tattoo og skart á Hverfisgötu, og bætir við að augljóslega sé um trend að ræða. „Undanfarið ár hefur aðsóknin aukist um 100% og aldur þeirra sem óska eftir þjónustunni verður sífellt lægri," segir Seselia.

„Heilu dagarnir eru bókaðir í geirvörtugötun. Við þekkjum dæmi þess að heilu vinkvennahóparnir eru gataðir og partur af innvígsluferlinu er einmitt að láta gata geirvörtu," útskýrir Seselia. Hún bætir við að konur sem taki þátt í fitness-keppni sé stór hópur viðskiptavina sinna og telur að vinsældir götunar á geirvörtum tengist auknum vinsældum fitness-keppna hér á landi.

### Uppreisn gegn foreldrum

Seselia segist jafnframt fullviss um að stúlkurnar sem sækja í götunina séu í ákveðinni uppreisn gegn foreldrum sínum, sér í lagi þær yngstu. Þetta kemur heim og saman við sögu Snædísar. „Lokkinn var ég með í mér í 2 ár eða þar til það rann upp fyrir mér að þetta væri gersamlega tilgangslaust. Þetta var skraut sem fékk aldrei að njóta sín og gerði ekkert fyrir mig í ástarlífinu. Uppreisnin var sumsé allsráðandi." Snædís segist sjá mikið eftir að hafa gengist undir götunina og bendir á að það sé eitt að vera í uppreisn og annað að sætta sig við orðinn hlut þegar konur þurfa að höndla „að geta ekki gefið barninu ykkar brjóstamjólk út af ákvörðun sem þið tókuð í frekjuеða flippkasti".

**gudrun@frettabladid.is**

> **Við þekkjum dæmi þess að heilu vinkvennahóparnir eru gataðir og partur af innvígsluferlinu er einmitt að láta gata geirvörtu.**
>
> *Seselia Guðrún Sigurðardóttir, eigandi Tattoo og skart á Hverfisgötu*

## Vill að ungar stúlkur hugsi málið til enda

**SNÆDÍS SNORRADÓTTIR** hefur áhyggjur af vaxandi vinsældum götunar og hvetur ungar konur til að velta fyrir sér tilgangi götunar og afleiðingum sem gætu hlotist af.

**BJÖRK TRYGGVADÓTTIR** brjóstagjafarráðgjafi og ljósmóðir, segist ekki mæla með slíkri götun. „Það er svo sem ekkert sem segir að brjóstagjöf muni ganga illa eftir götun, en það er erfitt að útiloka áhrifin og verður hver að meta hvort áhættan sé þess virði," segir Björk og bætir við að helstu áhyggjur þeirra sem hyggjast láta gata geirvörtu ættu að snúast um sýkingarhættuna sem einkennir alla götun.



**SESELIA GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR** eigandi Tattoo og skart, segir hins vegar að slík gagnrýni eigi ekki rétt á sér „Ég hef gatað geirvörtur í tuttugu ár. Ef áhrifin eru einhver ætti heilbrigðiseftirlitið að vera fyrir löngu búið að banka upp á og gera við þetta athugasemd. Það hefur hins vegar ekki ennþá gerst."

> ➜ Brjóstagjafarráðgjafi og ljósmóðir mælir ekki með því að ungar konur láti gata á sér geirvörturnar.




PIPAR\TBWA • SÍA



Omaggio silfur 12,5 cm / Verð 5.990 kr. | Omaggio silfur 20 cm / Verð 10.990 kr. | Omaggio silfur, 30,5 cm / Verð 13.990 kr.

* Þeir sem versla á modern.is geta fengið vörurnar sendar heim gegn vægu gjaldi. Einnig er hægt að sækja vörurnar í verslun Módern, Hlíðasmára 1.

Vasar seldir í forsölu verða afhentir frá og með 8. maí.

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 ▪ LAUGARDAGA KL. 11–16 ▪ HLÍÐASMÁRA 1 ▪ 201 KÓPAVOGUR ▪ 534 7777 ▪ modern.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Eygló fékk viskustykki, veski og dagatal að gjöf

**Eygló Harðardóttir**, félags- og húsnæðismálaráðherra, birti á Facebook-síðu sinni í gær lista yfir gjafir sem henni hafa verið færðar sem ráðherra við hin ýmsu tilefni. Meðal gjafa er slæða, vasi og teikning frá kínverskri sendinefnd, vínflaska og konfektkassi frá rússneska sendiherranum, handmálaður diskur með nafni ráðherra, regnhlíf frá miðjuhópi Norðurlandaráðs, að ógleymdu viskustykki og mörgum dagatölum.



- hkh

### Fjallið glímir fyrir Arnalds

Kraftakappinn **Hafþór Júlíus Björnsson** leikur glímukappa í nýju myndbandi við lag eftir tónlistarmanninn Ólaf Arnalds sem ber titilinn Reminiscence. Þorsteinn Jónsson júdókappi fer einnig með hlutverk í myndbandinu sem Magnús Leifsson leikstýrir og Þorsteinn Magnússon framleiðir. Lagið Reminiscence er á nýrri plötu með Ólafi Arnalds og píanóleikarnum Alice Sara Ott þar sem þau endurútsetja lög eftir pólska tónskáldið Frédéric Chopin. Myndbandið verður frumsýnt á morgun og verður ítarlega fjallað um það á Vísi.



- kak

### Mest lesið vísir

1. Tryggvi Þór: "Af hverju er Kastljós að ýta undir öfgaskoðanir? Hvað næst ISIS?"
2. Könnuðu hverja kjörnir fulltrúar töluðu við í síma
3. Sigurður Einarsson segir að dómsmorð hafi verið framið í Hæstarétti
4. Íslensk ungmenni stjórna sölutorgi með bæði vopn og fíkniefni á Facebook
5. Ung stúlka skilaði sér ekki heim með ferðaþjónustu fatlaðra í dag


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið


